SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Flugeldasalan hefst í dag

áramót

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

VINNUVÉLAR

Götunum haldið greiðfærum

Sérblað um vinnuvélar

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. desember 2007 — 352. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Léttur undirbúningur

Edda Andrésdóttir er 55 ára í dag. Hún lítur á afmælið sem léttan undirbúning fyrir sextugsafmælið.

TÍMAMÓT 26

Tarantino lentur

Kumpánarnir Quentin Tarantino og Eli Roth hyggjast verja áramótunum hér á landi.

FÓLK 42

Sverre á leiðinni heim

Sverre Andreas Jakobsson er á leið heim og stefnir á að spila handbolta á Íslandi.

ÍÞRÓTTIR 38

SIRKUS

Skemmtanastjórinn við Lágmúla

Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, farsímavæddi landann á sínum tíma.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

VEÐRIÐ Í DAG



FROST Í dag verður fremur hæg norðlæg átt. Stöku él norðan til og austan, annars hálf- eða léttskýjað. Frost 3-12 stig, kaldast til landsins.

VEÐUR 4



Allir sjúklingar fái einbýli með snyrtingu

Vinnu við frumáætlun á nýju húsnæði og deiliskipulagi Landspítalans er lokið. Húsnæðisvandi spítalans nú er mikill. „Gríðarlega jákvæðar breytingar," segir Ingólfur Þórisson verkefnisstjóri. Skýrslu verður skilað í lok febrúar.

HEILBRIGÐISMÁL Vinnu við frumáætlun á nýju húsnæði Landspítalans er lokið. Verið er að ganga frá lokaskýrslu áætlunarinnar og verður henni skilað í lok febrúar eins og áætlað var.

Ingólfur Þórisson, verkefnisstjóri hins nýja spítala, segir að um jákvæðar breytingar sé að ræða. „Á legudeild verða einstaklingsherbergi með sérsnyrtingu," segir hann.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá eru þrengsli á deildum Landspítalans mikil. Margir sjúklingar liggja saman á stofu og í þeim deildum sem búa við hvað þrengstan kostinn þurfa sjúklingar jafnvel að liggja á göngum.

„Þannig verður aðstaðan ekki á nýju sjúkrahúsi. Einbýli verða í forgangi, lögð hefur verið áhersla á að hugsa stofnunina út frá sjónarhóli sjúklinganna," segir Ingólfur. Hann tekur fram að frumáætlunin lúti að þarfagreiningu og deiliskipulagi lóðarinnar og enn eigi eftir að útfæra arkitektúr byggingarinnar. Það eru ráðgjafar danska arkitektafyrirtækisins CF Møller sem vinna að gerð þarfagreiningarinnar og tillagnanna að deiliskipulagi. Áætlað er að fyrsta áfanga nýrrar byggingar verði lokið árið 2013 til 2014.

Það er þó ljóst að vandamál Landspítalans eru ærin á mörgum stöðum vegna þrengsla. „Það er enginn vafi í mínum huga að spítalinn býr á sumum deildum við húsnæðisvanda, eins og margar aðrar heilbrigðistofnanir," segir Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra.

Guðlaugur segist vilja líta á aðstöðu sjúkrastofnana út frá stærra samhengi. Því hafi hann stofnað nefnd sem hefur það hlutverk að styrkja eftirlit með uppbyggingu fasteigna heilbrigðisstofnana og starfar undir stjórn Ingu Jónu Þórðardóttur. „Ef litið er á aðstöðu sjúkrastofnana á landinu í heild tel ég að í því geti falist tækifæri, því verðmæti geta legið í eignum sem hægt er að losa um og byggja upp ný úrræði í staðinn," segir Guðlaugur.

- kdk

HARMI SLEGNIR Stuðningsmenn Benazir Bhutto syrgðu leiðtoga sinn á spítalanum þar sem hún lést í gær. Lík Bhutto var í gærkvöldi flutt til Larkana, heimabæjar hennar. NORDICPHOTOS / AFP

Pakistanska þjóðin í uppnámi eftir morðið á Benazir Bhutto:

Sorglegt fyrir allan heiminn

PAKISTAN „Þetta er ekki bara sorglegt fyrir okkur heldur fyrir allan heiminn," segir Sheikh Aamir Uz-Zaman, pakistanskur eigandi veitingahússins Shalimar í Austurstræti í Reykjavík, um morðið á pakistanska stjórnarandstöðuleiðtoganum Benazir Bhutto í gær.

Bhutto var á leið af kosningafundi þegar hún var ráðin af dögum í skot- og sjálfsmorðssprengjuárás. Að minnsta kosti fimmtán aðrir létust í tilræðinu, sem hefur valdið mikilli ólgu í landinu. Böndin bárust strax að íslömskum öfgamönnum.

Pervez Musharraf, forseti Pakistans, fordæmdi ódæðið strax og hvatti til stillingar. Þjóðarleiðtogar um heim allan fordæmdu tilræðið einnig og sendu þjóðinni samúðarkveðjur, þeirra á meðal forsetar Bandaríkjanna og Indlands.

„Morðið á Benazir Bhutto er hörmuleg áminning um fórnirnar sem einatt eru færðar þegar reynt er að festa lýðræði í sessi," segir í tilkynningu frá forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni.

- sh / sjá síðu 6

SIGURMYNDIN Myndin var tekin seint í maí við Reykjanesvita og lét Olgeir ljósop vélarinnar liggja opið í hálfa mínútu.

Íslenskur ljósmyndari:

Reykjanes á Times Square

LISTIR Mynd frá Reykjanesinu eftir áhugaljósmyndarann Olgeir Andrésson var í gær valin mynd dagsins á stóra ljósaskiltinu á Times Square í New York í Bandaríkjunum.

Myndin var því sýnd á fimm mínútna fresti á þessum fræga og fjölfarna stað. Einnig komst hún í almanak Times Square Gallery, sem skoða má á netinu.

„Ég sendi myndina fyrir um mánuði og var búinn að steingleyma því að ég hefði sent hana," segir Olgeir um þennan heiður.

Þess má geta að öðrum íslenskum áhugaljósmyndara, Guðrúnu Gísladóttur, hlotnaðist þessi sami heiður í október.

- kóþ

Mikið vatnstjón á Akureyri:

Vatn og hiti skemmdu hús

AKUREYRI Mikið vatnstjón varð í íbúðarhúsi við Brekkugötu á Akureyri í gær þegar heitt vatn lak um allar hæðir hússins.

Húsið er að sögn varðstjóra lögreglunnar stórskemmt enda auðséð að vatnið hefur lekið um húsið í einhverja daga og hitinn verið gríðarlegur.

Er húsið byggt árið 1923, úr steini og timbri og telur kjallara, hæð og ris. Kom lekinn upp í risinu og lak vatnið þaðan á aðrar hæðir hússins.

Eini íbúi hússins var ekki heima þegar lekinn kom upp.

- ovd

Leikið sjónvarpsefni:

Stefnir í metár

SJÓNVARP Níu handrit að leiknum sjónvarpsþáttum fengu styrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands en það er helmingsfjölgun frá undanförnum árum. Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar, segir þetta glöggt merki um að mikill uppgangur sé í framleiðslu leikins efnis fyrir sjónvarp.

Að sögn Laufeyjar hefur sjónvarpssjóðurinn hækkað töluvert sem gerir Kvikmyndamiðstöðinni kleift að taka þátt í gerð leikinna þáttaraða í enn meira mæli. „Og hann mun halda áfram að hækka töluvert til ársins 2010 þannig að þetta er bara rétt að byrja," segir Laufey.

- fgg / sjá síðu 42

SPURNING DAGSINS

Jóhann, var Hamborgarinn hryggur um jólin?

„Hann var allavega ekki í neinni sæluvímu."

Þjóðverji á sextugsaldri var handtekinn við komuna frá Hamborg á laugardag með rúmlega 23.000 töflur af alsælu í fórum sínum. Hann sat í varðhaldi yfir hátíðirnar. Jóhann R. Benediktsson er lögreglustjóri á Suðurnesjum.

E-töflusmyglið sem komst upp fyrir jól var ekki skipulagt af hinum handtekna:

Þjóðverjinn nær örugglega burðardýr

LÖGREGLUMÁL Nær öruggt má telja að Þjóðverjinn sem tekinn var með rúmlega 23 þúsund e-töflur í Leifsstöð fyrir jól hafi einungis verið burðardýr. Hann hafi flutt efnin inn fyrir einhverja búsetta hérlendis.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var maðurinn afar óásjálegur og illa til reika við komuna til Keflavíkurflugvallar á laugardagskvöld. Hann mun vera undirmálsmaður í þjóðfélaginu og fyrrverandi heróínfíkill.

Að sögn Sveins Andra Sveinssonar, lögmanns hans, ber hann því við að hafa flutt efnin inn fyrir innlenda aðila sem hann segist ekki kunna deili á. Algengt sé að sá háttur sé hafður á, að endanlegur viðtakandi og sá sem kemur með efnin til landsins hafi aldrei talast við eða hist.

Sveinn Andri segir skjólstæðing sinn ætla að una gæsluvarðhaldsúrskurðinum sem hann hlaut til 14. janúar.

LEIFSSTÖÐ Maðurinn var óásjálegur og illa til reika við komuna á Keflavíkurflugvöll.

Töflurnar 23 þúsund eru næstmesta magn e-taflna sem lagt hefur verið hald á hérlendis, og annar stóri skammturinn af efninu sem tekinn er í ár. Í skútu í Fáskrúðsfjarðarhöfn fundust í haust 1.700 e-töflur og 14 kíló af e-töfludufti, sem dugað hefðu til framleiðslu á um 140 þúsund töflum. - sh

Kinnbeinsbraut lögreglumann:

Farbann vegna líkamsárásar

LÖGREGLUMÁL Karlmaður af litháískum uppruna hefur verið úrskurðaður í farbann fram í miðjan janúar eftir að hann réðst á lögreglumann og stórslasaði hann.

Það var á Þorláksmessukvöld að maðurinn, sem var ölvaður, hafði verið handtekinn á Hverfisgötunni fyrir eignaspjöll. Hann réðst á lögreglumanninn með þeim afleiðingum að hinn síðarnefndi kinnbeinsbrotnaði. Hann þurfti að gangast undir aðgerð á Landspítalanum vegna áverkans. Árásarmaðurinn hefur dvalið hér á landi í rúmt hálft ár. Hann á að baki sakarferil hér vegna þjófnaðarmála og líkamsmeiðinga. - jss

Bjarni Ármannsson fjárfestir:

Kaupir fyrir 970 milljónir í GPH

VIÐSKIPTI **Skrifað hefur verið undir samkomulag um kaup Bjarna Ármannssonar, fyrrum forstjóra Glitnis, á 12 prósenta eignarhlut í Glitnir Property Holding (GPH), fyrir 970 milljónir króna.**

BJARNI ÁRMANNSSON

Í tilkynningu Glitnis um kaupin kemur fram að þau séu háð samþykki stjórnar GPH og annarra eigenda félagsins. GPH er fasteignafélag sem starfar á norræna fasteignamarkaðinum. Gangi salan eftir nemur hagnaður Glitnis 300 milljónum króna, en til viðbótar færist til tekna 1,5 milljarða króna söluhagnaður vegna tilfærslu eftirstandandi eignarhlutar út úr samstæðu bankans. Þar sem eign bankans í félaginu fer niður fyrir 50 prósent verður GPH eftirleiðis flokkað sem hlutdeildarfélag Glitnis en ekki dótturfélag. - óká

Samstarf SÁÁ og Reykjavíkur:

Aukin þjónusta við áfengissjúka

HEILBRIGÐISMÁL Samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ) var undirritaður í gær af Degi B. Eggertssyni, borgarstjóra og Þórarni Tyrfingssyni, formanni SÁÁ.

Markmið samningsins er meðal annars að auka forvarnastarf, bæta þjónustu við áfengis- og vímuefnasjúklinga og efla tengsl meðferðaraðila og velferðarþjónustu.

Þá styrkir Reykjavíkurborg SÁÁ um samtals 55 milljónir króna á næstu þremur árum. - ovd

Bankarán í Danmörku:

Sluppu með 330 milljónir

DANMÖRK **Fjórir grímuklæddir menn rændu peningamiðlun Den Danske Bank í Brabandhverfi í Árósum í Danmörku í gær.**

Ræningjarnir óku Toyota Hilux bifreið í gegnum girðingu sem umlykur bankann og tæmdu því næst peninga úr peningaflutningabíl sem þar stóð. Þá flúðu ræningjarnir á öðrum bíl sem svo fannst mannlaus í tíu kílómetra fjarlægð frá ránsstað.

Er ránið það næststærsta sem framið hefur verið í Danmörku en ræningjarnir komust á brott með 26,7 milljónir danskra króna sem reiknast til tæplega 330 milljóna íslenskra króna. - ovd

Þrír af fjórtán handteknum í fangelsi

Af fjórtán meintum skipulögðum glæpamönnum sem handteknir voru í október fyrir búðarhnupl, voru fjórir dæmdir í tveggja til tíu mánaða fangelsi, þar af einn skilorðsbundið. Málskostnaður mun meiri en hugsanlegt fjártjón glæpanna.

LÖGREGLUMÁL Þrír af þeim fjórtán Litháum, sem handteknir voru fyrir búðarhnupl í október, hafa verið dæmdir til fangelsisvistar. Einn fékk tveggja mánaða skilorðsbundinn dóm. Ákærur voru gefnar út á hendur sex mannanna. Tveir þeirra voru sýknaðir með öllu.

Þyngsti dómurinn var tíu mánuðir en sá sem fékk hann hafði rofið eldri skilorðsbundinn dóm. Annar maður var dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi og sá þriðji í átta mánaða fangelsi, þar af voru sex mánuðir skilorðsbundnir.

Þriggja vikna gæsluvarðhald dregst frá refsingu þeirra allra.

Litháarnir fjórtán voru handteknir í október og níu þeirra máttu sitja í gæsluvarðhaldi í þrjár vikur, meðan aðrir voru í farbanni. Fólkið var grunað um skipulagða glæpastarfsemi. Sex voru síðan ákærð í nóvember í þremur ákærum fyrir hylmingu, þjófnað og vörslu þýfis.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var rannsókn málsins umfangsmikil og kostnaðarsöm. Lögreglan hafi talið sig hafa rökstuddan grun um að fólkið tengdist 21 broti en það var síðan ákært fyrir örfá brot og ekki fyrir skipulagða glæpastarfsemi.

Öllum skaðabótakröfum verslana var vísað frá dómi.

Þegar Litháarnir fjórtán voru upphaflega fangelsaðir var haft eftir lögreglu að þeir væru grunaðir um að hafa komið til Íslands gagngert til að ræna. Einnig var talað um tengsl við „litháíska mafíu" í fjölmiðlum og að um „atvinnuþjófa" hefði verið að ræða.

Fyrir utan rannsóknar- og gæsluvarðhaldskostnað skal ríkissjóður greiða verjendum

Á LEIÐ Í FANGELSI Minnst tíu voru handteknir vegna málsins að ósekju, eða án þess að nægileg sönnunargögn væru fyrir hendi. Málskostnaður var mun meiri en hugsanlegt tjón af þjófnaðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

SEX ÁKÆRÐIR

Af þeim fjórtán sem handteknir voru og sátu í gæsluvarðhaldi eða sættu farbanni voru ákærur gefnar út á hendur sex mönnum.

- Einn þeirra hlaut tíu mánaða fangelsisdóm. Eldra skilorð var dæmt upp í.
- Annar hlaut fjögurra mánaða fangelsisdóm.
- Sá þriðji hlaut átta mánaða fangelsisdóm, þar af sex mánuði skilorðsbundna.
- Sá fjórði hlaut tveggja mánaða skilorð.
- Tveir hinna ákærðu voru sýknaðir með öllu.

mannanna um fimm milljónir króna í málsvarnarlaun og 30.000 krónur fyrir túlkaþjónustu.

Heimildir Fréttablaðsins meta hins vegar þýfið, eða fjárhagslegt tjón vegna glæpanna, á að hámarki tvær milljónir króna.

Í niðurstöðu dómsins, sem féll 20. desember, er rætt um galla sem hafi verið á ákærum. Ekki náðist tal af Karli Inga Vilbergssyni, sem fór með málið fyrir hönd ákæruvaldsins.

klemens@frettabladid.is

Þingmaður átelur drottningu:

Telur fjölmenningu kjaftæði

HOLLAND, AP **Þingmaðurinn Geert Wilders sem þekktur er fyrir andstöðu sína gegn innflytjendum gagnrýndi harðlega jóladagsræðu Beatrix Hollandsdrottningar.**

GEERT WILDERS

Wilders sagði ræðuna vera dulda árás á flokk sinn, Frelsisflokkinn, og sagðist ætla í næsta mánuði að leggja fram þingsályktun þar sem skilið yrði á milli drottningar og ríkisstjórnar.

Samkvæmt hollensku stjórnarskránni er forsætisráðherrann ábyrgur fyrir ræðum drottningar og getur hún því ekki tjáð sínar eigin pólitísku skoðanir. - ovd

Þrír teknir á Sauðárkróki:

Teknir með hass á Þorláksmessu

SAUÐÁRKRÓKUR Lögreglan á Sauðárkróki lagði hald á rúm 60 grömm af hassi aðfaranótt Þorláksmessu.

Voru þrír menn stöðvaðir fyrir umferðarlagabrot og fundust þá efnin á einum mannanna sem játaði að eiga þau. Að sögn varðstjóra má ætla að meirihluti efnanna hafi verið ætlaður til sölu enda um töluvert magn að ræða og hafði þeim verið pakkað í þar til gerðar umbúðir.

Lagði lögreglan einnig hald á nokkurt fé sem hún ætlaði að væri afrakstur mannsins af sölu fyrr um kvöldið.

Í yfirheyrslum játaði maðurinn að hafa ætlað efnin til sölu og var mönnunum þá sleppt enda málið talið upplýst. - ovd

LÖGREGLUMÁL

Tíu bílum bjargað á Jökuldal

Björgunarsveitin Jökull á Jökuldal aðstoðaði ökumenn tíu bíla við að komast til byggða á Egilsstöðum eftir að snöggan veðurhvell gerði þar um slóðir.

Velferðarsvið borgarinnar lætur athuga hörmulegt atvik í Austurbrún:

Öldruð kona lá látin í íbúð sinni svo dögum skipti

LÖGREGLUMÁL Tæplega áttræð einstæð kona fannst látin í íbúð sinni í Austurbrún 6 á Þorláksmessu. Talið er að konan, sem var öryrki, hafi verið látin í íbúðinni í nokkra daga áður en hún fannst.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafði fólk ætlað að heimsækja konuna á Þorláksmessudag. Þegar hún kom hvorki til dyra fyrri hluta né seinni part dagsins var lögreglu gert viðvart. Lögreglumenn fóru inn í íbúðina og komu að konunni látinni.

Þetta er í annað sinn í desembermánuði sem komið er að einstæðingi sem legið hefur látinn í húsnæði sínu svo dögum skiptir. Fyrr í mánuðinum fannst einstæð kona látin í íbúð sinni í Hátúni 10. Talið var að hún hefði verið látin í meira en viku þegar komið var að henni.

Konan sem fannst á Þorláksmessu bjó í félagslegu húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar í Austurbrún. Ellý Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri hjá velferðarsviði borgarinnar, segir það mjög miður að þetta skuli hafa gerst. Spurð segir hún að eftirlitsskylda velferðarsviðs með fólki búsettu í félagsbústöðum sé engin. Það fái stuðning og heimaþjónustu á grunni einstaklingsbundinna þarfa en sæki hana þá sjálft. Að sjálfsögðu verði látin fara fram athugun á atvikinu í Austurbrún 6. - jss

AUSTURBRÚN 6 Konan hafði legið látin dögum saman í íbúð sinni þegar lögreglan fann hana.



Apple IMC óskar öllum árs og friðar og sendir sérstakar hamingjuóskir öllum þeim sem sáu ljósið á líðandi ári.

Ótrúlegt en satt, en hraðvirkasta PC-fartölvan er Makki. Við bjóðum hjartanlega velkomna í hópinn alla þá sem sáu ljósið á líðandi ári. Windows eða Mac OS X? Apple getur allt. Gleðilegt nýtt ár.

Apple IMC | Humac ehf.

Sími 534 3400
www.apple.is

Laugavegi 182
105 Reykjavík

Kringlunni
103 Reykjavík

Apple IMC

GENGIÐ 27.12.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	63,06	63,36
Sterlingspund	125,49	126,11
Evra	91,4	91,92
Dönsk króna	12,255	12,327
Norsk króna	11,396	11,464
Sænsk króna	9,664	9,72
Japanskt jen	0,5511	0,5543
SDR	98,77	99,35

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
121,0152
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ung kona hætt komin eftir að hafa gleypt skraut:

Jólaskrautið stakkst í vélindað

SLYS Ung kona var hætt komin í jólaboði annan dag jóla þegar hún gleypti óviljandi skraut sem haft var til borðskreytingar. „Ég hélt fyrst að þetta væri kjötbiti sem stæði í mér," segir Dagrún Þorsteinsdóttir sem varð fyrir þessari óskemmtilegu reynslu. „Ég reyndi að ná bitanum upp en það gekk ekki svo við leituðum til læknis sem býr í grenndinni og hann sagði mér að fara beinustu leið í bráðamóttökuna og þar ældi ég þessu upp og sá að þetta var jólaskraut á stærð við tíkall. Þetta var svona plaststjarna og það sveið vel undan öngunum sem stungu í vélindað."

Hún telur líklegast að skrautið hafi fest við peysuermina þegar hún var að teygja sig eftir mat og hafi svo leynst undir sósu eða öðru meðlæti með fyrrgreindum afleiðingum.

Ingibjörg Sigurþórsdóttir bráðahjúkrunarfræðingur segir tilfelli sem þessi ekkert algengari en ella um hátíðarnar. En á bráðavaktinni eru menn þó ýmsu vanir í þessum efnum og er sérstakt aðskotahlutasafn á nef-, háls- og eyrnalækningadeild til vitnis um það. Þar gefur meðal annars að líta tannbursta sem sat fastur í hálsi eins árs stúlku, nælu með norska fánanum sem tekin var úr vélinda sex ára drengs, stoppunál sem hirt var úr koki 20 ára pilts, tannstöngul sem var í nös 13 ára pilts og teiknibólu sem fjarlægð var úr lungnagrein átta ára stelpu.

- jse

AÐSKOTAHLUTASAFNIÐ Meðal hluta í safninu er næla með norska fánanum.

DAGRÚN ÞORSTEINSDÓTTIR Hún varð fyrir því óláni að leggja sér jólaskraut til munns. Þetta var plaststjarna og var það mikið kvalræði þegar angar hennar stungust í vélindað, segir Dagrún.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

VIÐ AFHENDINGU Margrét Pála Ólafsdóttir, sem fékk frumkvöðlaverðlaunin, Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra og Björgólfur Thor Björgólfsson, handhafi viðskiptaverðlauna VB.

Viðskiptaverðlaun VB 2007:

Björgólfur Thor varð fyrir valinu

VIÐSKIPTI Viðskiptaverðlaun Viðskiptablaðsins (VB) hlýtur að þessu sinni Björgólfur Thor Björgólfsson, fjárfestir og stjórnarformaður Novators. Tilkynnt var um valið í gær.

Björgólfur segir krónuna stærsta vandamál íslenskra fyrirtækja á árinu sem er að líða, að því er fram kemur í jólablaði Markaðarins. Er þetta í annað sinn sem Björgólfur hlýtur verðlaunin, en hann fékk þau árið 2002 eftir að hafa með fleirum keypt Landsbanka Íslands. Þá var Margrét Pála Ólafsdóttir, stofnandi Hjallastefnunnar, heiðruð sem frumkvöðull ársins. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn á Hótel Sögu í gær.

- óká

FINNLAND

Rannsókn á útisvefni

Vísindamaður við Háskólann í Oulu, eða Uleåborg, í Finnlandi hefur hafið rannsókn á því þegar ungbörn eru látin sofa úti í vagni sínum á veturna, að sögn finnska dagblaðsins Helsingin Sanomat. Áratuga hefð er fyrir því að láta ungbörn sofa úti í Finnlandi en um 95 prósent foreldra gera það.

LEIÐRÉTTING

Rangt var farið með föðurnafn Gísla Hvanndal, höfundar Biblíu gáfaða fólksins, í blaðinu á laugardag. Gísli er Ólafsson.

Bannað að skrásetja greiðsluvenjur fólks

Fyrirtækið Lánstraust fær ekki að gera upplýsingabanka um það hversu langt frá gjalddaga hver og einn borgar reikningana sína. Persónuvernd segir slíka vinnslu andstæða grundvallarréttindum einstaklinga.

EINKALÍF Persónuvernd segir það mundu ganga gegn hagsmunum einstaklinga ef útbúin yrði skrá um greiðsluhegðun þeirra eins og fyrirtækið Lánstraust sótti um leyfi til þess að gera.

Lánstraust vildi fá að safna saman og skrá upplýsingar frá kröfuhöfum um greiddar kröfur. Safnað yrði upplýsingum um kennitölu greiðanda, gjalddaga eða eindaga og greiðsludag kröfu. Þetta yrði fært í kerfi – „greiðsluhegðunarkerfi" – sem myndi sýna hegðun viðkomandi, það er hversu mörgum dögum fyrir eða eftir gjalddaga eða eindaga hann greiði reikninga sína í hverjum ársfjórðungi, eins og segir um fyrirætlanir Lánstrausts í ákvörðun Persónuverndar.

Lánstraust telur upplýsingar um það hvernig einstaklingur hafi hagað sér í fortíðinni gefi vísbendingar um framtíðarhegðun hans, bæði um greiðsluhegðun og aðra þætti. Fyrirtækið vísar til þess að vinnsla almennra persónuupplýsinga sé heimil ef hún er nauðsynleg til þess að ábyrgðaraðili geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi einstaklinganna sem eigi að skrá vegi þyngra.

„Við beitingu þessa ákvæðis þarf að vega og meta hvort vegi þyngra; annars vegar hagsmunir af því að vinnslan fari fram og hins vegar hagsmunir af því að hún geri það ekki," segir Persónuvernd sem segir að meðal annars eigi að líta til þess markmiðs laganna að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

ÞORLÁKSMESSA Í KRINGLUNNI Ekki var veitt leyfi til þess að útbúa gagnabanka um það hvenær einstaklingar á Íslandi greiða reikningana. Upplýsingarnar áttu að gefa vísbendingar um væntanlega greiðsluhegðun hver og eins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hin fyrirhugaða vinnsla Lánstrausts er sögð mundu hafa orðið mjögumfangsmikil. „Má ætla að ef af verði muni upplýsingar verða unnar um greiðsluhegðun meginþorra þjóðarinnar. Af þeim sökum má ætla að aðstæður þeirra, sem upplýsingarnar varða, séu um margt ólíkar og vinnslan komi því mjög misjafnlega við þá," segir Persónuvernd.

Aö sögn Persónuverndar var því hafnað að veita leyfið þar sem Lánstraust hafði ekki gert mat á því hvort myndi vega þyngra; hagsmunir hins skráða eða þess sem ætlaði að útbúa skrána. Þvert á móti lægi fyrir rökstudd niðurstaða um að hagsmunir einstaklinga séu meiri af því að slík vinnsla fari ekki fram.

Ekki náðist í Hákon Stefánsson, framkvæmdastjóra Lánstrausts, í gær.

gar@frettabladid.is

KIND MEÐ HÁR Katahdin-stofninn nýtur sívaxandi vinsælda.

Rúningaþreyttir bændur:

Kindur með hár sífellt vinsælli

OHIO, AP Lágt ullarverð og hár kostnaður við að rýja kindur hefur gert það að verkum að margir sauðfjárbændur í Bandaríkjunum hafa snúið sér að ullarlausum kindum. Þeir óttast að listin að rýja kindur muni í náinni framtíð heyra sögunni til.

Í stað hefðbundinna ullarkinda snúa bændur sér að kindum sem vex hárfeldur í stað ullar og þarf því ekki að rýja árlega. Ein vinsælasta tegundin er svokallaður Katahdin-stofn, sem fyrst var ræktaður af erfðafræðingum fyrir um 30 árum.

- sh

Frönsk yfirvöld ræða við Tsjad:

Vilja Frakkana heim frá Tsjad

PARÍS, AP Frönsk yfirvöld hafa óskað eftir því að sex franskir hjálparstarfsmenn fái að afplána dóm í Frakklandi í stað Tsjad. Sexmenningarnir voru dæmdir til átta ára þrælkunarvinnu fyrir að hafa reynt að koma 103 börnum frá Tsjad í október. Yfirvöld í Tsjad hafa á móti áréttað að þau muni eiga síðasta orðið í máli sexmenninganna, hvað sem verður.

Talið er að dómur yfir fólkinu yrði mildaður kæmist það til Frakklands í afplánun, meðal annars vegna þess að þar eru fangar ekki látnir vinna þrælkunarvinnu.

- sh

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

GAMLÁRSKVÖLD

Því miður eru veðurhorfurnar um miðnætti á gamlárskvöld ekki sérlega góðar. Eftir því sem líður á gamlárskvöldið hvessir af suðri og má búast við hvassviðri mjög víða, síst þó norðan til þar sem verður úrkomulítið. Á landinu sunnan- og vestanverðu eru horfur á slyddu og síðar rigningu. Það bendir því flest til þess að slagviðri verði sunnan og vestan til þegar nýtt ár gengur í garð.

REYKJAVÍK Í DAG

Hæg norðlæg átt og bjart veður. Frost 4-8 stig.

VEÐURSPÁ

um hádegi »



» á morgun



» sunnudagur



um hádegi »

Kaupmannahöfn	6°C	skúrir	London	12°C	léttskýjað	Friedrichshafen	5°C	hálfskýjað
Billund	7°C	rigning	París	8°C	hálfskýjað	Lúxemborg	5°C	léttskýjað
Osló	3°C	alskýjað	Amsterdam	7°C	alskýjað	Alicante	16°C	hálfskýjað
Stokkhólmur	5°C	alskýjað	Frankfurt	4°C	alskýjað	Róm	10°C	hálfskýjað
Gautaborg	7°C	rigning	Berlín	4°C	hálfskýja	Las Palmas	20°C	hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Útsalan

hefst í dag

Verðhrun

Allar útsöluvörur

250-2000 kr

Verðdæmi

Upphaflegt verð	Útsöluverð
~~499~~ kr.	250 kr.
~~799~~ kr.	500 kr.
~~999-1.299~~ kr.	750 kr.
~~1.499-1.699~~ kr.	1.000 kr.
~~1.999-2.499~~ kr.	1.500 kr.
~~2.999-4.999~~ kr.	2.000 kr.

Þessi auglýsing á við fatnað og skó, ekki raftæki, leikföng, húsgögn og heimilisvöru

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN

Fórst þú í jólaköttinn?

Já	24%
Nei	76%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fékkst þú jólagjöf frá vinnuveitandanum?

Segðu skoðun þína á visir.is.

Jón Ormur Halldórsson um ástandið í Pakistan:

Mikil vandamál fram undan

STJÓRNMÁL „Það segir margt um ástandið í Pakistan að það voru margir hópar sem vildu og reyndu að ráða Benazir Bhutto af dögum," segir Jón Ormur Halldórsson, dósent við Háskólann í Reykjavík.

„Það er mjög erfitt að spá fyrir um hvernig ástandið þróast á næstu misserum," segir Jón. Nú þurfi að bíða og sjá hvort kosningar verði haldnar í Pakistan í janúar. Einnig eigi eftir að koma í ljós hver staða Musharrafs forseta verði eftir atburði gærdagsins.

„Ég hef ekki mikla trú á því að það komi neitt út úr kosningum í janúar ef þær verða haldnar, því flokkur Bhutto er ekki samstæður flokkur heldur var hann fyrst og fremst bandalag í kringum hana. Það eina sem hægt er að vera viss um er að það verður áframhaldandi mikil ólga." Jón segir ástandið í Pakistan eiga upptök sín á áttunda áratug síðustu aldar, þegar Zia-ul-Haq var við völd í landinu. Undir hans stjórn hafi her og leyniþjónusta hafið samstarf við fjölda ólíkra samtaka bókstafstrúaðra múslíma. Það hafi meðal annars leitt af sér hreyfingu talibana í Afganistan og margar af rótum Al-Kaída. Það séu því hryðjuverkasamtök, talibanar og kjarnorkuvöld sem geri ástandið nú hættulegt. „Fram undan eru alls konar vandamál, það eru tímasprengjur úti um allt í þessu samfélagi."

JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

- þeb

Ólafur Ragnar Grímsson:

Áminning um fórnir lýðræðis

STJÓRNMÁL „Benazir Bhutto hafði djúpan skilning á sameiginlegum hagsmunum Vesturlanda og ríkja sem aðhyllast múhameðstrú. Með dauða hennar hafa sáttaöflin misst öflugan forystumann," segir í tilkynningu frá forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni, vegna morðsins á Bhutto.

Þar segir jafnframt að morðið á henni sé hörmuleg áminning um fórnirnar sem færðar eru þegar reynt sé að festa lýðræði í sessi.

Ólafur Ragnar hefur hitt Bhutto og segir í tilkynningunni að hann hafi kynnst baráttukrafti hennar, hún hafi verið hámenntuð og víðsýn.

- þeb

Tveir menn létust í skipalest:

Íslendingur lést á sjó í Marokkó

SLYS Tveir menn, Íslendingur og Marokkóbúi, létust á jóladag í vinnuslysi um borð í togskipi sem fyrirtækið Fleur de Mer gerir út frá Marokkó. Íslendingurinn hét

HELGI JÓHANNSSON

Helgi Jóhannsson, var 59 ára gamall og lætur eftir sig eiginkonu og fjögur börn.

Að sögn Magnúsar Guðjónssonar, framkvæmdastjóra Fleur de Mer, voru engin vitni að slysinu en svo virðist sem skipsfélagi Helga hafi orðið fyrir súrefnisskorti þegar hann fór niður í lest. Talið er að Helgi hafi látist þegar hann reyndi að koma honum til bjargar.

Málið er til rannsóknar hjá þarlendum yfirvöldum en Jón Arilíus Ingólfsson, forstöðumaður rannsóknarnefndar sjóslysa, segir að þegar henni ljúki muni nefndin fá skýrslu til meðferðar. - jse

LÖGREGLUFRÉTTIR

Handtekinn á Sauðárkróki

Einn var handtekinn fyrir líkamsárás á Sauðárkróki í fyrrinótt. Réðst hann á dyravörð eftir að honum hafði verið vísað af skemmtistað fyrir ólæti. Var hann látinn sofa úr sér áfengisvímu í fangageymslu. Málið telst upplýst.

Segir áhrifa munu gæta víða:

Einn sorglegasti dagur í sögunni

STJÓRNMÁL „Þetta er einn sorglegasti dagurinn í pakistanskri sögu. Benazir Bhutto var leiðtogi stærsta flokksins í Pakistan og hefði getað komist til valda í þriðja sinn," segir Sheikh Aamir Uz-Zaman, eigandi veitingahússins Shalimar. Sheikh Aamir er Pakistani en býr á Íslandi. Hann var í sambandi við fjölskyldu sína í Pakistan í gær. „Ég talaði við bróður minn sem rekur veitingahús þar. Um leið og fréttirnar bárust lokaði hann staðnum, og það gerðu það allir aðrir. Fólk heldur sig heima og það er líkt og útgöngubann sé komið á. Það er ekki gott ástand þar núna." Hann segir óvissuástand ríkja í Pakistan og enginn viti hvað gerist næst.

SHEIKH AAMIR UZ-ZAMAN

Sheikh Aamir ætlaði að fara til Pakistans eftir nokkrar vikur en hefur nú ákveðið að fresta ferðinni. „Maður veit ekkert hvernig ástandið verður þá," segir hann.

„Ég held að ef af kosningunum verði muni margir sniðganga þær. Fólk sleppir því bara að fara að kjósa núna. Flokkurinn hennar var stærsti flokkurinn og sá eini sem hægt var að treysta. Þetta er ekki bara sorglegt fyrir okkur heldur fyrir allan heiminn." - þeb

HARMDAUÐI Stuðningsmaður Bhutto grætur dauða hennar við tilræðisstaðinn í Rawalpindi í gærkvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bhutto myrt í miðri kosningabaráttu

Böndin bárust strax að íslömskum öfgamönnum þegar pakistanski stjórnarandstöðuleiðtoginn Benazir Bhutto var ráðin af dögum í skot- og sjálfsmorðssprengjuárás eftir kosningafund í gær. Morðið veldur uppnámi í stjórnmálum landsins.

PAKISTAN, AP Benazir Bhutto, stjórnarandstöðuleiðtogi í Pakistan, var ráðin af dögum í sjálfsmorðssprengjutilræði í Rawalpindi í gær. Minnst fimmtán aðrir létu lífið í árásinni, sem var gerð er Bhutto var að yfirgefa fjölmennan kosningafund flokks síns, Þjóðarflokks Pakistans (PPP), í Rawalpindi eftir að hafa haldið sína síðustu ræðu.

Fráfall forsætisráðherrans fyrrverandi setti kosningabaráttuna fyrir áformaðar þingkosningar hinn 8. janúar í algert uppnám og skóp ótta um að út kynnu að brjótast fjöldamótmæli og ofbeldi sem þegar kraumaði undir niðri í landinu.

Því var umsvifalaust nánast slegið föstu að íslamskir öfgamenn, bandamenn talibana, hefðu staðið á bak við tilræðið.

Bhutto skilur líka eftir sig mikið tómarúm í forystu stærsta stjórnmálaflokks landsins. Morðið setti líka í uppnám tilraunir Bandaríkjastjórnar til að stuðla að stöðugleika í Pakistan – sem er lykilbandamaður Bandaríkjanna í hinu svonefnda hnattræna stríði gegn hryðjuverkum – með því að koma á sáttum milli Bhutto og Musharrafs forseta.

Musharraf fordæmdi strax tilræðið og hvatti fólk til að sýna stillingu í kjölfar morðsins, að því er pakistanska ríkisfréttastofan APP greindi frá.

Þjóðarleiðtogar um allan heim, þar á meðal forseti Íslands, fordæmdu tilræðið og sendu aðstandendum Bhutto og pakistönsku þjóðinni samúðarkveðjur. Í ummælum flestra leiðtoganna var borið lof á hugrekki Bhutto og hversu staðráðin hún var í að berjast fyrir lýðræðisumbótum í landi sínu.

Manmohan Singh, forsætisráðherra grannríkisins Indlands, sem háð hefur þrjú blóðug stríð við Pakistan, sagði engan geta fyllt það skarð sem Bhutto skildi eftir sig. Sagði hann hana hafa beitt sér fyrir bættum tengslum kjarnorkuvopnavígvæddu grannþjóðanna tveggja.

George W. Bush Bandaríkjaforseti krafðist þess að einskis yrði látið ófreistað til að þeir sem bæru ábyrgð á dauða hennar yrðu látnir svara til saka.

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hvatti enn fremur „alla Pakistana til að vinna saman að friði og þjóðareiningu". audunn@frettabladid.is

ÆVIFERILL BENAZIR BHUTTO

- **21. júní 1953: Benazir Bhutto** fæðist í Karachi í Pakistan
- **1969**: Lýkur háskólanámi við Harvard í Boston
- **1973**: Faðir hennar, **Zufikar Ali Bhutto,** stofnandi **Þjóðarflokks Pakistans (PPP),** verður forsætisráðherra
- **1977:** Lýkur annarri gráðu frá Oxford-háskóla á Englandi. Rétt eftir heimkomu hennar til Pakistan steypir Zia-ul-Haq hershöfðingi föður hennar og tekur völdin
- **1979:** Zulfikar Ali Bhutto tekinn af lífi af herforingjastjórn Zia-ul-Haq
- **1979-84:** Ítrekað handtekin fyrir mótmæli gegn herforingjastjórninni, í stofufangelsi í þrjú ár
- **1984:** Leyft að fara úr landi. Verður leiðtogi PPP í útlegð í Lundúnum. Berst gegn Zia-stjórninni.
- **1985:** Herlögum aflétt í Pakistan
- **1986:** Þúsundir fagna Bhutto er hún snýr aftur úr útlegð; er ásamt móður sinni kjörin til forystu fyrir PPP
- **1988:** Kjörin forsætisráðherra, fyrst kvenna í múslímaríki
- **1990:** Rekin frá völdum vegna spillingarásakana
- **1993:** Endurkjörin forsætisráðherra en íslamistar veita henni harða stjórnarandstöðu. Eiginmaður hennar, **Asif Ali Zardari,** ákærður fyrir spillingu
- **1996:** Svipt völdum vegna spillingarásakana
- **1997:** Eiginmaðurinn fangelsaður. Bhutto snýr aftur til Bretlands í sjálfskipaða útlegð
- **1999:** Pervez Musharraf hershöfðingi rænir völdum án blóðsúthellinga
- **2001:** Dómstóll í Pakistan dæmir Bhutto í þriggja ára fangelsi fyrir að mæta ekki fyrir rétt í spillingarmáli
- **2004:** Dómstóll í Sviss dæmir Bhutto og eiginmann hennar í hálfs árs skilorðsbundið fangelsi fyrir peningaþvætti
- **Okt. 2007:** Bhutto snýr aftur til Pakistans í aðdraganda kosninga. Musharraf forseti veitir henni friðhelgi fyrir spillingarákærum
- **19. okt:** Lifir af sjálfsmorðssprengjutilræði í Karachi. 150 manns deyja.
- **27. des: Benazir Bhutto ráðin af dögum í skot- og sjálfsmorðssprengjutilræði eftir kosningafund í Rawalpindi.**

© GRAPHIC NEWS

útsala

30 til 70

prósent

afsláttur

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 ● GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 ● KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

ÍSLENSKA SIA.IS UTI 40486 12/07

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hver er viðskiptamaður ársins samkvæmt tuttugu manna dómnefnd Markaðarins?*

2 *Hvaða hljómsveit þénaði mest á tónleikaferðalagi sínu um Bandaríkin á árinu 2007?*

3 *Hvað heitir fyrrum þjálfari Chicago Bulls sem rekinn var á aðfangadagskvöld?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Forstjóri Orkuveitunnar telur fyrirtækið vera einkaréttarlegs eðlis:

Orkuveitan ekki leynifyrirtæki

ORKA „Þetta er ekkert leynifyrirtæki og við reynum að verða við óskum blaðamanna og samborgara um upplýsingar, en það eru einstök viðkvæm markaðsmál, sem má telja á fingrum annarrar handar, sem leynt þurfa að fara," segir Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri Orkuveitunnar (OR).

Upplýsingalög séu erfið fyrirtæki sem til dæmis ætlar að selja eignir sínar. Þá sé slæmt að samkeppnisaðilar hafi aðgang að verðmati eignarinnar.

Svandís Svavarsdóttir, formaður REI-stýrihóps, sem vinnur að framtíðarstefnumótun OR, vill að félagið verði fært að öllu leyti undir stjórnsýslulög. Það lúti þá upplýsingalögum og jafnræðisreglu.

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

HJÖRLEIFUR B. KVARAN

„En sameignarfélag eins og Orkuveitan hlýtur að vera einkaréttarfélag," segir Hjörleifur og vísar í lög um upplýsingaskyldu.

Í greinargerð með þeim segir meðal annars að þau taki ekki til félaga einkaréttarlegs eðlis, eins og hlutafélög og sameignarfélög, þótt þau séu í opinberri eigu.

Í lögunum sjálfum er svo gerð sérstök undanþága frá þeim fyrir opinberan samkeppnisrekstur.

En Hjörleifur segir einnig koma til greina að gera fyrirtækið að byggðasamlagi, eins og til dæmis Sorpa er rekin. Þetta sé þó ekki sitt að ákveða, heldur eigendanna.

Ekki náðist í efstu fulltrúa borgarstjórnarandstöðunnar.

- kóþ

Rússnesk flugvél:

Rauf finnska lofthelgi

FINNLAND Rússnesk flugvél flaug inn í finnska lofthelgi annan dag jóla. Varnarmálaráðuneytið segir að flugvélin hafi flogið um hálfan kílómetra inn fyrir finnska landhelgi suðvestan við Borgå í Suður-Finnlandi og var inni í landhelginni í þrjár mínútur.

Jyrki Iivonen, talsmaður varnarmálaráðuneytisins, segir í Hufvudstadsbladet að málið sé til rannsóknar. Vitað sé að vélin hafi verið í eigu rússneska ríkisins, af gerðinni Tu-154. Flugstefna og áfangastaður sé óþekkt.

Rússnesk flugvél flaug einnig inn í finnska lofthelgi í september.

- ghs

Lögreglan fjölgar á vöktum:

Lögreglan býst við auknu álagi

LÖGREGLUMÁL Að venju verða fleiri lögreglumenn á vakt nú um áramótin en aðra daga ársins.

Nú ber svo við að áramótin koma strax í kjölfar helgar og segir varðstjóri hjá lögreglunni að búast megi við að meira verði að gera nú um áramótin en aðra daga. „Reynslan segir að það geti verið allt frá því að vera mjög mikið að gera niður í það að vera mjög rólegt og allt þar á milli." Skipulag lögreglunnar gerir frekar ráð fyrir að meira verði að gera en minna og er því kallaður til auka mannskapur á vakt. - ovd

Slátrun lamba að hætti múslíma vekur ugg:

Farið var að íslenskum lögum við slátrun

LANDBÚNAÐUR „Það er engin undanþága veitt til að slátra með öðrum hætti en kveðið er á um í íslenskum lögum og reglugerðum," segir Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu. Ráðuneytinu barst kvörtun þar sem lýst er yfir furðu á að veitt hafi verið leyfi til að slátra lömbum að hætti múslíma í Sláturhúsinu á Selfossi eins og greint var frá í Fréttablaðinu í síðustu viku.

Sigurður Örn Hansson, forstöðumaður matvæla- og umhverfissviðs hjá Landbúnaðarstofnun, segir að í þessu tilfelli hafi slátrun farið fram eins og venja er nema ef frá er talið sérstök bæn sem trúbræðurnir fóru með að múslimskum sið. „Það er að segja, þau eru svipt meðvitund áður en þeim er látið blæða út," útskýrir hann.

SLÁTRUN Á SELFOSSI Farið var að íslenskum lögum og reglum þegar ellefu múslímar slátruðu lömbum í Sláturhúsinu á Selfossi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hinn 21. desember gekk í garð sérstök hátíð múslíma en þá er haldið upp á að guð hafi fært Abraham lamb þegar hann hafði sýnt fram á trúfestu sína. Er þá hefð að gefa og borða lamb sem slátrað er með hefðbundnum hætti. - jse

SKRÁ VEIKINDAFORFÖLL Hjúkrunarfræðingar skrá veikindaforföll starfsmanna. Á hálfs árs fresti er fyrirtækinu send skýrsla þar sem teknar eru saman upplýsingar um fjarvistir en fyrirtækin fá aldrei upplýsingar um hvað er að starfsmönnunum, að sögn Björns Aðalsteinssonar, sviðsstjóra hjá Heilsuverndarstöðinni. Myndin tengist efni fréttarinnar ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Veikindaleyfi dragast saman um fjórðung

Fyrirtæki bjóða upp á sjúkraskráningu og ráðleggingar í veikindum starfsfólks. Fyrirtækin votta að fólk sé raunverulega veikt. Fjarvistir fjórðungi færri. Þróunin ekki samkvæmt samningum, að mati ASÍ.

VINNUMARKAÐUR Minnst þrjú fyrirtæki bjóða upp á símsvörun, sjúkraskráningu og ráðleggingar í veikindum starfsfólks. Heilsuverndarstöðin sinnir um 80 fyrirtækjum sem hafa samtals um 15 þúsund starfsmenn á sínum snærum og segir að það gefi 20-25 prósentum færri fjarvistir.

Björn Aðalsteinsson er sviðsstjóri þjónustusviðs. Hann segir að fyrirtækið gefi sjúklingum ráð, votti að fólkið sé raunverulega veikt og sendi fyrirtækinu skráningarskýrslu á hálfs árs fresti. „Samkvæmt kjarasamningum hafa fyrirtækin heimild til að biðja um læknisvottorð. Í stað þess að starfsmaðurinn eltist við það hringir hann í okkur. Hjúkrunarfræðingar svara í símann og við vinnum í umboði trúnaðarlæknis," útskýrir Björn.

Hugmyndin er að veita fólki ráð í veikindum „til að stytta veikindi og votta að fólk sé raunverulega veikt. Við gefum fyrirtækjunum upplýsingar um það hverjir hafi hringt og á hvaða tíma þeir voru veikir. Fyrirtækin fá aldrei upplýsingar um það hvað sé að einstaklingum en ef grunur er um að hlutirnir séu ekki í eðlilegum farvegi þá er talað við yfirmann eða þá að trúnaðarlæknir talar við einstaklinginn," segir hann.

Á hálfs árs fresti er send skýrsla til fyrirtækisins þar sem fram kemur hvort fjarvistir séu vegna eigin veikinda, sjúkra barna eða vinnuslysa og þá á hvaða tíma. Einnig er veikindum skipt í grófa flokka. Björn segir að ekki sé hægt að rekja það til einstaklinga. Menn hafi rétt til að neita að ræða veikindin en starfsmenn þjónustuversins reyni að beina fólki til sjúkraþjálfara, sérfræðinga eða sálfræðinga ef ástæða þyki.

> Við gefum fyrirtækjunum upplýsingar um það hverjir hafi hringt og á hvaða tíma þeir voru veikir.
>
> **BJÖRN AÐALSTEINSSON**
> SVIÐSSTJÓRI HJÁ HEILSUVERNDARSTÖÐINNI

Hjá Heilsuverndarstöðinni er markmiðið að lágmarka fjarvistir vegna veikinda og slysa og verður fjarvistartíðni allt að fjórðungi minni, samkvæmt vef fyrirtækisins.

Magnús Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, segir að í kjarasamningum séu ákvæði sem segi að tilkynna skuli atvinnurekanda um veikindi. Verkalýðshreyfingin meti það sem svo að starfsmaður láti sinn næsta yfirmann vita. Starfsmenn þurfi ekki að gefa upp veikindi sín og geti leitað til þess læknis sem þeir treysta ef beðið sé um læknisvottorð. Ekki hafi verið samið um það í kjarasamningum að skylda starfsmenn til að láta skráningarfyrirtæki vita um veikindi.

ghs@frettabladid.is

FÉLAGSVÍSINDADEILD

FARSÆL LEIÐ TIL ÞRÓUNAR Í STARFI OG MEIRI LÍFSGÆÐA

Félagsvísindadeild Háskóla Íslands býður spennandi námskost: 15 eininga diplómanám á meistarastigi. Tilvalið nám með starfi.

- Afbrotafræði
- Alþjóðasamskipti
- Atvinnulífsfræði
- Áfengis- og vímuefnamál
- Fjölmenningarfélagsráðgjöf
- Fjölmiðlafræði
- Fræðslustarf og stjórnun
- Fötlunarfræði
- Hagnýt jafnréttisfræði
- Mat og þróunarstarf
- Opinber stjórnsýsla
- Rannsóknaraðferðir félagsvísinda
- Þróunarfræði
- Öldrunarfélagsráðgjöf
- Öldrunarþjónusta

Inngönguskilyrði eru BA-próf eða sambærilegt próf.

Diplómanám er metið inn í viðkomandi meistaranám fái nemendur inngöngu í það.

Umsóknareyðublöð og allar upplýsingar eru á heimasíðu deildar: www.felags.hi.is

Umsóknum skal skilað til Kolbrúnar Eggertsdóttur, deildarstjóra framhaldsnáms, skrifstofu félagsvísindadeildar, Odda við Sturlugötu, sími 525 4263, tölvupóstfang kolbegg@hi.is

Umsóknarfrestur er til 4. janúar

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 40488 12/07

ný inspiron™

intel Centrino Duo Core 2 Duo inside

Lífið er í lit!

KR. 148.000*

Inspiron™ 1520

Falleg og gáfuð félagsvera með öflugri myndvinnslu

- Intel®Core™2 Duo örgjörvi T5550, 1,83 Ghz, (667 Mhz FSB, 2MB L2 cache)
- Windows Vista Home Premium
- 15,4" Wide Screen WXGA TrueLife™ skjár og 2,0 MP myndavél WXGA+
- 2GB vinnsluminni
- 160GB harður diskur
- DVD+/-RW geisladrif
- nVidia GeForce Go 8600M GT skjákort með 256MB minni
- Innbyggt mótald / Bluetooth / þráðlaust netkort, Dell 1505 / netkort
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

Dell mælir með Windows Vista Home Premium

8 LITIR. BREIÐUR HÁSKERPUSKJÁR. LANGDRÆGT ÞRÁÐLAUST NET.

Kryddaðu tilveruna með Inspiron™ 1520. Þessi fullkomna alhliða ferðatölva er uppfull af möguleikum. Hún styður allar gerðir margmiðlunar og er með háskerpubreiðskjá, margmiðlunarhnöppum framan á, 2 MP innbyggðri vefmyndavél, langdrægu þráðlausu neti, Bluetooth®, DVD-RW og kortalesara sem les 8 gerðir korta.

Intel® Centrion® Duo örgjörva tækni með Intel® Core™2 Duo örgjörva.
Mikil afkastageta og betri nýting á rafhlöðu.

DELL™ YOURS IS HERE

* FYRIRVARAR: Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Dell, vörumerkið Dell, Inspiron, UltraSharp, TrueLife og TrueMobile eru vörumerki í eigu Dell Inc., Intel, Pentium og Core eru skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og öðrum löndum. Microsoft, Windows og Windows Vista eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Önnur nöfn eða vörumerki sem vísað er til í þessari auglýsingu geta verið í eigu annarra. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // R.Sigmundsson / Fiskislóð 84, Reykjavík / 520 0000 // Penninn Eymundsson / Sólvallagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 // Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands / Eyrarvegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 // Bókaverslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 // Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrókur / 455 4500 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 // Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargata 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martölvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300

EJS

ÓSVIKIN JÓLAGLEÐI Barn í Simbabve hleypur heim í faðm fjölskyldunnar með jólatré. Þrátt fyrir að hafa prýtt vistaverurnar með tré er ólíklegt að það hafi notið hvítra jóla.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dýrið sem drap einn og særði tvo í San Francisco-dýragarðinum:

Var mögulega sleppt úr búri

BANDARÍKIN, AP Tígrisdýri, sem drap ungan mann og særði tvo aðra alvarlega, var mögulega sleppt úr búri sínu í dýragarðinum í San Francisco á mánudag. Lögreglan í borginni hefur nú girt búrið af og hafið rannsókn á því hvernig tígrisdýrið komst út. Kannað verður hvort gleymst hafi að loka dyrum að búrinu eða hvort dýrinu var viljandi sleppt út.

Starfsmenn dýragarðsins segja óhugsandi að dýrið hafi komist út í gegnum opnar dyr á búrinu heldur hljóti það að hafa stokkið eða klifrað út. Veggurinn umhverfis búr tígrisdýranna er 5,5 metra hár. Að auki er 6 metra breitt síki fyrir innan veggina. Ólíklegt er talið að dýrið hafi getað stokkið yfir bæði síkið og vegginn, því tígrisdýr í dýragörðum eru venjulega í mun lélegra formi en villt dýr.

Tígrisdýrið Tatiana réðist á starfsmann dýragarðsins rétt fyrir jólin í fyrra og særði hann alvarlega á handlegg. Þá kom ekki til greina að aflífa hana.

Drengurinn sem lést var 17 ára gamall. Foreldrar hans hafa kallað eftir upplýsingum frá dýragarðinum um hvernig atvikið átti sér stað. Mennirnir tveir sem særðust eru 19 og 23 ára gamlir bræður. Búist er við því að þeir muni ná sér að fullu. **- þeb**

TATIANA Lögreglan rannsakar nú hvernig dýrið komst úr búri sínu.
NORDICPHOTOS/AFP

Þrír handteknir eftir slagsmál:

Líkamsárás á balli á Selfossi

SELFOSS Þrír voru handteknir eftir líkamsárás á Hvíta húsinu, skemmtistað á Selfossi, í fyrrinótt. Réðust þeir á fjórða mann sem meðal annars nefbrotnaði í átökunum. Var sá fluttur á sjúkrahús Suðurlands til aðhlynningar.

Samkvæmt varðstjóra lögreglunnar á Selfossi var einn aðili handtekinn á staðnum og þurfti hann að gista fangageymslur. Hinir tveir árásarmannanna hlupu á brott en voru þekktir og handteknir í gærmorgun.

Öllum mönnunum var sleppt seinnipartinn í gær eftir yfirheyrslur og telst málið upplýst. **- ovd**

Norðmaður í Pakistan:

Í haldi grunaður um morð

NOREGUR Norsk-pakistanskur maður hefur verið handtekinn í Pakistan grunaður um morð á sjö ára gamalli stúlku í Islamabad í október. Maðurinn hefur viðurkennt að hafa nauðgað stúlkunni og kæft hana, að sögn norska Dagbladet. Hann situr nú í fangelsi í Islamabad.

Norsk stjórnvöld hafa sent starfsmann úr utanríkisþjónustunni og lögmann til Pakistans til að rannsaka málið en Noregsdeild Amnesty International telur fulla ástæðu til að hafa varann á því hætta sé á því að maðurinn verði dæmdur til dauða og hengdur. Óttast er að hann hafi játað eftir pyntingar. **- ghs**

Forseti, svo forsætisráðherra:

Pútín ætlar sér ráðherrastólinn

RÚSSLAND, AP Vladimír Pútín, forseti Rússlands, hvatti rússnesk stjórnvöld til að leggja enn harðar að sér við undirbúning þess að hann taki við sem forsætisráðherra eftir forsetakosningar sem fram fara í mars.

Sagðist Pútín myndu þiggja starf forsætisráðherra yrði samflokksmaður hans, Dmítrí Medvedev, kjörinn forseti.

Haft er eftir Pútín að „fram undan sé tími þar sem stjórnvöld verði að vinna sjálfstætt og ákveðið“. - ovd

LÖGREGLUFRÉTTIR

Tveir út af á Snæfellsnesi

Tveir bílar fóru út af með skömmu millibili á Snæfellsnesvegi norðanverðum. Samkvæmt upplýsingum varðstjóra var mikil hálka á þessum slóðum og er það talið orsök útafkeyrslna í báðum tilfellum. Engin slys urðu á fólki.

Íslenskur jólasveinn sendiherra barna í El Salvador

Einar Sveinsson, jólasveinn í El Salvador, hefur verið útnefndur sendiherra barnanna af stærsta barnaspítala landsins. Hann var á forsíðum tveggja stærstu blaðanna um þessi jól og er þar árlegur gestur. Einar er úrvinda eftir jólavertíðina en hann nýtur starfsins út í ystu æsar.

JÓL Einar Sveinsson, jólasveinn í El Salvador, var útnefndur sérlegur sendiherra barnanna fyrir þessi jól af Bloom-barnaspítalanum í San Salvador, höfuðborg landsins.

Einar hefur um árabil helgað síðustu mánuði ársins þessum starfa, safnað hvítu skeggi og klætt sig svo í jólasveinabúninginn. Hann hefur notið mikilla vinsælda og er orðinn næsta goðsagnakenndur í augum borgarbúa, sem kalla Einar „hinn raunverulega jólasvein“ og heilsa honum hvert sem hann fer.

„Það var alveg sérstaklega mikið að gera um þessa jólavertíð og allt árið hefur bara flogið út um gluggann,“ segir Einar sem framleiðir útvarps- og sjónvarpsþætti fyrir jólavertíðina, svo þeir séu búnir til sýningar í lok ársins.

Sjónvarpsþátturinn hefur mælst með allt að 60 prósenta áhorf og nefnist Sveinki og álfarnir í hitabeltinu. Hann fjallar um ævintýri íslensks jólasveins sem fer suður til að sinna gleymdu börnunum í Mið-Ameríku.

Á FORSÍÐUNNI Hér segir frá því þegar íslenski ósvikni jólasveinninn heimsótti Bloom-spítalann. Einar hefur prýtt forsíður salvadorskra blaða fyrir jólin í áraraðir og var framan á þessum tveimur í ár.

EINAR MEÐ FORSTJÓRA BLOOM-SPÍTALANS Fjölmiðlar sýndu því mikla athygli er Einar var viðurkenndur af forstjóra spítalans, Ulises Iraheta, sem sendiherra barna. Einar safnar árlega styrkjum frá fyrirtækjum og efnafólki til að endurnýja tækjabúnað spítalans og segir að bestu og erfiðustu dagarnir fyrir hver jól séu þeir dagar sem hann heimsækir langveiku börnin á spítalanum.

Þegar blaðamaður Fréttablaðsins heimsótti Einar fyrir jólin 2005 ferðaðist hann á stundum milli staða í herþyrlu, enda stjórnvöld öll af vilja gerð til að aðstoða hinn raunverulega jólasvein.

Einar hefur búið í Mið-Ameríku síðan 1968 og hefur síðustu árin verið árlegur gestur á forsíðum blaðanna.

Fyrir þessi jól var hann framan á blöðunum Diario de Hoy og La Prensa Gráfica.

„Mér líður ágætlega vel en þarf að hvíla mig eftir þetta,“ segir hann. Skrokkurinn gamli krefjist rólegheita að jólum liðnum. „Og ég hlýði honum með ánægju,“ segir Einar, sem biður að lokum fyrir kæra kveðju til samlanda sinna. **klemens@frettabladid.is**

Utanríkismál eru heitasta umræðuefnið í kosningabaráttunni í Georgíu:

Sjö frambjóðendur til forseta

GEORGÍA Sjö menn eru í framboði í forsetakosningunum í Georgíu sem fara fram laugardaginn 5. janúar. Helsta málið í kosningabaráttunni er utanríkismál og varnarmál, hvernig haga beri sambandinu við Evrópusambandið, ESB, Rússa og Atlantshafsbandalagið NATO, að sögn fréttavefjar The Georgian Times.

Allir frambjóðendurnir nema einn vilja að Georgía taki afstöðu í öryggis- og varnarmálum og flestir vilja að Georgía stefni að auknu samstarfi við NATO og ESB, mismikið þó. Mikheil Saakashvili forseti vill útrýma fátækt í Georgíu. Hann hefur skýra utanríkisstefnu, leggur áherslu á samstarf við NATO og ESB og samstarf við nágrannalönd í Kákasus. Levan Gachechiladze vill líka ganga í NATO og ESB.

EINN TIL RANNSÓKNAR Kosið verður milli forsetaframbjóðenda í Georgíu í byrjun janúar. Einn frambjóðendanna, viðskiptajöfurinn Badri Patarkatsishvili, er til rannsóknar vegna ásakana um að hafa lagt á ráðin um byltingu.

Irina Sarishvili sker sig mest úr hópi frambjóðenda. Hún talar fyrir hlutleysisstefnu Georgíu til að tryggja öryggi þjóðarinnar. Hún vill að þjóðin dragi sig út úr öllum hernaðarbandalögum og taki ekki afstöðu með eða á móti Rússum og Bandaríkjamönnum. Davit Gamkrelidze vill leita til NATO.

Frambjóðandi sósíalista, Shalva Natelashvili, vill færa Georgíu í átt að NATO og ESB en halda samt góðu samstarfi við Rússa. Gia Maisashvili vill verða forseti framtíðarinnar og vill bæta sambandið við Rússa. Að því loknu sé hægt að ganga í ESB. Vinsamlegt samband við Bandaríkin sé í þriðja sæti.

Sjöundi frambjóðandinn, viðskiptajöfurinn Badri Patarkatsishvili, vill stöðugleika í utanríkismálum. Hann er nú til rannsóknar vegna ásakana um að hafa ætlað að bylta núverandi ríkisstjórn Georgíu en fær samt að bjóða fram í kosningunum. **- ghs**

Lífeyrir frá Tryggingastofnun:

Fyrsta greiðslan á nýársdag

ALMANNATRYGGINGAR Lífeyrisþegar fá greiðsluáætlun ársins 2008 frá Tryggingastofnun ríkisins í byrjun janúar. Fyrsta greiðsla á nýju ári verður lögð inn á reikninga fólks á nýársdag.

Í greiðsluáætluninni er yfirlit um væntanlegar greiðslur frá Tryggingastofnun og þær forsendur sem stofnunin hefur til útreikninga á lífeyrisgreiðslum. Í greiðsluáætluninni er ekki tekið tillit til breytinga sem ríkisstjórnin hefur kynnt að fyrirhugaðar séu á lífeyrisgreiðslum á árinu 2008. Það verður gert þegar ný lög verða samþykkt. - gar

Útflutningur á hrossum hefur heldur aukist á milli ára:

Fleiri hross flutt út í ár en á síðasta ári

ÚTFLUTNINGSMÁL Útflutningur hrossa jókst heldur á milli ára 2006 og 2007. Í ár voru flutt út samtals 1.497 hross en 1.360 í fyrra. Fjölgunin nemur því 137 hrossum, samkvæmt upplýsingum frá Bændasamtökunum.

Flest þeirra hrossa sem flutt voru út á þessu ári fóru til Svíþjóðar. Næststærsti hópurinn fór til Danmerkur og sá þriðji stærsti til Þýskalands.

Þá má geta þess að tvö hross fóru til Rússlands, eitt til Grænlands, eitt til Frakklands og eitt til Belgíu.

Séu tölur þriggja síðustu ára bornar saman við útflutningstölurnar í ár sést að stöðugur samdráttur hefur verið í útflutningnum þar til nú að hann réttir heldur við. Árið 2004 voru flutt út samtals 1.578 hross en 2005 voru þau 1.501 talsins. - jss

ÚTFLUTNINGUR HROSSA - HELSTU ÚTFLUTNINGSLÖND

	2007	2006	2005
Austurríki	36	33	53
Bretland	11	26	17
Sviss	65	52	77
Þýskaland	246	221	269
Danmörk	395	346	320
Finnland	83	126	162
Noregur	117	85	134
Svíþjóð	427	376	335
Bandaríkin	82	59	78

HROSS TIL ÚTLANDA Heldur fleiri hross voru seld til útlanda í ár heldur en í fyrra.

MONA SAHLIN Formaður sænskra jafnaðarmanna.

Stjórnmál í Svíþjóð:

Mona Sahlin er vinsælust

SVÍÞJÓÐ Mona Sahlin, formaður sænska Jafnaðarmannaflokksins, mælist vinsælasti stjórnmálamaðurinn í Svíþjóð, samkvæmt skoðanakönnun sem sænska dagblaðið Aftonbladet hefur látið gera. Mona Sahlin hefur stuðning 48 prósenta kjósenda.

Stuðningur Fredriks Reinfeldts forsætisráðherra hrynur. Reinfeldt hefur verið forsætisráðherra í rúmt ár og er nú í öðru sæti á lista yfir vinsælustu stjórnmálamennina. Fimmti hver kjósandi segist hafa litla sem enga trú á honum og hann hefur sérstaklega lítinn stuðning meðal kvenna. - ghs

REYKHÓLAR Heimamenn í Reykhólahreppi eru ósáttir við legu nýs vegar.

Ólögleg vegagerð í Gautsdal:

Hnikuðu vegi fram á fossbrún

UMHVERFISMÁL Skipulagsstofnun segir Vegagerðina ekki hafa farið að lögum um umhverfismat þegar hún breytti vegstæði nýs vegar um Gautsdal í Reykhólahreppi frá því sem kynnt var. Þetta kemur fram á strandir.is.

Að því er segir á strandir.is sneri Reykhólahreppur sér til Skipulagsstofnunar vegna vinnubragða Vegagerðarinnar. Sérstaklega finnist heimamönnum aðfinnsluvert hvernig vegurinn hafi verið færður út á fossbrún í Gautsdal frá því sem var upphaflega kynnt. Með því skapist óþarfa slysahætta. Fossinn eigi til að fjúka upp af fossbrúninni og þá geti skapast hálka og svellbunkar. - gar

HRÚTAFJÖRÐUR

Hækka útsvar fyrir styrk

Bæjarhreppur á Ströndum hefur eins og fleiri sveitarfélög hækkað útsvarsprósentuna í hámarkið 13,03 prósent til að missa ekki af aukaframlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Framlagið er aðeins greitt sveitarfélögum sem fullnýta heimild til útsvarsálagningar.

ENNEMM / SÍA / NM30938

Afgreiðslutímar í vínbúðunum

á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi og í Keflavík um jól og áramót 2007

Föstudagur 28. desember
Opið kl. 11.00 - 20.00
Vínbúðirnar Dalvegi & Skeifunni opna kl. 09.00

Laugardagur 29. desember
Opið kl. 11.00 - 20.00
2008 nálgast!

Sunnudagur 30. desember
LOKAÐ*

Mánudagur 31. desember
Opið kl. 09.00 - 14.00
Vínbúðirnar Kringlunni & Smáralind opna kl. 10.00

Afgreiðslutíma vínbúða um allt land má sjá á www.vinbud.is

VÍNBÚÐ lifum, lærum & njótum

* Skv. áfengislögum er óheimilt að hafa opið á sunnudögum.

HREINSAÐ TIL Gíraffi leggur á sig erfiðið sem hann þarf til að teygja sig alla þessa löngu leið niður að jörðinni til að ná sér í epli sem féll af tré í dýragarðinum í Sidney, höfuðborg Ástralíu. NORDICPHOTOS/AFP

Leikarinn Chuck Norris er ósáttur við bók með ímynduðum staðreyndum um sig:

Segir tár sín ekki lækna krabbamein

BANDARÍKIN Leikarinn og bardagalistakappinn Chuck Norris hefur kært útgefanda bókar sem inniheldur fjögur hundruð goðsagnakenndar staðreyndir um hann. Hann segir útgefendurna notfæra sér nafn sitt á ólöglegan hátt og krefst skaðabóta.

Bókin, sem heitir „Sannleikurinn um Chuck Norris: 400 staðreyndir um heimsins hörðustu manneskju“, er byggð á lista yfir ímyndaðar staðreyndir um Norris, sem hefur verið í dreifingu á netinu síðastliðin tvö ár. Þar er grínast með ímynd Norris sem hörkutól.

Meðal staðreynda sem finna má í bókinni eru: „Tár Chuck Norris lækna krabbamein. Verst að hann hefur aldrei grátið,“ og „Chuck Norris sefur ekki. Hann bíður.“

Samkvæmt fréttavef Reuters segir Norris að titill bókarinnar gefi til kynna að staðreyndirnar séu sannar, en ekki grín. Hann hafi viljað vernda nafn sitt og því lagt fram kæru á hendur útgefendunum.

Norris er einna frægastur fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Walker, Texas Ranger sem framleiddir voru frá 1993 til 2001. Þar lék hann hörkutólið Walker sem barðist gegn glæpum í Texas-ríki Bandaríkjanna. - sþs

CHUCK NORRIS Hörkutóls-leikarinn á kosningafundi með Mike Huckabee sem sækist eftir forsetaframboði fyrir Repúblikanaflokkinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„STAÐREYNDIR“

- Chuck Norris hefur talið upp í óendanleikann. Tvisvar.
- Chuck Norris les ekki bækur. Hann starir á þær þar til hann fær þær upplýsingar sem hann vill.
- Það er engin haka undir skeggi Chuck Norris, bara annar hnefi.
- Chuck Norris getur drekkt fiski.
- Chuck Norris getur reimað skóna sína með fótunum.
- Það er engin þróunarkenning, eingöngu listi yfir dýrategundir sem Chuck Norris leyfir að lifa.

VINDHEIMAMELAR 2002 Forseti Íslands og Anna Bretaprinsessa á Landsmóti hestamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Landsmót hestamanna 2010:

Samið við Skagfirðinga

ÍÞRÓTTIR Landsmót hestamanna 2010 verður á Vindheimamelum í Skagafirði ef samningar nást við heimamenn. Á heimasíðu Skagafjarðar kemur fram að fjórar umsóknir hafi borist um að halda mótið árið 2010. Umsóknirnar hafi verið frá umsjónarmönnum Vindheimamela í Skagafirði, Melgerðismela í Eyjafirði, Gaddstaðaflata við Hellu og Víðidals í Reykjavík. Stjórn Landsmóts hestamanna hafi ákveðið að ganga til samninga við Skagfirðinga og ætli að ljúka þeim í síðasta lagi 1. júní 2008. - gar

Skora á björgunarsveitir:

Björgunarsveitir taki rakettur

UMHVERFISMÁL Vefurinn Náttúran.is hefur skorað á björgunarsveitir landsins að taka aftur við rusli þeirra flugelda sem þær selja fyrir áramótin.

Fram kemur á vefnum að áskorunin felist í því að hjálparsveitir taki frumkvæði og auglýsi að þær taki við ruslinu og sjái til þess að því sé komið til endurvinnslu. Þá segir þar að samvinna milli hjálparsveita og endurvinnslustöðva gæti orðið með besta móti og sveitirnar myndu verða ábyrg samtök sem hugi að umhverfisvernd. - þeb

Fólk og málaflokkar flytjast milli ráðuneyta um áramót

Umfangsmikil breyting verður á stjórnarráðinu um áramót þegar ráðuneyti verða sameinuð, málaflokkar fluttir á milli ráðuneyta og stofnanir færðar til. Hátt í fimmtán starfsmenn flytjast á milli ráðuneyta.

STJÓRNSÝSLA Um fimmtán starfsmenn stjórnarráðsins skipta um vinnustað um áramót þegar tilfærsla verkefna milli ráðuneyta tekur gildi. Talsvert fleiri fá nýja yfirboðara þegar heilu stofnanirnar flytjast frá einu ráðuneyti til annars.

Umfangsmestur er flutningur Tryggingastofnunar frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytisins sem um leið fær nýtt heiti; félags- og tryggingamálaráðuneyti. Sjúkratryggingar verða áfram á könnu heilbrigðisráðuneytis.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti verða sameinuð um áramót en Einar K. Guðfinnsson hefur farið með bæði ráðuneytin frá myndun ríkisstjórnarinnar í vor. Þá verður Hagstofan hefðbundin ríkisstofnun undir forræði forsætisráðuneytisins en ekki ráðuneyti eins og verið hefur.

Þeir málaflokkar sem mest kveður að og færast milli ráðuneyta eru sveitarstjórnarmál sem flytjast úr félagsmálaráðuneyti í samgönguráðuneyti og ferðamál sem færast úr samgönguráðuneyti í iðnaðarráðuneytið. Þá flyst umsýsla Keflavíkurflugvallar frá utanríkisráðuneyti til samgönguráðuneytis, stjórnsýsla landbúnaðarháskólanna færist frá landbúnaðarráðuneyti til menntamálaráðuneytis, málefni fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu flytjast frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til viðskiptaráðuneytis og sá þáttur matvælamála sem var í umhverfisráðuneytinu fer til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Þá færast landgræðsla og skógrækt – utan nytjaskóga – frá landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

SJÁVARÚTVEGSHÚSIÐ Þótt starfsemi landbúnaðarráðuneytisins flytjist ekki í Sjávarútvegshúsið við Skúlagötu fyrr en í haust tekur sameining sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyta gildi 1. janúar.

Með tilfærslu verkefna flytjast starfsmenn á milli ráðuneyta, flestir með flutningi sveitarstjórnarmála til samgönguráðuneytis og tryggingamála til félags- og tryggingamálaráðuneytis.

Flutningur viðskiptaráðuneytisins úr Arnarhvoli í núverandi húsakynni landbúnaðaráðuneytisins við Sölvhólsgötu er fyrirhugaður um mánaðamótin janúar-febrúar. Í fyrstu verður þar þröng á þingi því ekki er ráðgert að landbúnaðurinn flytjist í sjávarútvegsráðuneytið í Sjávarútvegshúsinu við Skúlagötu fyrr en með haustinu.

bjorn@frettabladid.is

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR Umtalsverðar breytingar verða á verksviði ráðuneytis Jóhönnu um áramót þegar tryggingamál færast undir þess forræði. Um leið flytjast sveitarstjórnarmál til samgönguráðuneytisins.

HELSTU BREYTINGAR Á STJÓRNARRÁÐINU

- Lífeyristryggingar og félagslegar bætur færast frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytis.
- Sveitarstjórnarmál færast frá félagsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis.
- Ferðamál færast frá samgönguráðuneyti til iðnaðarráðuneytis.
- Menntastofnanir landbúnaðarins færast frá landbúnaðarráðuneyti til menntamálaráðuneytis.
- Landgræðsla og skógrækt (utan nytjaskóga) færast frá landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis.
- Vatnamælingar færast frá iðnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis.
- Málefni matvæla færast frá umhverfisráðuneyti til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.
- Einkaleyfisstofa færist frá iðnaðarráðuneyti til viðskiptaráðuneytis.
- Málefni Keflavíkurflugvallar færast frá utanríkisráðuneyti til samgönguráðuneytis.
- Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins færist frá viðskiptaráðuneyti til iðnaðarráðuneytis.
- Málefni fasteigna, fyrirtækja- og skipasala færast frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til viðskiptaráðuneytis.
- Hagstofan breytist úr ráðuneyti í ríkisstofnun.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: STÖÐ 2 STÖÐ 2+ STÖÐ 2 BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ+ STÖÐ 2 SIRKUS STÖÐ 2 SIRKUS+

MARKAÐURINN
ANNÁLL 2007
Í DAG KL. 12:30
Farið yfir helstu viðburði viðskiptalífsins á árinu 2007

skemmtilegri

Það er ekkert sem á eftir að toppa þessa ÚTSÖLU í ár!

Bara í dag og bara á morgun

50%

Kayakar á hálfvirði
Haglabyssur á hálfvirði
Byssuskápar á hálfvirði
Vöðlur á hálfvirði

50%

Jakkar á hálfvirði
Skotveiðigallar á hálfvirði
Kayakgallar á hálfvirði
Veiðistangir á hálfvirði

50%

50%

Veiðihjól á hálfvirði
Sjónaukar á hálfvirði

Bókstaflega bara allt í veiðina og kayakinn á hálfvirði en bara í dag og bara á morgun og bara í Sportbúðinni Krókhálsi 5

Opið til kl. 20 í kvöld
og frá kl. 10-18 á morgun, laugardag

SPORTBÚÐIN

- Krókhálsi 5 - Sími 517 8050 - Sportbudin.is -

Gleðilegt Nýtt

Veislulæri Hagkaupa

kryddað með fersku rósmarín, steinselju, timian, söxuðum hvítlauk, lime, chili pipar, salti og olíu.

Skreyttu eftirréttadiskinn með lítilli sneið!

Tamarillo


Passion

Dreka ávöxtur


Guave

Granatepli

Grenadilla

Kaktus fíkjur

Maracuya

Ramboutan

Curuba

Franskir ostar

Stirrings kokteilblöndur

Kettle Chips - stökkari og bragðbetri

Þessar verða að komast í áramótapartíið!

Gildir á meðan birgðir endast.

Ár

Kjöt & fisktorgið
Alltaf ferskt

Nautakjöt á góðu verði

Roast beef - innralæri	*1.998.-*	~~*2.782.-*~~
Nautafile	*2.498.-*	~~*3.269.-*~~
Nautalundir	*3.498.-*	~~*3.846.-*~~

Svínalundir
1.498.- ~~*2.559.-*~~

Fyrir þá sem vilja vera öðruvísi!

Fasanabringur

Kengúra


Rjúpa skosk


Hreindýr

Krónhjörtur


Dúfa


Lynghænur


Andabringur

Frönsk berberieönd


Fasani

Freyðandi drykkur
skemmtilegur valkostur fyrir krakkana um hátíðirnar

Smjörsprautað kalkúnaskip
tilbúið beint í ofninn!

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

„ORÐRÉTT“

Ekki lífshættulegt ofát

„Þó að ekki beri mikið á almennri skynsemi held ég ekki að neinn komi hingað af því að hann er of saddur.“

EFTIR AÐ HAFA BORÐAÐ JÓLAMATINN LENDA ALLTAF EINHVERJIR Á SLYSADEILD, EN FRIÐRIK SIGURBERGSSON KANNAST ÞÓ EKKI VIÐ AÐ ÞAÐ SÉ VEGNA OFÁTS.

Fréttablaðið 27. desember

Þrjóskur Illugi

„Illugi var erfiður í tamningu en fékk þó ekki nafnið út af því.“

FINNUR GUÐSTEINSSON HESTAMAÐUR LEYFÐI SYNI SÍNUM AÐ VELJA NAFNIÐ Á HESTINN, SEM VALDI NAFNIÐ ILLUGI, EN VILDI EKKERT AF 30 HESTANÖFNUM SEM FINNUR VALDI FYRIR HANN.

Morgunblaðið 27. desember

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÞORBJÖRG S. GUNNLAUGSDÓTTIR LÖGFRÆÐINGUR

Fjögur í litla gula húsinu um jólin

„Við fjölskyldan erum að koma úr sundi, fórum í sundlaug Seltjarnarness sem við höfum stundað grimmt í aðdraganda jóla og reyndar yfir jólahátíðina,“ segir Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.

„Við höfum verið að halda síðustu jólin í gamla húsinu okkar í vesturbænum og erum að gera okkur klár að flytja í austurbæinn.“ Þau Ágúst Ólafur, alþingismaður og eiginmaður Þorbjargar, keyptu sér hús í austurbæ Reykjavíkur og hafa verið að gera á því endurbætur. „Við hefðum getað flutt núna fyrir jólin eins og til stóð í fyrstu en þá hefðu það verið jól í pappakössum,“ en það þótti þeim Þorbjörgu, Ágústi Ólafi og dætrum þeirra tveimur ekki spennandi kostur.

Fjölskyldan hefur haft það gott yfir jólin. „Við borðuðum kalkún á aðfangadag og vorum fjögur hérna heima í litla gula húsinu. Það var hefðbundin verkaskipting, ég sá um eldamennskuna á meðan maðurinn og dæturnar útdeildu gjöfum til vina og ættmenna.“

„Við erum alltaf fjögur hérna heima á aðfangadag og svo tekur við harkan í jólaboðum dagana þar á eftir. Við fórum í tvö jólaboð á jóladag, annað til fjölskyldu Ágústar og hitt til fjölskyldu minnar, og svo fórum við í eitt jólaboð annan í jólum.“

„Svo er það afslappelsi fram á gamlárskvöld sem við höldum upp á með vinum okkar. Við verðum heima um áramót með vinum okkar og þar verða fimm börn undir fimm ára aldri svo það verður mikið fjör,“ segir Þorbjörg.

HÚÐFLÚR

GÖMUL TJÁNINGARÞÖRF

Fornleifafræðingar sem rannsakað hafa mannamyndir frá því 6.000 árum fyrir Krist telja að menn hafi þá þegar flúrað myndir á andlit sitt og skrokk. Með kynnum evrópskra sæfara af Pólýnesum um 1800 hófst nýtt tímabil í sögu húðflúrs í Evrópu. Húðflúr varð mjög vinsælt meðal tiltekinna hópa í Evrópu; annars vegar meðal aðalsmanna og hins vegar meðal vændiskvenna og glæpamanna. Þessi síðari hópur virðist hafa haft mun meiri áhrif á þá ímynd sem húðflúr fékk í huga evrópskrar millistéttar. Þekktur 19. aldar afbrotafræðingur, Lombroso að nafni, taldi til dæmis þörfina á að láta húðflúra sig vera eitt af einkennum meðfæddrar glæpahneigðar.

tilveran
nær og fjær

SJÓNARHÓLL

DÝRAR GJAFIR FYRIRTÆKJA

Ekki í anda jólanna

„Kannski má segja að þessar gjafir séu í takt við neysluhyggju þjóðarinnar og tíðaranda velmegunarþjóðfélagsins,“ segir séra Hildur Eir Bolladóttir um jólagjafir fyrirtækja til starfsmanna sinna.

„Jólagjafirnar eru að verða dálítið stórar, dýrar og miklar. Þetta er ekki til fyrirmyndar fyrir ungu kynslóðina því við eigum að kenna börnunum okkar að andi jólanna snúist ekki um peninga heldur að eiga innihaldsrík samskipti við annað fólk.“

„Inntak jólanna er að umgangast fólk að fyrirmynd Jesú Krists. Ástæða þess að Kristur kom í þennan heim var að hann sá að við þurftum á kennslu í mannlegum samskiptum að halda og þess vegna hefði það verið í anda jólanna að láta þessa fjármuni renna til líknarmála.“

SÉRA HILDUR EIR BOLLADÓTTIR Sóknarprestur í Laugarneskirkju.

„Fyrirtækin hefðu líka getað gefið starfsmönnum sínum meira frí um jólin, til að verja tíma með fjölskyldum sínum. Maðurinn minn fékk tvo frídaga og það er besta jólagjöfin okkar þessi jól.“

Jólahappdrætti
Krabbameinsfélagsins

Útdráttur 24. desember 2007

Vinningar

Toyota Prius, 2.699.000 kr.
17286

Bifreið eða greiðsla upp í íbúð, 1.000.000 kr.
129354

Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, 100.000 kr.

481	24353	41473	61448	80769	102605	120556
2073	24410	42081	61729	80813	102925	120931
2651	24539	42338	61767	82956	102979	121765
3332	25246	43122	63746	83547	103649	121893
3537	26974	44956	64744	83621	104703	122609
3548	27268	45537	65140	84314	105213	123249
3579	27640	45917	65855	84741	105267	123351
3627	27880	46512	66587	85680	105720	124303
4010	28604	47064	67666	86984	105908	125086
5255	29548	47503	68426	88490	106186	126276
6444	32077	48625	68547	88724	106465	127267
6862	32531	49287	68691	89365	107648	127886
7124	32589	49618	70249	90698	108495	127992
8214	33014	51615	71149	91992	108788	128898
10228	33715	51649	71157	92680	109007	128920
10362	34552	51702	71391	92808	110123	129858
10967	34644	53223	71514	92996	110857	130625
12718	34769	53498	71700	93645	111321	131540
13787	35773	53516	71758	94864	112475	131691
14541	36953	55030	72156	95275	112971	132965
16723	37177	56350	72476	95424	113945	132997
17544	37233	56825	72558	95751	115112	133302
18057	38391	56891	72719	96210	116914	134005
18386	38977	57178	73046	97704	117230	135952
19113	39264	57699	73798	98655	117768	
20486	39375	58917	74981	100652	117798	
21101	39647	60638	75204	100746	118021	
21119	40274	60927	75509	102528	118152	
21784	41396	61298	78633	102558	120287	

Birt án ábyrgðar

Krabbameinsfélagið þakkar landsmönnum veittan stuðning
Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, sími 540 1900.
Byrjað verður að greiða út vinninga 14. janúar nk.

Krabbameinsfélagið www.krabb.is

UPPRENNANDI ÍSLENSKUKENNARI Shu Hui Wang er á fyrstu önn í íslenskunáminu sem taka mun tvö ár en þá heldur hún til Peking til að kenna íslenskuna við Tungumálaháskólann þar í borg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kennir íslensku í Kína

Í september 2006 gerðu Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og menntamálayfirvöld í Kína samkomulag um aukið samstarf í mennta- og menningarmálum. Hluti af því samkomulagi var að styrkja kínverskan nemanda til íslenskunáms með það fyrir augum að hann kenndi íslensku við Tungumálaháskólann í Peking eða Beijing Foreign Studies University í Kína.

Nemandinn heitir Shu Hui Wang og hóf íslenskunámið í september síðastliðnum. „Mér brá nokkuð í brún þegar mér varð ljóst hversu erfitt það er að læra íslensku,“ segir hún. „Ég var til dæmis hálf feimin við það að segja að ég væri að fara að kenna íslensku í framtíðinni, ég var hreinlega ekki viss um að það væri raunhæft en nú er ég ófeimin við það því ég er komin á gott ról.“

Hún segir að til standi að kennslan byrji í Peking árið 2009. „Það verða einnig með mér Íslendingur menntaður í íslenskum fræðum og síðan kínverskur starfsmaður sem talar einnig íslensku. Ég geri ráð fyrir því að um tíu nemendur muni sækja námið en það stendur í fjögur ár og innritað verður á fjögurra ára fresti.“

Meðan á heimsókn menntamálaráðherra til Kína stóð voru Tungumálaháskólanum í Peking einnig afhentar um 1.600 íslenskar bækur að gjöf. „Bókagjöfin myndaði stofn að einu stærsta bókasafni íslenskra bóka í Asíu,“ segir Steingrímur Sigurgeirsson, aðstoðarmaður ráðherra.

Alls 25 erlendir nemendur þiggja styrk frá ráðuneytinu til að læra íslensku hér á landi. Flestir þeirra eru nú komnir til síns heima í jólafrí en ráðuneytið bauð hinum í mat á aðfangadag á Radisson SAS Hótel Sögu og svo aftur á gamlársdag.

Aðspurð hvað sé erfiðast við íslenskuna svarar hún: „Ég veit ekki hvað er erfiðast en ég veit hvað mér finnst skondnast. Það er framburður á orðum eins og „vel“ en mér hefur verið sagt að setja tunguna til hliðar þegar ég ber orðið fram. Svo er það orðið „vatn“ því hljóðið kemur eiginlega fyrst frá munni en svo frá nefi,“ segir hún og hlær við á meðan hún æfir sig á orðunum óþjálu.

jse@frettabladid.is

Met var sett í innanlandsflugi á árinu:

Farþegi númer 500 þúsund

Farþegar í innanlandsflugi urðu í gær fimm hundruð þúsund á árinu samkvæmt upplýsingum frá Flugstoðum. Er þetta í fyrsta skipti sem þessum farþegafjölda er náð á einu ári.

Farþegum hefur fjölgað um 17 prósent frá því í fyrra þegar þeir voru tæplega 427 þúsund. Telja Flugstoðir þetta til vitnis um að fólk sjái sér hag í því að nýta flugsamgöngur í stað þess að keyra á milli landshluta.

Farþegi númer 500 þúsund kom með flugi frá Þórshöfn á Langanesi um Vopnafjörð og Akureyri til Reykjavíkur og fékk þar blómvönd og innanlandsflugmiða fyrir tvo. - **gar**

REBEKKA RAFNSDÓTTIR OG RAFN JÓNSSON Farþegar númer 500 þúsund í innanlandsflugi 2007.

BÓNUS

Opið í dag 10.00 til 19.30

Nautalundir innfluttar **2998 kr/kg.**

Holda-Kalkúnn frosinn **698 kr/kg.**

Ali hamborgarhryggur m/beini
1252 kr/kg. Merkt verð 1789 kr/kg.

KS lambalæri frosið
879 kr/kg. Merkt verð 1098 kr/g.

Helgarsteik-Íslandsnaut
Sérvalinn kryddaður ungnautavöðvi í álbakka.
Tilb. beint í ofninn. **1998 kr/kg.**

Roast beef frá Íslandsnauti.
Fyrsta þokks ungnauta innralæri. **1998 kr/kg.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI Í DESEMBER: www.bonus.is

Vefurinn: eHow

Þarftu að læra að binda bindishnút, fjarlægja veggfóður eða leika á trommur? eHow kennir þér að gera bókstaflega allt.

www.ehow.com

tækni&vísindi

taekni@frettabladid.is

TÆKNISPJALL: ÖRVAR G. FRIÐRIKSSON, UMSJÓNARMAÐUR ÍSLENSKA XBOX SAMFÉLAGSINS

Standa fyrir stefnumótum á Xbox Live

„Við erum aðallega að vinna í því að fá Xbox Live! til landsins, en síðan erum við með ýmislegt fleira planað fyrir næsta ár," segir Örvar G. Friðriksson, umsjónarmaður xbox360.is, vefsíðu íslenska Xbox samfélagsins. „Við ætlum til dæmis að gera vefinn notendavænni og standa fyrir stefnumótum á Xbox Live! þar sem íslenskir spilarar hittast á netinu á ákveðnum tímum til að spila saman."

ÍXS, eða íslenska Xbox samfélagið, varð til þegar Örvar fór að halda úti lista yfir Íslendinga sem áttu Xbox 360 leikjatölvur. Vegna þess að netþjónustan fyrir Xbox 360 leikjatölvuna, sem heitir Xbox Live!, er ekki formlega í boði á Íslandi þurfa þeir Íslendingar sem vilja spila leiki yfir netið að skrá sig með heimili í Bretlandi eða öðru landi.

Fyrir vikið getur verið erfitt að finna aðra Íslendinga til að spila við, en þar kemur listi Örvars til sögunnar. Með honum hafa íslenskir Xbox spilarar fundið aðra Íslendinga, bætt þeim á vinalistann sinn og spilað leiki við þá yfir netið. Þó væri best ef þjónustan stæði Íslendingum formlega til boða og hefur Örvar barist fyrir því í samstarfi við Tölvuvirkni, Netsamskipti og Microsoft á Íslandi.

Aðspurður hvað hafi staðið upp úr á árinu sem er að líða nefnir Örvar miðnæturopnanir á vegum ÍXS og BT, þar sem nýir leikir fóru í sölu á miðnætti kvöldið fyrir útgáfudaginn. „Við vorum með tvær þannig, eina þegar Halo 3 kom út og svo aðra þegar Mass Effect, Guitar Hero III og fleiri leikir komu út sama daginn. Mætingin hefur verið framar vonum, það komu rúmlega tvö hundruð manns á Halo 3 opnunina."

Að lokum vill Örvar koma á framfæri þökkum til allra íslenskra Xbox spilara. „Það er kannski það besta við þetta allt saman. Ég hef aldrei áður eignast svona marga nýja og góða vini, sem ég á í persónulegum samskiptum við dagsdaglega, og í gegnum Xbox Live!"

Tækni- og vísindaárið í hnotskurn

Hver er merkilegasta græjan sem leit dagsins ljós á árinu sem er að líða? En stærsta vísindafréttin? Mestu vonbrigðin? Fréttablaðið leit yfir það merkilegasta sem gerðist í tækni- og vísindaheiminum árið 2007.

TÆKNIHEIMURINN

Loftsteinn stefnir á Mars

Nýuppgötvaður loftsteinn stefnir á Mars og gæti lent á plánetunni 30. janúar næstkomandi. Ef svo fer fá vísindamenn gott tækifæri til að fylgjast með nýjum gíg verða til, og jafnvel árekstrinum sjálfum. Steinninn uppgötvaðist við leit að loftsteinum sem gætu mögulega stefnt á jörðina, en líkurnar á því að hann lendi á Mars eru um það bil einn á móti 75.

Apple yfir 200 dollara

Hlutabréf í tölvufyrirtækinu Apple fóru yfir 200 dollara á miðvikudag, í fyrsta sinn. Hækkunin þykir gefa til kynna aukið traust fjárfesta á fyrirtækinu, sem gerði það gott í ár með útgáfu á nýju stýrikerfi og iPhone farsímanum.

Sony skilur við fortíðina

Japanska tæknifyrirtækið Sony hefur tilkynnt að það hyggist hætta að framleiða sjónvörp með myndlampa. Þess í stað ætli fyrirtækið að einbeita sér að LCD og Plasma-tækni í flatskjáum. Ástæðan fyrir þessu er sögð minnkandi eftirspurn eftir myndlampasjónvörpum.

Undirbúa næstu útgáfu IE

Tilraunaútgáfa vafrans Internet Explorer 8 kemur út um mitt næsta ár. Þetta tilkynnti hugbúnaðarrisinn Microsoft á dögunum. Meðal nýjunga í þessari áttundu útgáfu vinsælasta vafra í heimi er betri stuðningur við önnur stýrikerfi en Windows og ýmsar útlitslagfæringar. Þessi tilkynning Microsoft kemur aðeins nokkrum dögum eftir að aðstandendur Firefox-vafrans, helsta keppinautar Internet Explorer, gáfu út aðra tilraunaútgáfu af Firefox 3.

Stal Bell símahugmyndinni?

Alexander Graham Bell, upphafsmaður talsímans, stal hugmyndinni að símanum frá keppinautinum Elisha Gray. Þessu er haldið fram í nýrri bók eftir bandarískan blaðamann. Samkvæmt henni náði Bell að kíkja á einkaleyfisskjöl sem Gray hafði lagt fram og koma sínum skjölum að á undan.

Stýrikerfin uppfærð

Tvö vinsælustu stýrikerfin hjá almennum tölvunotendum fengu uppfærslu á árinu. Úr herbúðum Microsoft kom Windows Vista, arftaki hins vinsæla Windows XP, og frá Apple kom Leopard, sjötta útgáfa OS X stýrikerfisins.

Þrátt fyrir miklar væntingar hefur Vista ekki náð almennilegri fótfestu á markaðnum, og snýr gagnrýnin helst að of fáum eftirtektarverðum nýjungum og óþjálu notendaviðmóti. Einnig var reklastuðningi ábótavant fyrstu mánuðina eftir að stýrikerfið kom út, sem hjálpaði ekki.

Á hinn bóginn hefur Leopard selst vel, en í mun færri eintökum enda með margfalt færri notendur en Windows.

Hlýnun loftslagsins

Árið 2007 verður að teljast árið sem hlýnun loftslags hætti að vera kenning og varð bláköld staðreynd.

Í skýrslu sérfræðinganefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) sem kom út í febrúar sagði að hlýnun loftslags væri ótvíræð staðreynd, og þar væri um að kenna mikilli notkun mannkynsins á jarðefnaeldsneyti – kolum, olíu og gasi. Nefndin hlaut friðarverðlaun Nóbels ásamt Al Gore, fyrrum varaforseta Bandaríkjanna og umhverfisverndarsinna.

Árinu lauk með loftslagsráðstefnu í Balí í þessum mánuði, þar sem fulltrúar þjóða heimsins hittust til að ræða um loftslagsbreytingar. Samþykkt var að hefja viðræður um áætlun sem á að taka við af Kyotobókuninni síðan 1997.



Síminn sem sneri tækniheiminum á hvolf

Steve Jobs, forstjóri Apple, kom öllum á óvart á kynningu í febrúar og varpaði stærstu tæknisprengju ársins. Fyrirtækið skyldi herja inn á farsímamarkaðinn með iPhone, byltingarkenndum síma með eiginleikum iPod-tónlistarspilarans. Sameina átti farsíma, tónlistar- og myndbandsspilara og lófatölvu í eitt tæki með stórum snertiskjá og örfáum tökkum.

Viðtökurnar voru góðar; síminn seldist upp þegar hann kom út í júní í Bandaríkjunum, og fjölmiðlar hafa skrifað meira um hann en nokkurt annað tæknifyrirbæri allt árið. Íslendingar þurfa að bíða örlítið lengur eftir honum, en við megum eiga von á honum hér á fyrri hluta þessa árs.

Sigurganga Wii

Wii frá Nintendo er ótvíræður sigurvegari ársins 2007 í leikjatölvustríðinu. Fyrirtækið hefur ekki náð að anna eftirspurn eftir tölvunni, rúmu ári eftir að hún kom út. Tæplega sextán milljónir eintaka seldust á árinu, um það bil jafn mikið og seldist af hinum tveimur leikjatölvunum, PlayStation 3 og Xbox 360, samanlagt.

Helsta ástæðan fyrir vinsældum Wii er hversu aðgengileg hún er þeim sem ekki hafa notað leikjatölvur áður. Í stað hefðbundins stýripinna er fjarstýring með innbyggðum hreyfiskynjara, sem spilarinn notar til að líkja eftir hreyfingum í leikjum. Tölvan sjálf er auk þess töluvert ódýrari en keppinautarnir.

Blu-Ray og HD DVD

Stríðinu milli háskerpudiskanna HD DVD og Blu-Ray er engu nær því að ljúka nú í lok árs, neytendum til mikilla ama. Þeir sem hafa ekki viljað hætta sér í fjárfestingar í annarri hvorri tækninni af ótta við að hin verði ofan á þurfa að bíða enn lengur.

Þessi keppni um hylli (og veski) neytenda hefur skilað sér í nánast fullkomnu áhugaleysi þeirra á þessari nýju tækni. Illskiljanlegar útskýringar á kostum háskerpudiskanna og ótti við að borga fyrir tækni sem verður mögulega úrelt innan fárra ára hefur gert það að verkum að flestir láta sér gömlu góðu DVD-diskana nægja.

Smáís og IsTorrent

Baráttan harðnaði á milli þeirra sem eiga rétt til dreifingar á efni eins og kvikmyndum, tónlist og tölvuleikjum, og þeirra sem vilja nálgast efnið ókeypis. Langstærsta íslenska skráaskiptavefnum, IsTorrent, var lokað í kjölfar lögbannsbeiðni samtaka myndrétthafa á Íslandi, Smáís, og þurftu um tuttugu þúsund notendur hans því að finna aðrar leiðir til að skiptast á skrám. Forsvarsmaður síðunnar, Svavar Lúthersson, var kærður og bíður málið þess að vera tekið fyrir.

Annað mál sem varðar meint brot á höfundarréttarlögum komst einnig í fréttirnar á árinu, en það er DC++ málið svokallaða. Þremur árum eftir að húsleit var gerð hjá tólf manns sem notað höfðu skráaskiptaforritið DC++ lauk efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra við rannsókn málsins, og fer það fyrir dómstóla snemma á næsta ári.

HRIKALEG VERÐLÆKKUN

LÆKKUN Á LÆKKUN OFAN • FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

LEYFI FYRIR 3 TÖLVUR

TREND VÍRUSVÖRN

1.990

Trend Internet Security 2008

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

EINN SPINDILL Á MANN

10 DVD DISKAR

390

Verbatim 16x DVD+R spindill

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

5.1 KERFI

2.990

Frábært SB580 Creative 5.1 hljóðkerfi

4 BLS STÚTFULLAR AF TILBOÐUM

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

2GB MINNI

4.990

2GB OCZ DDR2 800MHz vinnsluminni

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Canon

iP4500 PRENTARI

8.990

MEST SELDI PRENTARI Á ÍSLANDI

Tilboð gilda dagana 27-31 desember eða meðan birgðir endast

OPNUNARTÍMAR

28.Des 10-19
29.Des 10-18
30.Des 12-18
31.Des 9-12

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2007

Myrkraverk í miðborginni

Bæði jákvæðar og neikvæðar fréttir bárust af miðborg Reykjavíkur á árinu, eins og túlkaðar eru hér í teikningum *Hugleiks Dagssonar*. Hinn 1. júní var bannað að reykja á veitinga- og skemmtistöðum og þegar fólkið þyrptist út til að reykja, var kvartað undan sóðaskapnum sem því fylgdi. Þá var lögreglan með sérstakt átak um helgar þar sem þeir sem ekki gátu hamið sig voru sektaðir fyrir að kasta af sér vatni utandyra. En á milli frétta um ofbeldi og sóðaskap bárust einnig fréttir af væntanlegri uppbyggingu í miðborginni, fyrirhugaðri verslunarmiðstöð og að Samson-feðgar væru búnir að tryggja Listaháskólanum húsnæði við Laugaveginn.

Hugleikur Dagsson er höfundur leikritanna Forðist okkur og Leg. Eftir hann liggur einnig fjöldi teiknimyndabóka með kolsvörtum húmor. Tvær þeirra hafa verið þýddar á ensku og gefnar út af Penguin Books; Should you be laughing at this? og Is this supposed to be funny?

Innlendir vendipunktar 2007
Fréttablaðið gerir nú upp árið með greinum um innlenda vendipunkta eftir landskunna Íslendinga. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir á árinu, sem eiga það sammerkt að vera fréttir um eitthvað nýtt sem gerðist eða breytingar sem hafa áhrif til frambúðar.

SPRENGJA

19" BREIÐTJALDSSKJÁR Á AÐEINS 14.900 KR

ENN MEIRI LÆKKUN

NÚ ER ENN MEIRI LÆKKUN Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI Á SPRENGJUNNI Í TÖLVULISTANUM!! KÍKTU VIÐ OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ, VERÐIÐ KEMUR ÞÉR Á ÓVART

SJÁUMST

FRÁ 697 KR MEÐ TÖLVU Á TIL LÁNI

28. DES FÖS 09:00 - 19:00
29. DES LAU 09:00 - 19:00
30. DES SUN 09:00 - 19:00
31. DES MÁN 09:00 - 12:00

19" BREIÐTJALDSSKJÁR

acer

19" Acer LCD AL1916WA breiðtjaldsskjár með 5ms viðbragðstíma, 1440x900 upplausn, 700:1 í skerpu og VGA tengi. Flottur svartur og silfurlitaður breiðtjaldsskjár á ótrúlegu sprengjuverði

ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU!!!

ADEINS EITT EINTAK Á MANN

19" SKJÁR 14.900

ACE SPRENGJA 1

ACE MEST SELDU HEIMILISTÖLVURNAR Á ÍSLANDI

AÐEINS 2.497 KR Á MÁNUÐI

- Intel Core 2 Duo E6750 2.66GHz
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 500GB WD Caviar SE16
- 20xDVD±/12xDL skrifari
- 256MB MSI Geforce8 NX8600GT
- Windows Vista Home Premium

74.900

22" SAMSUNG SKJÁR

FRÁ 987 KR MEÐ TÖLVU Á TIL LÁNI

22" Samsung 226BW LCD breiðtjaldsskjár með 1680x1050 í upplausn 1000:1 í skerpu • 2ms viðbragðstími Tengdur með VGA eða DVI tengi

32.900

24" SAMSUNG SKJÁR

FRÁ 1.347 KR MEÐ TÖLVU Á TIL LÁNI

24" Samsung 245BW LCD breiðtjaldsskjár með 1920x1200dpi í upplausn 1000:1 í skerpu • 5ms viðbragðstíma Tengdur með VGA eða DVI

44.900

TÖLVULISTINN ALLTAF BETRA VERÐ

REYKJAVÍK • NÓATÚNI 17 • S: 414 1700 | **AKUREYRI** • STRANDGÖTU 9 • S: 414 1730 | **EGILSSTAÐIR** • MIÐVANGI 2-4 • S: 414 1735
REYKJANESBÆR • HAFNARGÖTU 90 • S: 414 1740 | **KÓPAVOGUR** • HLÍÐASMÁRA 10 • S: 414 1760 | **AKRANES** • SMIÐJUVÖLLUM 32 • S: 414 1765

Öll verð og tilboð eru gefin upp með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Tilboðin gilda til og með 31. desember eða á meðan birgðir endast. * Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántökugjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 19,5%.

skoðun

greinar@frettabladid.is

Benazir Bhutto var ráðin af dögum í Pakistan í gær.

Afleiðingarnar ófyrirsjáanlegar

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Þegar Benazir Bhutto sneri aftur eftir átta ára útlegð til Pakistans í október sem leið fór hún ekki í grafgötur um að heimkoma hennar til föðurlandsins gæti kostað hana lífið. Fyrir höfðu faðir hennar og tveir bræður látið lífið fyrir Pakistan. Reynt var enda að ráða hana af dögum strax eftir heimkomuna og kostaði það tilræði á annað hundrað manns lífið þótt Bhutto sjálf slyppi þá með skrekkinn.

Ferill Benazir Bhutto er merkur en þyrnum stráður. Hún er fyrsta konan sem varð þjóðarleiðtogi í múslímaríki. Hún var forsætisráðherra Pakistans í tvígang, fyrst 1988 til 1990, eftir kosningasigur Þjóðarflokksins en hún tók við sem leiðtogi flokksins eftir að faðir hennar, Ali Bhutto, hafði verið tekinn af lífi árið 1979. Aftur varð Benazir Bhutto forsætisráðherra á árunum 1993 til 1996. Í bæði skiptin hraktist hún úr stóli forsætisráðherra vegna ásakana um spillingu og spillingarorðrómurinn hefur vissulega fylgt Benazir Bhutto eins og skuggi enda liggur bakland hennar í ævafornu pakistönsku ættarveldi.

Benazir Bhutto sóttist nú eftir forsætisráðherraembættinu þriðja sinni og var að hefja af krafti hina formlegu kosningabaráttu vegna fyrirhugaðra kosninga í janúar þegar hún var ráðin af dögum.

Leiðtogar um allan heim hafa fordæmt morðið á Benazir Bhutto. „Hún hafði djúpan skilning á sameiginlegum hagsmunum Vesturlanda og ríkja sem aðhyllast múhameðstrú. Með dauða hennar hafa sáttaöflin misst öflugan forystumann," segir forseti Íslands í yfirlýsingu sinni vegna morðsins á Benazir Bhutto í gær.

Ekki sér fyrir endann á pólitískum afleiðingum dauða Benazir Bhutto. Víst er þó að það munar verulega um hvern veigamikinn talsmann friðar og sátta milli Vesturlanda og múslímaríkja. Það munar einnig verulega um hverja og eina af þeim fáu konum sem komist hafa til áhrifa í múslímaríkum. Ljóst er að með Benazir Bhutto er horfin á braut ein af merkustu og áhrifamestu konum heims.

Margir bundu vonir við kosningarnar sem boðaðar höfðu verið nú í byrjun janúar en óvíst er um, að svo stöddu, hvort þær verði haldnar. Þegar hefur Sharif fyrrum forsætisráðherra Pakistans lýst því yfir að hann muni hunsa kosningarnar og hvatt aðra stjórnarandstöðuflokka til að gera slíkt hið sama. Einnig hefur Sharif krafist þess að Musharraf forsætisráðherra fari frá völdum þegar í stað.

Full ástæða er til að hafa þungar áhyggjur af framtíð Pakistans í kjölfar hins grimmdarlega morðs á Benazir Bhutto. Pakistan er ekkert smáríki. Það telur hvorki meira né minna en 170 milljónir manna. Þjóðin er margklofin og er kjarnorkuveldi að auki. Ljóst er einnig að ástandið í Pakistan skiptir sköpum fyrir friðarhorfur allar í þessum heimshluta. Miklu skiptir því fyrir heimsbyggðina alla að friðvænlega horfi hjá pakistönsku þjóðinni. Jafnljóst er að fall Benazir Bhutto er lóð á vogarskálar ófriðar en ekki friðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Engin leiðindi fram undan

Fjölmiðlafólki ætti ekki að leiðast í vinnunni á komandi ári, ef eitthvað er að marka völvu Vikunnar. Eldgosi er spáð á árinu, og jafnvel tveimur gosum þar sem jörð skelfur og gos myndast. Völvuspá er ekki völvuspá nema eldgos sé í þeim og hinar bráðnauðsynlegu spár um jarðhræringar á Reykjanesi, en slíkar spár eru jafn árviss viðburður og jólin sjálf.

Ekki bara jörð sem skelfur

En það er fleira sem mun gjósa, hafi völvan rétt fyrir sér, því völvan spáir því að ríkisstjórnin springi í loft upp og boðað verði til kosninga á árinu. Þingvallaríkisstjórnin yrði þá ekki langlíf, þrátt fyrir margendurómaða ræðu ráðherra um gott samstarf Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Þá kæmi það völvunni ekki á óvart að meirihlutinn í borgarstjórn myndi einnig springa – á nýjan leik – eftir að ungliðarnir í flokkunum kæmu einhverjum leiðindum af stað. Það séu þó ekki nema tvær til þrjár manneskjur sem séu með einhver leiðindi þar – og ekki hægt að temja.

Enga evru, takk

Þá kemur Völvan út úr skápnum sem andstæðingur Evrópusambandsins og evrunnar. Líkt og Björgólfur Thor í Viðskiptablaðinu í gær telur völvan ekki allt gott í ESB. Björgólfur vill hins vegar kasta krónunni og undir það tekur svo sem Völvan. Völvan segir hins vegar að evran sé ekki þessi góði gjaldmiðill sem látið er af, og frekar ætti að taka upp stöðuga mynt, svo sem sænsku krónuna eða kanadíska dalinn.

svanborg@frettabladid.is

Lífsgæðakapphlaupið

HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Í DAG | Tækifæri lífsins

Hvers vegna liggur nútímamönnum á? Margir hafa tekið eftir því, að fólk fer sér miklu hægar í sveitum en borgum og í suðrænum löndum en norrænum.

Þótt áramót séu engin sérstök tímamót, hefja þá jafnan upp raust sína ýmsir spekingar, sem segja okkur, séu þeir biblíufróðir, að lífsgæðakapphlaupið sé aðeins hégómi og sókn eftir vindi, en kunni þeir sinn Einar Benediktsson, erindisleysa með dugnaðarfasi. Þessir spekingar hrista höfuðið yfir eyðslu landsmanna og neyslu og fjölyrða um peningadýrkun. Þeir hafa ekki beinlínis rangt fyrir sér. Auðurinn er góður þjónn, en vondur húsbóndi, og allt er best í hófi. En margt má segja til varnar eða að minnsta kosti til skýringar lífsgæðakapphlaupinu, og þar sem fáir aðrir verða eflaust til þess um þessar mundir, skal ég taka það að mér.

Kapphlaup

Hvers vegna liggur nútímamönnum á? Margir hafa tekið eftir því, að fólk fer sér miklu hægar í sveitum en borgum og í suðrænum löndum en norrænum. Skýringin er einföld. Því fleiri tækifæri sem menn hafa úr að velja, því dýrmætari verður tími þeirra. Þeir þurfa þess vegna að skammta tímann skynsamlega, flýta sér, svo að þeir geti gert allt það annað, sem þeim stendur til boða hverju sinni. Ella eru þeir að missa af einhverju. Í sveitum er hins vegar fátt að gera og þess vegna þarf ekki að asa að neinu. Hið sama er að segja um suðræn lönd, þar sem allir sitja úti í veðurblíðunni og masa. Þeir gera það, af því að annarra kosta er ekki völ. Þeir eru ekki að missa af neinu. Kapphlaup nútímamanna er því eðlilegt viðbragð við fjölgun tækifæra.

Lífsgæði

Tækifærin, sem nútímamenn keppa að, eru umfram allt um að bæta lífskjör sín í víðasta skilningi. Þetta er mikils virði. Þegar botnlanginn springur í venjulegum Íslendingi, fær hann bót meinsins í einum uppskurði. Við búum við einhverja fullkomnustu læknisaðstoð og heilsuvernd í heimi. Það er, af því að Íslendingar hafa háar tekjur. Við höfum efni á þessu. Þegar Stephan G. Stephansson var unglingur, seint á nítjándu öld, sá hann nokkra jafnaldra sína þeysa saman á fákum fram hjá bóndabænum. Þeir voru á leið suður í Lærða skólann. Stephan hljóp út í móa og grét. Foreldrar hans voru of snauðir til að setja hann til náms. Eftir nokkra leit fann móðir hans soninn. Þá sveið henni fátæktin mest. Nú þarf enginn fróðleiksfús unglingur að hverfa frá námi á Íslandi sökum efnaskorts.

Hagvöxturinn, sem er ávöxtur lífsgæðakapphlaupsins, er umfram allt fólginn í því að gera hlutina betur og ódýrar. Áður fyrr þurftu skóladrengirnir, sem Stephan sá við túnfótinn hjá sér, að nota þrjá daga í ferðina suður í Lærða skólann. Nú má aka sömu leið á þremur klukkustundum. Þannig spara menn sér tvo sólarhringa og 21 klukkutíma, sem þeir geta notað til einhvers annars. Áður fyrr þurfti til að framleiða eina bók skinn úr mörgum kálfum, blek úr sortulyngi og uppihald skrifara heilu veturna. Nú er venjulegur íslenskur verkamaður klukkustund að vinna fyrir einni vænni bók. Ólíkt því sem ýmsir spekingar segja, snýst hagvöxtur ekki um að auka sífellt magn, heldur um að fjölga tækifærum.

Nautn eða fíkn

Í lífsgæðakapphlaupinu reyna menn að fullnægja þörfum sínum betur og ódýrar en áður. Þeir njóta lífsins. Mannlífinu fer fram. En spekingarnir horfa ásökunaraugum á okkur og segja titrandi röddu (ekki síst úr prédikunarstólum kirknanna), að við séum orðin háð efnislegum gæðum. Við séum eyðslufíklar og neyslufíklar. Ég spyr á móti: Hver er munurinn á nautn og fíkn? Manni finnst matur góður, leggur mikið á sig til að gera hann og getur ekki hugsað sér að vera án hans. Hann er sælkeri, en þarf ekki að vera átvagl. Öðrum manni finnst sopinn góður og fær sér ljúffengt rauðvín með hverri máltíð á kvöldin, jafnvel hátt í flösku í hvert sinn, en þetta stendur honum ekki fyrir þrifum. Er hann ekki hófdrykkjumaður fremur en ofdrykkjumaður? Þriðji maðurinn stundar líkamsrækt af krafti og er háður henni. En hún er honum nautn og ástæðulaust að tala um fíkn í því sambandi. Því er stundum haldið fram, að allt, sem sé gott, sé ýmist ósiðlegt, ólöglegt eða fitandi. Í lífsgæðakapphlaupinu öðlumst við margt, sem er gott án þess að vera ósiðlegt, ólöglegt eða fitandi.

Verjum lífskjörin

VILHJÁLMUR EGILSSON

UMRÆÐAN

Kjarasamningar

Höfuðmarkmið Samtaka atvinnulífsins í komandi kjarasamningum er að varðveita þann árangur sem náðst hefur í atvinnulífinu og lífskjörum þjóðarinnar og skapa nýjan grunn til framfara. Á árinu 2007 hefur margt gengið vel, fjárfestingar hafa verið miklar, fyrirtækin hafa viljað ráða til sín starfsfólk, kaupmáttur hefur vaxið og atvinnuleysi hefur ekkert verið. Ekki hefur tekist jafn vel til í baráttunni gegn verðbólgunni, fyrst og fremst vegna verðhækkunar íbúðarhúsnæðis og mikilla launahækkana sem voru rúmlega þrefalt meiri en á evrusvæðinu. Vaxtatæki Seðlabankans hefur reynst bitlaust þrátt fyrir ótæpilegar vaxtahækkanir. Fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni hafa þurft að búa við erfið rekstrarskilyrði vegna hás gengis krónunnar.

Komið er að endurnýjun kjarasamninga og niðurstaðan ræður miklu um þróun verðbólgu á næsta ári. Þess vegna hafa Samtök atvinnulífsins sett fram þá stefnu að í kjarasamningunum eigi að nota allt svigrúmið sem atvinnulífið hefur til þess að hækka lágmarkslaun, færa kauptaxta nær greiddum launum og ná til þeirra sem hafa dregist aftur úr í launum að undanförnu. Almennar launahækkanir við núverandi skilyrði yrðu aðeins verðbólgufóður. Flestum starfsmönnum íslenskra fyrirtækja kemur best að ná verðbólgunni eins mikið niður og mögulegt er og það er jafnframt best fyrir atvinnulífið og líklegast til þess að skila árangri fyrir alla.

Mikil óvissa er um framvindu efnahagslífsins á næsta ári. Fjármálageirinn sem leitt hefur uppganginn í atvinnulífinu hefur orðið fyrir barðinu á samdrætti á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Búast má við því að það hægi smám saman á atvinnulífinu á fyrri hluta ársins og vonandi verður botninum þá náð og nýtt uppgangstímabil hafið. Hjöðnun verðbólgu er lykilatriði til þess að minnka óvissu, stytta og draga úr hugsanlegum samdrætti og koma atvinnulífinu aftur á fulla ferð. Hjöðnun verðbólgu hlýtur því að vera forgangsmál fyrir Samtök atvinnulífsins og verkalýðshreyfinguna í þeim kjaraviðræðum sem nú standa yfir.

Höfundur er framkvæmdastjóri SA.

Nýr DODGE RAM 2500 4x4 QUAD CAB 6,7L Turbo Diesel LARAMIE

Nýja vélin sem togar 868 Nm. 350 hestöfl.
Með öllum fáanlegum búnaði
6 manna. Svartur með dökkgráu leðri.

Okkar verð: 4.950.000 Kr.

www.sparibill.is

SPA R I bíll
Fiskislóð 16 Granda
Sími: 577 3344

Nýr 2007 Renault Master DCI 120 millilangur háþekju.

Skilrúm með glugga, plata í botni ofl.
Listaverð með þessum búnaði 3.688.000,- með vsk.
Okkar verð: 3.061.000,- með vsk
2.459.000,- án vsk.
Þú sparar 626.459 þúsund.

www.sparibill.is

SPA R I bíll
Fiskislóð 16 Granda
Sími: 577 3344

VÍSIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ólöf Snæhólm, kynningarfulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, vill minna fólk á hlífðargleraugun um áramótin.

Þegar neyðin er stærst

Björgunarsveitir landsins vinna óeigingjarnt starf launalaust og standa sveitirnar sjálfar að mestu undir rekstrinum með ýmiss konar fjáröflun.

„Flugeldasalan er langmikilvægasta fjáröflunin, hún heldur uppi björgunarsveitunum og hjá mörgum heldur hún uppi 80-90 prósentum af rekstrinum," segir Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, kynningarfulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Í Landsbjörg eru 18 þúsund félagsmenn um land allt. „Við erum með 100 björgunarsveitir á okkar snærum, allar björgunarsveitir landsins og svo um 70 slysavarnadeildir og 50 unglingadeildir." Ólöf útskýrir að hver eining sé fjárhagslega sjálfstæð um kaup á tækjum og þjálfun á mannskap.

„Björgunarsveitirnar þurfa að vera ótrúlega vel tækjum búnar og með aukinni jeppaeign landsmanna hafa björgunarsveitirnar þurft að ganga enn lengra í tækjakaupum því þær þurfa að komast allt sem almenningur kemst. Svo eru miklir peningar í göllum, öryggisbúnaði og sjúkratjöldum og svo þarf hús undir allt dótið, borga rafmagn og fasteignagjöld, svo þetta er mjög dýr rekstur."

Mikil áhersla er lögð á þjálfun og rekur Slysavarnafélagið Landsbjörg björgunarskóla þar sem fólk lærir að verða björgunarmenn. „Þú þarft að ljúka ákveðnu námi til að mega fara í útkall en það tekur yfirleitt tvö ár að klára það, hins vegar er hægt að nýta starfskrafta allra því það eru mörg störf þarna í kring," segir Ólöf.

Ekki eru fluttar fréttir af öllum útköllum björgunarsveitanna. Þau eru um 1.200 til 1.400 á ári eða 3-4 á dag allt árið um kring. Ólöf útskýrir að á bak við hverja stund í útkalli séu 12 aðrar vinnustundir í viðhaldi tækja, þjálfun og fleira, svo starf björgunarsveitanna er meira en margur gerir sér grein fyrir.

„Björgunarsveitarfólk vinnur launalaust og verður oft fyrir vinnutapi og röskun á sínu lífi, útköllin eru á öllum tímum sólarhrings og fólk þarf að vera tilbúið að stökkva hvort sem það er dagur eða nótt. Það er samt einhver gleði í allri vinnunni og þetta er góður félagsskapur, fólk fær tækifæri til að sinna áhugamálum sínum í gegnum starfið og láta gott af sér leiða, fólk er ánægt þegar það bjargar einhverjum, það eru launin," útskýrir Ólöf en flugeldasalan hefst í dag hjá björgunarsveitum um allt land.

heida@frettabladid.is

Grímur, hattar, ýlur og fjör Nú nálgast síðasta partí ársins og því sjálfsagt að tjalda öllu til. Glys og gleði setja ætíð sinn svip á hátíðina og er um að gera að skreyta sjálfan sig og umhverfi sitt eins og dragdrottningu í Vegas.



Gleðin yfir áramótin er misjöfn.

Dýrin glöð um áramót

Ekki eru allir jafn hrifnir af sprengjulátunum á gamlárskvöld. Dýrin stór og smá geta orðið logandi hrædd þetta líflega kvöld og því var Sif Traustadóttir, dýralæknir á Dýralæknamiðstöðinni í Grafarholti, beðin að veita lesendum og gæludýra-eigendum nokkur góð ráð.

Sif Traustadóttir, dýralæknir á Dýralæknamiðstöðinni í Grafarholti, veitir góð ráð.

Hundar og kettir:

– Það er mikilvægt að halda hundum og köttum inni við frá morgni gamlársdags (sprengingarnar byrja gjarnan strax eftir morgunmat hjá sumum) og fram yfir áramótin, jafnvel einnig á þrettándakvöld. Dýrin sækja gjarnan í dimm skot fjarri gluggum, til dæmis undir rúmi og inni í skáp. Gott er að vera búin að undirbúa fyrir hundinn og setja dýnu eða teppi sem hundurinn þekkir á þann stað sem hann leitar á. Gætið þess að þar sé ekkert sem hundurinn getur meitt sig á. Margir hundar eru vanir búrum og vilja gjarnan liggja þar ef þeir eru hræddir. Það getur verið gott að breiða teppi yfir búrið til að dempa ljós og hljóð.

– Í herberginu þar sem dýrið heldur sig er gott að breiða vel fyrir glugga, kveikja á lampa og útvarpi til að dempa hljóð og ljósagang.

– Sum dýr leita í fang eigandans þegar þau verða hrædd, önnur vilja heldur vera ein í dimmu skoti. Best er að leyfa dýrunum sjálfum að velja, en ef þau vilja vera hjá eigandanum er mikilvægt að ýta ekki undir hræðsluna með því að gera of mikið veður úr þessu. Eigandi verður að halda ró sinni, leyfa dýrinu að vera nálægt sér, en haga sér eðlilega að öðru leyti og reyna að sýna dýrinu að ekkert hættulegt sé að gerast.

– Hundar verða að vera í taumi þegar þeir fara út í kringum áramót því þeir geta fælst og hlaupið frá eiganda. Þeir hundar sem ekki eru mjög hræddir mega fara út, en annars er best að halda sig sem mest inni þegar mestu lætin ganga yfir.

– Hægt er að fá hjá dýralæknum lítið stykki sem sett er í innstungu og gefur frá sér lyktarhormón/ferómón sem virkar róandi á dýrin. Það fæst bæði fyrir hunda (kallað DAP) og ketti (Feliway). Ekki er mælt með að gefa dýrum lyf nema í mjög slæmum tilfellum. Þá er mikilvægt að ráðfæra sig við dýralækni og fá kvíðastillandi lyf, en það skiptir miklu máli hvaða lyf eru valin, þar sem sum róandi lyf sem notuð voru áður fyrr geta aukið vandann til lengri tíma litið.

– Það er mögulegt að draga úr hræðslu við flugelda með því að spila flugeldahljóð af sérstökum geisladiskum. Þetta þarf þó að athuga tímanlega, því það tekur marga mánuði að ná árangri ef hundurinn er mjög hræddur. Best er því að athuga með að útvega slíkan disk eftir áramót og gæta að því að um vandaðar upptökur sé að ræða, en það getur gert mikið gagn fyrir næstu áramót.

Hestar og önnur húsdýr:

– Allir hestar í þéttbýli eiga að vera inni í húsum á gamlársdag og þrettándanum. Mörg dæmi eru um að hestar hafi fælst og brotið sér leið út úr girðingum og gerðum, en af því hafa hlotist slys bæði á hestum og fólki.

– Gott er að byrgja rúður í hesthúsum og hafa opið fyrir útvarp til að minnka áhrif ljósa og hávaða að utan.

– Hestamönnum er bent á að fara sérstaklega varlega þegar farið er í útreiðartúra í kringum áramót, þar sem víða er verið að sprengja á öðrum tímum en á sjálfu gamlárskvöldi og ekki allir sem átta sig á að það getur fælt hesta og önnur dýr.

– Þeim sem eiga hesta eða búfé í nágrenni við þéttbýli er bent á að gera ráðstafanir til að smala hrossum heim og hafa dýr inni á húsum á meðan mestu lætin ganga yfir. Gott er að líta eftir dýrum á húsum eftir miðnætti á gamlárskvöld.

Mikið er um dýrðir á gamlárskvöld á Íslandi, flugelda og fagnaðarlæti.

Áramót tvisvar sinnum á ári

JARÐARBÚAR HALDA EKKI ALLIR UPP Á ÁRAMÓT Á SAMA TÍMA.

Ekki er haldið upp á áramót á sama tíma alls staðar í heiminum þar sem jarðarbúar nota ekki allir sama tímatalið.

Íslendingar, líkt og aðrir Vesturlandabúar, fylgja til að mynda gregoríska tímatalinu en samkvæmt því er gamlársdagur síðasti dagur almanaksársins. Poila Baisakh, áramót Bengala, eru hins vegar haldin annaðhvort 14. apríl eða 15. apríl í Bangladess og Vestur-Bengal. Enkutatash, áramót Eþíópíu, eru haldin 11. september. Áramót hindúa eru tveimur dögum eftir Diwali-hátíðina, eða um miðjan nóvember. Norouz, áramót Írana, eru haldin á augnabliki vorjafndægurs.

Sunni, áramót múslíma, eru haldin þann 1. Muharram. Þar sem dagatal múslíma byggir á 12 tunglmánuðum, um það bil 354 dögum, er dagsetning þess í gregoríska tímatalinu ögn fyrr á hverju ári. Þetta er áhugavert fyrir þær sakir að múslímar munu þar af leiðandi halda tvisvar sinnum upp á áramót árið 2008.

Nánari upplýsingar á www.wikipedia.org.

Útlitið fullkomnað

Fallegir fylgihlutir eiga alltaf við en um áramót mega þeir einhvern veginn vera enn íburðarmeiri en á öðrum tímum.

Um áramótin má útlitið allt vera ýktara en á öðrum tímum árs. Skartgripum og fatnaði leyfist að glitra meira en venjulega, förðun má vera meira áberandi, hárgreiðslur flóknari og allir fylgihlutir sérstakari. Grímur eiga til dæmis vel við um áramót og ýta undir dulúðuga stemningu sem þá skapast oft. Sömu áhrif má kalla fram með því að fela hluta andlitsins bak við fjaðurskreyttan blævæng. Ef hugmyndaflugið fær bara að njóta sín er að minnsta kosti alveg örugglega hægt að búa sig á þann hátt að eftir verði tekið.

emilia@frettabladid.is

Hanskar, Cosmo 3.990 krónur. Armband, Cosmo 3.990 krónur.

Cosmo 3.990 krónur.

Accessorize 450 krónur.

Accessorize 2.499 krónur.

Samkvæmis-
fatnaður

25% afsláttur til
áramóta

Gudrún
tískuverslun

Rauðarárstíg 1 • sími 561-5077
opið laugardag 10:00-18:00
sunnudag 13:00-17:00

Í
ÚTSALA!
Á ÖLLUM JÓLAVÖRUM

GARÐHEIMAR

heimur skemmtilegra hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is - gardheimar@gardheimar.is

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

BÍLAR & FARARTÆKI

Ford Expedition Eddie Bauer 35", árg. 2006, ek.45þús.km, Leður, dráttarkúla, Filmur og fl. Verð 4490þús.kr. Glæsilegur bíll!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Nýr 2008 Toyota Highlander. Slær Landcruiser út með kraft, sparneytni og lægra innkaupsverði. 270 hö, 7,5L/100km. 2008 frá 4490þús. Einnig 2007 tilboðsbílar. Frá 3500þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Bílaframleiðendur verða að losa um lager fyrir áramót. Gerðu reyfarakaup á brunaútsölu ársins! 2007/08 Dodge Grand Caravan frá 2500þús. Dodge Caliber frá 1990þús. Við gerum þér betra tilboð í fólksbíl, jeppa, pallbíl eða sendibíl. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Dekurbíll Toyota Avensis 22.05.06 ek.11400 ákv. 1530 þús afb. 38 þús. Álfelgur, sumar+vetrardekk ofl. Verð 2290 þús. Uppl. í s. 895 6589.

2 eyðslugrannir!

Til sölu Nissan Micra '98. V. 120 þ. Nissan Almera '96. V. 120 þ. Báðir í toppstandi, seljast saman á 200 þús stgr. Uppl. í s. 868 5090.

VW Passat diesel, 4x4, árg. '05, ek. 98 þ. Verð 1950 þ. Skipti á ódýrari, helst 4x4. Tilboð 1650 þ. stgr. Uppl. í s. 899 0407.

Golf árg. '97. Þarfnast lagfæringar. ek. 95 þús. Tilboð 50 þús. S. 845 0229.

0-250 þús.

AUDI 80 árg. '93, ek. 200 þ. Bsk. Sk. '08, v. 210 þ. stgr. Dráttarkrókur, topplúga, vetrar- og sumard. á felg. 2m hl.rými með niðurl. aftursæti, nýr geymir. Nýl. tímareim. Yfirf. vél, hemlar, miðstöð. S. 568 7388 & 567 6410.

Polaris 600 xlt Touring árg. '96 í fínu standi á 150.000. og á sama stað Ford 150 4x4 árg. '82, 33" tommu dekk á 100.000. Uppl. í s. 820 2492.

250-499 þús.

Subaru Legacy Outback '98 til sölu. Toppbíll með upptekna vél. Verð kr. 430.000. Upplýsingar í síma 699 4226.

1-2 milljónir

Tæknibylting! Hybrid gefur aukinn kraft með minni eyðslu. Allt að 70% aukin sparneytni! HYBRID tvinnbílar frá Toyota, Ford, GMC, Lexus og Honda á islandus.com. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Toyota Avensis 2003, ek. 80.000 km. Einn eigandi, ABS, álfelgur, CD, Hiti í sætum, Loftkæling, Rafdrifnar rúður, Samlæsingar, Vökvastýri o.fl. Toppbíll. verð 1,5m. uppl. s. 822-7050.

2 milljónir +

Toyota Land Cruiser 120 GX 35" árg. '03. Ek. 77 þ.km. Ljósgrár. 4d. Ssk. 2982cc. Dísel. 35" ný dekk., Dráttarkúla, Filmur, Reyklaust bíll. V. 3.990þ. Uppl. í s. 824 8040.

Jeppar

Bílaframleiðendur verða að losa um lager fyrir áramót. Gerðu reyfarakaup á brunaútsölu ársins! Jeep Grand Cherokee, Ford Explorer, Dodge Durango. 2007/08 Jeppar frá 2500þús og pallbílar frá 1990þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Pallbílar

Bílaframleiðendur verða að losa um lager fyrir áramót. Gerðu reyfarakaup á brunaútsölu ársins! 2007/08 Ford F150, Toyota Tacoma eða Dodge RAM frá 1990þús! Einnig stærri pallbílar og sendibílar benzín/dísel á útsölu. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Dodge Ram 2500 Laramie árg. 2008. Nýr bíll 2 ára ábyrð. 6,7, diesel, leður, 6 manna og DVD. Einn með öllu. S. 898 2811 www.plusgallery.is

Ford F350 Harley Davidson 6,4 Diesel árg. 2008. Einn með öllu. Nýr bíll, 2 ára ábyrð. S. 898 2811 www.plusgallery.is

Vörubílar

Scania dráttarbíll 144G 530, árg. '01, ek. 270 þ. Opticruise, Retarder. Ný dekkjaður. V. 4.9 mil + vsk. Uppl. í s. 869 6825.

Vélsleðar

Óska eftir varahlutum í Polaris '92-'94. Uppl. á arniatlas@hotmail.com

Vinnuvélar

Hjólbarðar

Til sölu 4 lítið notuð nelgd jeppadekk til sölu. 35" gróf BF Goodrich f. 15" felgur. Uppl. í síma 895 2311.

2 stk. naglad. 155R13 á 4 þ. 2 stk. 155/70 13" á 4 þ. 2 stk. 185/70 13" á 4 þ. 2 stk. 165R13 á 4 þ. S. 896 8568.

Ódýr vetrardekk

205/55R16, Legacy/Lexus, 4 stk. V. 32 þ. kr. Einnig traktorsdekk, 16,9x24", 2 stk og 18,4R38, 2 stk. Einnig Benz árg.'93. disel. Uppl. í s. 697 3217.

Varahlutir

Bílapartar ehf
S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Einnig airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

H.S. Þjónustan 557 1725

Eigum varahluti í Volvo S. 40, V.40, 740, 850, 940. Allar almennar bílaviðgerðir, kaupum Volvo bíla. Skemmuvegur 26 200 Kóp. Bleik gata.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Hreingerningar ehf. S: 868 5599

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Tek að mér regluleg þrif. Fyrirtæki og einnig flutningsþrif. Ástu -svæði . S. 848 7367.

Garðyrkja

Málarar

Sandspörtlun og málun

Mála stigahús, íbúðir eða blokkir. Uppl. í s. 893 5537 Arnar málarameistari.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

Húsaviðhald

Húsaviðhald!

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Stífluþjónusta

Tölvur

Tölvuþjónusta

Kem á staðinn. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

Spádómar

Alspá
445 5000 & 823 8280

Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Opið yfir jól og áramót.
Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395

Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

Englaljós S. 908 5050 & 863 1987
Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla daga frá 11-01.
Lára spámiðill. Visa/Euro.

Skemmtanir

Hljóðkerfi fyrir ræður, diskótek, jólasveininn og hljómsveitir. Góð verð og uppsetning. S. 866 6386. Hljodkerfi.is. fender57@simnet.is

Viðgerðir

Heimilistækjviðgerðir. Þvottavélar o. fl.

Tek að mér að gera við þvottavélar, heimilistæki ofl. Uppl. í s. 660 0139 Ath. Geymið auglýsinguna.

KEYPT & SELT

Til sölu

Besta lausn fyrir þröng rými. Addco ehf. S. 586 9010 eða addco@addco.is

BÍLAR TIL SÖLU

Toyota Land Cruiser 100 – SJSK
04/2006. ek. 46 þ. km.

Verð **7.300.000,-**
Mjög fallegur bíll.

ARCTIC TRUCKS
Kletthálsi 3 • 110 Reykjavík • Sími 540 4900 • jeppar.is

FYRIRLESTUR

Hardox plötur

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

næst

Margföld ending og slitþol!

- Slitplötur í miklu úrvali
- Niðurefnun og efnissala
- Smíði úr Hardox

Á góðum jámum

HÉÐINN

Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

vinnuvélar

FÖSTUDAGUR 28. DESEMBER 2007

Greiðfærar götur

Meðan flestir borgarbúar sofa er unnið ötult starf á götum borgarinnar BLS. 6

Öflug í grunnvinnunni

„Við hjá Arnarverki þurfum öflug tæki sem eru í fremstu röð í jarðvegsvinnu. Lýsing hefur ávallt verið fyrsti kosturinn þegar við höfum þurft á fjármögnun að halda. Hjá Lýsingu er unnið hratt og vel úr okkar málum af einstöku starfsfólki sem hefur skilning á þörfum okkar.“

Ágústa Einarsdóttir fjármálastjóri, Arnarverk ehf

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

01 - 9479

Mikil aukning í sölu vinnuvéla á árinu sem senn er á enda

Vélar og þjónusta selja vélar og tæki til verktaka- og landbúnaðarstarfa. Þótt fyrirtækið sé ungt byggir það á þrjátíu ára gömlum merg. Mikil sala hefur verið á vélum hjá fyrirtækinu í ár og Gísli Ólafsson sölustjóri segir bjart framundan hjá verktökum.

Gísli Ólafsson sölustjóri Véla og þjónustu vonast eftir áframhaldandi aukningu í sölu vinnuvéla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það hefur verið mjög góð sala á þessu ári og við bindum miklar vonir við það næsta," segir Gísli Ólafsson, sölustjóri hjá Vélum og þjónustu.

„Í þungavinnuvélunum höfum við verið að selja vélar frá Hydrema sem eru dönsk gæðaframleiðsla. Síðan erum við með Yuchai sem eru kínverskar vélar. Kínverjar hafa verið að ryðja sér til rúms á alþjóðlegum mörkuðum og eru orðnir mjög færir í smíði á ýmsum tegundum þungavinnuvéla. Yuchai-vélarnar hafa notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum og eins á meginlandi Evrópu. Þær hafa til að mynda verið söluhæstar í Svíþjóð þrjú ár í röð, en sænski markaðurinn er mjög kröfuharður. Það er því mikill gæðastimpill fyrir framleiðsluna."

Gísli segir mikinn uppgang hafa verið undanfarin ár og einnig sjái fram á bjarta tíma.

„Það lítur út fyrir að það verði um 50 prósenta söluaukning í vinnuvélum hjá okkur á því ári sem senn lýkur frá árinu 2006. Það felst fyrst og fremst í góðri sölu á Hydrema-vélunum. Við náðum nýjum samningi við Hydrema fyrir tveimur árum og höfum því getað boðið hjólagröfur og beltagröfur á mjög samkeppnishæfu verði. Traktorsgröfurnar eru talsvert dýrari en hafa á móti margt umfram aðrar vélar. Þær eru mun kraftmeiri en sams konar vélar frá öðrum framleiðendum. Síðan er hún öll með rafmagnssellói og vendigír sem eykur á liðleika vélarinnar."

Hydrema-traktorsgrafa að störfum í Mývatnssveit.

Gísli segir Vélar og þjónustu helst vera að þjónusta minni verktaka og einyrkja. „Við höfum þó verið að selja vélar í töluverðum mæli til Ræktunarsambands Flóa og Skeiða sem er mjög öflugt fyrirtæki. Þeir hafa verið að kaupa af okkur litlar búkollur og hjólagröfur. Annars erum við mest að selja til minni verktaka og einyrkja og það er úti um allt land. Við höfum verið í samstarfi við Höld á Akureyri."

Hann segir einyrkja helst kaupa minni vélar. „Það er algengt að einyrkjar fái sér litlar beltavélar. Nýliðar eru að hasla sér völl í smáum verkum. Þá seljum við talsvert af Hydrema og Venieri traktorsgröfum, en þær nýtast í ýmiss konar verk."

Gísli sem er vélfræðingur að mennt á langan feril að baki í vinnu við vélar og í verktakastörfum.

„Þetta er annað árið sem ég starfa hjá Vélum og þjónustu en var áður í verktakaiðnaðinum. Ég hef verið að vinna kringum vinnuvélar frá því ég var 16 ára gamall og maður hefur því séð gríðarlega þróun á þessu sviði í gegnum árin.

Sú tölvutækni sem er komin í flestar vélar í dag er langstærsta stökkið sem ég hef orðið vitni að. Þetta eru auðvitað í grunninn eins tæki þó alltaf sé verið að þróa og bæta."

Hann segir Vélar og þjónustu vera ungt fyrirtæki sem eigi sér þó langa sögu. „Fyrirtækið byggir á gömlum merg. Það voru bræðurnir Bjarni Sighvatsson og Karl Sighvatsson sem stofnuðu forvera þess fyrir meira en þrjátíu árum síðan. Fyrirtækið var þá mikið að selja landbúnaðarvélar og þungavinnutæki og fyrirtækið hefur verið í því alla tíð, og mikið verið selt gegnum tíðina af þungavinnuvélum, traktorum og ýmsum heyvinnsluvélum. Húsnæði fyrirtækisins á Járnhálsi var byggt fljótlega eftir að fyrirtækið fór af stað."

- öhö

SKF

... ekki bara legur !!

DRIFKEÐJUR

VERKFÆRI

REIMAR

ÁSTENGI

TANNHJÓL

REIMSKÍFUR

KLEMM-
FÓÐRINGAR

LANDVÉLAR
Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi
www.landvelar.is S. 580 5800

STRAUMRÁS
Furuvellir 3 - 600 Akueyri - S. 461 2288

Jötunn vélar á Selfossi kaupa 30 prósent í danska fyrirtækinu Brörup Maskinhandel

Fyrirtækið Jötunn vélar á Selfossi hefur keypt 30 prósenta hlut í Brörup Maskinhandel í Danmörku.

Jötunn vélar á Selfossi, sem selja vinnuvélar og tæki til landbúnaðarvinnu, hafa gengið frá samningi um kaup á 30 prósenta eignarhlut í fyrirtækinu Brörup Maskinhandel á Suður-Jótlandi í Danmörku.

Kaup Jötuns véla á hlutnum í fyrirtækinu tengjast kynslóðaskiptum en eigandi 50 prósenta hlutafjár dró sig út úr félaginu vegna aldurs og meðeigendur hans, sem jafnframt eru lykilstarfsmenn fyrirtækisins, óskuðu eftir að auka sinn hlut en jafnframt að fá með sér sterkan utanaðkomandi fjárfesti. Þetta er annað fyrirtækið erlendis sem Jötunn vélar kaupa hlut í.

Finnbogi Magnússon, framkvæmdastjóri Jötuns véla, segir kaupin lið í því að styrkja fyrirtækið og marka framtíðarvöxt. MYND/EGILL BJARNASON

„Þetta er liður í að styrkja fyrirtækið og marka framtíðarvöxt eins og við sjáum hann. Við fórum fyrr á þessu ári af stað með annað fyrirtæki og þetta er því ágætt framhald á erlendri grund," segir Finnbogi Magnússon, framkvæmdastjóri Jötuns véla.

Brörup Maskinhandel er eitt af elstu vélasölufyrirtækjunum í Danmörku. Það var stofnað árið 1929 og hefur verið rekið með góðum hagnaði um árabil. Áætluð velta Brörup Maskinhandel árið 2008 er um þrír milljarðar íslenskra króna.

Fyrirtækið er með starfsstöðvar í þremur bæjum á suðurhluta Jótlands, í Brörup, Toftlund og Starup en á öllum stöðum er starfrækt verkstæði, varahlutasala og sala nýrra véla. Fyrirtækið er söluaðili fyrir fjölda þekktra framleiðanda, meðal annars Massey Ferguson og Fendt dráttarvélar, Kuhn, Kverneland og McHale hey- og jarðvinnutæki.

Finnbogi segir að með kaupum á hlut í Brörup náist líklega einhver hagræðing í innkaupum.

„Þeir voru að leita að sterkum aðila til að koma að rekstrinum og höfðu samband við okkur. Það er von okkar að báðir aðilar hafi gagn af þessum kaupum. Við getum lært margt af Dönum og þeir sömuleiðis af okkur."

Fyrir eiga Jötunn vélar helmings hlut í vélasölufyrirtækinu Total Maskiner í Ringsted á Sjálandi sem stofnað var um síðustu áramót en rekstur Total Maskiner hefur að sögn Jötuns véla gengið framar væntingum.

- öhö

Óábyrg vinnubröð Kláusar á fyrsta deginum í vinnunni vekja litla gleði hjá samstarfsmönnum hans eins og sjá má.

Fyrsti vinnudagurinn getur verið skrautlegur

Ýmsar hættur geta skapast þegar unnið er á vinnuvélum. Því er vert að hafa alltaf vakandi athygli á vinnunni og tryggja þannig bæði öryggi sitt og annarra.

Í Þýskalandi var gerð stuttmynd um þær hættur sem geta fylgt starfi á lyfturum. Myndin heitir á frummálinu Staplerfahrer Klaus – Der erste Arbeitstag og segir frá fyrsta vinnudegi Kláusar á lyftara. Það má segja að allt sem getur farið úrskeiðis fari úrskeiðis á fyrsta degi og ferill hans endar jafnfljótt og hann byrjar og það með miklu blóðbaði.

Þótt myndin sé frekar blóðug er húmorinn alltaf skammt undan en þrátt fyrir það er hún líka ágæt til að minna á hvað ber að varast á vinnusvæði. Þar er á spaugilegan hátt vakin athygli á hvernig smá gleymska eða ábyrgðarleysi getur valdið stórum slysum og jafnvel manntjóni. Það er þó vert að benda á að myndin er ekki við hæfi barna eða viðkvæmra einstaklinga. Hún hlaut fjölda viðurkenninga þegar hún var gerð og er hér sennilega á ferðinni eitt frumlegasta forvarnamyndband sem um getur.

Kláus virðist hinn sælasti í vinnunni þótt allt gangi á afturfótunum.

Myndina má finna á myndbandaveitunni YouTube.com ef leitað er að „Der erste Arbeitstag".

- öhö

HEILDARLAUSNIR JCB FYRIR VERKTAKA

- TIL FORYSTU Í ÖLL VERK!

Hjólaskóflur

Skotbómulyftarar

GÆÐAVÉLAR Í STÓR OG SMÁ VERK

Fjölmargar stærðir og gerðir

- Beltagröfur
- Traktorsgröfur
- Hjólaskóflur
- Skotbómulyftarar
- Mini gröfur
- Valtarar
- Jarðvegsþjöppur

Traktorsgröfur

Stórar Beltagröfur

Beltagröfur

JCB VIBROMAX

Mini - vélar

Jarðvegsþjöppur

BREIÐ LÍNA IVECO ATVINNUBÍLA

- ÁVALLT Í FREMSTU RÖÐ!

EUROCARGO

Einn vinsælasti millistærðar vörubíllinn í Evrópu

DAILY PROFESSIONAL DNA

Vinnuflokkabílar - Pallbílar - Sendibílar - Gindarbílar

- Ný hönnun
- Meira rými
- Aukin gæði
- Meira afl
- Aukin afköst
- Aukin þjónusta
- Rekstraröryggi

STRALIS

Býður þér frábært vinnuumhverfi og hagkvæman rekstur

TRAKKER

Trukkurinn fyrir verktakana

VÉLAVER HF

Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrar 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is

Guðni J. Hannesson, yfirmaður snjómoksturs hjá Reykjavíkurborg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mikilvægt að göturnar séu alltaf greiðfærar

Meðan flestir borgarbúar sofa eru starfsmenn Reykjavíkurborgar og verktakar hennar að störfum við að tryggja að götur borgarinnar séu greiðfærar.

Á veturna þarf að huga að ástandi gatna og færð innanbæjar í Reykjavík. Umferð er mikil og því mikilvægt að draga úr hálku og moka snjó. Það er Malbikunarstöðin Höfði sem sér um snjómokstur fyrir Reykjavíkurborg en undirverktaki þeirra er Íslenska gámafélagið.

„Þeir vinna að þessu saman, Höfði með fjóra bíla og Gámafélagið með þrjá. Við höfum samning við Malbikunarstöðina og tímabilið er frá 15. nóvember til 15. apríl. Á þeim tíma eru vaktir og þær standa frá 4 á nóttunni til 11 á kvöldin. Vaktirnar eru tvískiptar og svo eru einnig helgarvaktir," segir Guðni J. Hannesson hjá Reykjavíkurborg en hann er yfir snjómokstri og söltun hjá borginni.

Guðni segir að helst séu notaðir vörubílar með fjöltengibúnaði við að salta og moka götur. „Bílarnir eru alltaf tilbúnir yfir nóttina. Við erum á vakt frá 4 á nóttunni til 11 á kvöldin en á öðrum tímum erum við í viðbragðsstöðu."

Guðni hefur mikla reynslu í þessu fagi og okkur lék því forvitni á að vita hvort mikil breyting hefði orðið frá því hann byrjaði. „Ég er búinn að vera í þessu starfi í tuttugu ár og þar á undan var ég á bílum, þannig að ég er búinn að vera viðloðandi þetta í þrjátíu ár. Það hefur orðið mikil breyting í bíla- og tækjakosti." Þegar blaðamaður spyr Guðna út í tillitssemi ökumanna svarar hann með því að vitna í sjónvarpsþættina Næturvaktina. „Sæll, eigum við að ræða það eitthvað. Það er mikill skortur á tillitssemi í umferðinni. Auðvitað eru það ekki margir sem eru tillitslausir en þeir skapa hættu og óþægindi. Fólk verður að hugsa um fleira en sjálft sig í umferðinni."

Lítið hefur verið um snjómokstur í vetur en heldur betur bætti í um jólin.

Guðni segir að nú sé unnið að því að nota frekar pækil en hefðbundnar söltunaraðferðir. „Í ísingu og þegar er þunnt lag á götunum notum við pækil. Það er fljótvirkara og sparar saltmagnið. Þetta er framtíðin og þetta er einnig komið í notkun hjá Vegagerðinni hér á suðurhorninu."

Guðni segir að oft sé saltað án þess að fólk átti sig á því. „Við erum oft að berjast við þessa lúmsku hálku og tryggjum að göturnar séu greiðfærar." -öhö



Gleðilegt nýtt ár!

Um leið og við óskum LANDSMÖNNUM ÖLLUM gleðilegs nýs árs þökkum við fyrir góðar viðtökur og ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða.

Starfsfólk TMH Iceland ehf - Toyota vörulausna

TOYOTA INDUSTRIAL EQUIPMENT BT

TMH Iceland ehf - Toyota vörulausnir
Vesturvör 30B
200 Kópavogur
S: 563 4500
tmh@tmh.is
tmh.is

TOYOTA

MATERIAL HANDLING

Ól 10418

Það borgar sig að huga að tryggingamálum vinnuvéla um leið og þær eru keyptar

Þegar vinnuvélar eru keyptar borgar sig að huga strax að tryggingum. Mörg fjármögnunarfyrirtæki gera kröfu um að vélar séu að fullu tryggðar. Algengt er að vinnuvélar valdi tjóni og því getur trygging sparað verktökum miklar fjárhæðir.

Á vinnusvæðum og þar sem unnið er á stórtækum vélum getur skapast hætta á tjóni og slysum. Það borgar sig því fyrir verktaka og aðra þá sem reka vinnuvélar að hafa tryggingamál öll á hreinu. Tryggingafélögin bjóða svokallaðar verktakatryggingar auk annarra kosta sem henta fyrir vélar og tæki.

„Þeir sem eru með vinnuvélar eru oft að tryggja vélarnar sjálfar með svokallaðri vinnuvélatryggingu. Hún er svipuð og kaskótrygging á bíl en er þó með hærri sjálfsábyrgð. Þá erum við með sjálfsábyrgðartryggingu sem tryggir tjón sem er valdið af viðkomandi vinnuvél. Það geta verið tjón af ýmsu tagi. Til dæmis er algengt að strengir slitni við jarðvinnu. Það eru strengir frá orkuveitum, símafyrirtækjum og fleiri aðilum sem leggja strengi í jörð," segir Valur Páll Kárason hjá VÍS. Hann segir marga verktaka tryggja hjá VÍS og að almennt sé vel hugað að tryggingum meðal verktaka.

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum með saknæmum og ólögmætum hætti.

Vinnuvélar eru ekki skyldutryggðar eins og skráningarskyld ökutæki þessa lands. Þannig er það lagt í hendur eiganda vinnuvéla hvort hann kaupir sér ábyrgðartrygginu vinnuvéla eða ekki. Það getur því komið upp sú staða að sá sem verður fyrir tjóni af völdum vinnuvéla þurfi að sækja bætur fyrir dómstólum.

„Þetta þykir okkur ekki ganga. Við hefðum viljað að það væri skylda að tryggja vinnuvélar eins og er með önnur tæki sem eru í umferðinni," segir Valur.

„Tjónþoli getur ekki vitað hvort hann fái tjón sitt bætt ef það er vinnuvél sem veldur slysi. Ef trygging er ekki fyrir hendi er væntanlega gengið að eiganda vélarinnar og hann krafinn um bætur og er þá spurning hvort hann sé borgunarmaður fyrir skaðabótum."

Valur Páll segir óeðlilegt að ekki sé skylda að tryggja vinnuvélar í umferðinni á sama hátt og bifreiðar. Það geti komið fólki illa sem verði fyrir tjóni af völdum vinnuvéla ef eigandi tækisins er algjörlega ótryggður.

Ýmsir kostir eru í boði fyrir mismunandi gerðir vinnuvéla. „Sjálfsábyrgðartrygging hentar vel fyrir þær vélar sem ekið er á götum úti. Ef vél keyrir á eigur annarra eða veldur slysum á fólki þá bæta tryggingar tjón eða greiða kostnað vegna slysa."

Valur segir að margar af vinnuvélunum á Kárahnjúkum hafi verið tryggðar meðan á því verkefni stóð en lítið hafi verið um tjón á vélum þar. Hann segir einyrkja mjög duglega að tryggja vélar sínar. „Þeir sem kaupa vélar sínar gegnum fjármögnunarfyrirtæki þurfa að tryggja vélar bæði með ábyrgðartryggingu og tryggingu á tækinu. Þetta er krafa frá þeim sem fjármögnuðu vélakaupin.

- öhö

TOYO TIRES

#1 BRAND OVERALL TOYO TIRES

"TIRE REVIEW MAGAZINE" **TOYO** var kosið besta dekkið í **USA 2007** **TOYO** Hefur sigrað þessa könnun í sjö skipti síðustu átta ár

FRÁBÆR ENDING..!!

BURT MEÐ SVIFRYKIÐ..!!

UMHVERFISVÆNN VALKOSTUR SEM VIRKAR...!!

Skipti framdekkjunum út eftir 75.000 km !!

Ég nota **TOYO HARÐSKELJADEKK** allan ársins hring, og eftir að hafa prófað ýmsar aðrar tegundir ónegldra dekkja, get ég fullyrt að **TOYO** eru albestu dekk sem ég hef notað....

Pétur Friðrik Þórðarson *ökukennari*

561 4110 NESDEKK Fiskislóð 30

Bílaþjónusta Benna Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík Sími **590 2000** • **www.benni.is**

TOYO HARÐSKELJADEKK - RAUNHÆFUR VALKOSTUR Í STAÐ NAGLADEKKJA...

Gólfhitakerfi

Roth gólfhitakerfi sem er létt að leggja og fljótt að virka.



Reykjalundur Plastiðnaður

dælur

Smiðjuvegur 74 – 200 Kópavogur – 5 400 600
Reykjalundur – 270 Mosfellsbær – 530 1700
Lónsbakki 2 – 601 Akureyri – 460 1760

Eva Magnúsdóttir hjá Mílu segir auðvelt að nálgast teikningar af vinnusvæðum og þannig sé hægt að komast hjá tjóni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Best að vita legu lagna

Þegar verið er að grafa í jörð kemur stundum fyrir að strengir eða vatnslagnir rofna. Verktaki ber í flestum tilfellum ábyrgðina og getur þar verið um háar upphæðir að ræða. Eva Magnúsdóttir hjá Mílu segir mestu máli skipta að kynna sér svæðið áður en hafist er handa en þannig sé hægt að koma í veg fyrir óþarfa tjón og ónæði fyrir notendur.

Þegar verktakar þurfa að grafa í jörð er mjög mikilvægt að kynna sér legu jarðlagna áður en hafist er handa. Ef tjón verður á strengjum eða lögnum lendir kostnaðurinn í flestum tilfellum á verktakanum.

Það er hlutverk verkkaupa að tryggja að allar teikningar af svæðinu séu til staðar og því mikilvægt að verktaki sjái til þess að hann fái þær í hendur frá verkkaupa áður en hafist er handa.

Fyrirtækið Míla sér um stóran hluta þeirra strengja sem liggja í jörðu hér á landi en það fyrirtæki tók við umsjón þess kerfis sem áður var rekið af Símanum.

Eva Magnúsdóttir framkvæmdastjóri segir mikilvægast að hafa aflað sér þekkingar á svæðinu áður en grafið er.

„Mikilvægt er áður en framkvæmdir hefjast er að hafa yfirlit eða teikningar af verkstað frá veitufyrirtækjum sem sýna hugsanlegar lagnir á svæðinu. Þá verður að fylgjast vel með við uppgröft því oft má koma í veg fyrir tjón ef vart verður við aðvörunarborða. Í dag er lagður aðvörunarborði yfir allar lagnir sem gefur til kynna að þar séu til dæmis fjarskiptalagnir. Það ber þó að hafa það í huga að oft fara þessar merkingar forgörðum við hvers konar rask sem á sér stað í framkvæmdum sem ekki tengjast veitustofnunum.“

Eva segir auðvelt að nálgast teikningar ef þess er óskað. „Sumar teikningar má fá rafrænt, en aðrar hjá teiknistofum og á vefsíðu okkar, míla.is. Auk þess er hægt að fá strengi og jarðlagnir staðsetta með sónar-tæki.“

Að sögn Evu er tjón á strengjum nokkuð algengt. „Því miður er nokkuð um það bæði innanbæjar og utan. Skemmdirnar verða yfirleitt vegna ónógs undirbúnings og geta valdið gríðarlegum vandræðum hjá einstaklingum og fyrirtækjum. Ábyrgðin er hjá þeim sem tjóninu veldur og því vert að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að forðast tjón.“

Þegar verða á strengjum veldur það oft vandræðum því net- eða símasamband getur legið niðri þar til gert hefur verið við. Með réttum undirbúningi má forðast mörg þessara tjóna og spara bæði tíma, peninga og vinnu. - öhö

Lagnir í jörðu eru yfirleitt merktar með gulum borða sem er nokkrum sentimetrum ofan við þær. Í sumum tilfellum getur þó verið að borðar hafi færst úr stað vegna annarra framkvæmda. Það getur því verið gott að hafa aðstoðarmann sem fylgist vel með hvort eitthvað birtist óvænt í skurðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

CITROËN

Berlingo Van 1,4 75 hö. 6 dyra 5 gíra*
Verð með vsk. 1.649.000 kr.
Verð án vsk. 1.324.477 kr.
Fjármögnunarleiga: 20% útborgun, 60 mán.
Mánaðargreiðsla án vsk. 20.163 kr.
Rekstrarleiga 36 mán. og 60.000 km. akstur
Mánaðargreiðsla án vsk. 25.880 kr.

Sjáðu Citroën Berlingo í dag

Fullkomnari fullkomnun

Enn á ný hefur Citroën tekist að bæta fullkomnun. Nú er Citroën Berlingo, sendibíllinn vinsæli, kominn með frábærri nýrri dísilvél. Citroën Berlingo er hagstæður í rekstri. Nýja 1,6 lítra, 92 hestafla dísilvélin er bæði kraftmeiri og sparneytnari. Hún er vistmildari en áður enda leggur Citroën mikið að mörkum til þess að bæta umhverfið. Hin öfluga stálhlífðarpanna undir vélinni ver hana vel og getur dregið úr viðhaldi.

Við erum sjálfselsk hjá Citroën
Þær tilfinningar sem fylgja því að hafa tekist að gera enn betur í dag en í gær gefa okkur þann drifkraft sem fyrirtækjaþjónusta Citroën stendur fyrir. Í það minnsta finnst okkur það.

Sjáðu Citroën. Komdu í Brimborg.
Kynntu þér nýjungar í Berlingo.

Citroën Berlingo

Dæmi um staðalbúnað í Citroën:
- Meiri burðargeta: 800 kg
- Hliðarhurðir beggja vegna með lokunarvörn
- 180 gráðu opnun á afturhurðum
- Topplúga fyrir lengri hluti
- Hiti í sætum
- Rafdrifnar rúður
- Geislaspilari með útvarpi og fjarstýringu við stýri
- Fjarstýrð samlæsing
- Fellanlegt framsæti farþega með borði og geymsluhólfi

Ný dísilvél. 1,6 HDi, 92 hestafla
Kaftmeiri
Sparneytnari

Berlingo Van 1,6 HDi 92 hö. 6 dyra 5 gíra*
Verð með vsk. 1.849.000 kr.
Verð án vsk. 1.485.117 kr.
Fjármögnunarleiga: 20% útborgun, 60 mán.
Mánaðargreiðsla án vsk. 22.609 kr.
Rekstrarleiga 36 mán. og 60.000 km. akstur
Mánaðargreiðsla án vsk. 29.125 kr.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

GCI GROUP AUGLÝSINGASÍA

SiRKUS

Liv Bergþórsdóttir framkvæmdastjóri Nova

FARSÍMAVÆDDI ÞJÓÐINA

fréttir

Heyrst hefur

Karlateiti ársins

Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, verður með svaðalegt karlagill í kvöld en hann hefur haldið samskonar teiti undanfarin ár. Það sem er sérstakt við teitið er það er engum boðið nema viðkomandi sé vel loðinn um lófana. Í fyrra fór teitið fram á 101 Hóteli og þar mátti sjá helstu prímusmótorana í íslensku viðskiptalífi eins og Björgólf Thor, Jón Ásgeir, Ármann Þorvaldsson í Kaupþingi, Bakkavararbræður, Magnús Ármann, Steina í Kók og Sigurð Bollason. Í röðum auðmannanna er mikil stemning fyrir kvöldinu þótt úrvalsvísitalan mætti gjarnan vera hagstæðari og gengi bréfa grænna.

SIRKUS

Útgáfufélag 365 prentmiðlar
Ritstjóri Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is
Bergþóra Magnúsdóttir
bergthora@frettabladid.is
Forsíðumynd Valgarður Gíslason
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir
kristina@frettabladid.is
Auglýsingastjóri
Guðný Guðlaugsdóttir Sími 512 5462
Sirkusblaðið Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000

UPPSTRÍLUÐ NÝÁRSKVÖLD HEYRA SÖGUNNI TIL

GALABOÐ DOTTIN ÚR TÍSKU

Sú var tíðin að enginn þótti maður með mönnum nema eiga miða á nýársfagnað 1. janúar. Íslendingar lögðu mikið upp úr þessu fyrsta kvöldi ársins, þar sem öllu því fínasta og flottasta var flaggað. Nú virðist þó vera að fólk kjósi fremur notalegan kvöldverð í heimahúsi en glitkjóla, fjaðrir og 30 cm háa hæla á veitingahúsum bæjarins.

Hótel Saga hefur verið samkomustaður ´68 kynslóðarinnar á nýárskvöldi í rúman áratug en nú kveður við annan tón. „Það var ákveðið að fella niður nýársfagnað ´68 kynslóðarinnar á Hótel Sögu að þessu sinni," segir Karen Þórsdóttir á Hótel Sögu. Hún bendir á að ´68 kynslóðin yngist ekki og gæti því aldurinn spilað inn í dræma þátttöku. „Eftir að ljóst varð að ekkert yrði af ´68 fögnuðinum hjá okkur var ákveðið að halda opinn dansleik en hann hefur sömuleiðis verið blásinn af vegna lélegrar þátttöku," segir Karen. Verónika Þorvaldsdóttir á veitingastaðnum Silfri á Hótel Borg vill meina að sú stemning sem áður ríkti í kringum nýjárskvöld hafi breyst mikið undanfarið. „Nýársfagnaðurinn hjá okkur verður með öðru sniði en áður hefur verið. Að þessu sinni bjóðum við ekki upp á skemmtidagskrá um kvöldið eins og við höfum gert því það virðist hreinlega ekki vera hljómgrunnur fyrir því," segir Verónika, en Salt mun bjóða upp á sjö rétta matseðil á nýárskvöld. Borðin á Silfri eru ekki öll uppbókuð en Verónika vill meina að borðin fari óðum að fyllast. „Aftur á móti virðast vinsældir jólahlaðborða aldrei hafa verið meiri og margir fara oftar en einu sinni á hlaðborð á aðventunni," bætir Verónika við. Markaðsstjóri Perlunnar, Stefán Sigurðsson, var aðeins borubrattari þótt enn sé ekki fullbókað í Perlunni. „Við bjóðum upp á fimm rétta matseðil og Þórir Baldursson sér um dinnertónlistina," upplýsir Stefán um hinn árlega nýársfögnuð Perlunnar en Þórir mun sömuleiðis sjá um tónlistina á dansleiknum eftir borðhaldið. „Þetta árið er margir nýir hópar að koma til okkar fyrsta skipti sem við tókum fagnandi," segir Stefán að lokum en sú tíð virðist liðin þegar fólk borgaði nokkra tugi þúsunda til að fagna nýju ári með útsýni yfir borgina. Ljóst er að mörg vötn hafa runnið til sjávar síðan nýársfagnaðir voru stærsta og eflaust dýrasta skemmtun ársins, hvort sem það er út af breyttum fjölskylduáherslum eða einfaldlega út af yfirvofandi kreppu verður þó látið liggja milli hluta að sinni.

LÁTA SIG VANTA Kjartan Gunnarsson og Davíð Oddsson hafa verið fastagestir í nýársgleði Perlunnar. Ekki er vitað hvar þeir ætla að skvetta úr klaufunum í ár.



HVAÐ GERA ÞÆR NÚ? Edda Sverrisdóttir, Súsanna Svavarsdóttir og Birna Þórðardóttir hafa verið fastagestir undanfarin ár á nýársgleði 68-kynslóðarinnar og haldið þar uppi stuðinu.

borgin mín

Helga Ólafsdóttir
fatahönnuður hjá Ilse Jacobsen
KAUPMANNAHÖFN

Tískubransinn er heillandi

MORGUNMATURINN: Á sumrin eru það ferskir ávextir, á veturna dett ég í kaffi og ristað brauð og um helgar læðist oftar en ekki danskt vínabrauð á diskinn minn.

SKYNDIBITINN: Annaðhvort avocado samloka, ávaxta sjeik og latte á Jo & The Juice í Magasin eða öl og flödeboller.

RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA: Við fjölskyldan förum á sunnudögum á Laundromat Café í „besta bröns í Kaupmannahöfn". Mér finnst það æði rómó.

BEST VIÐ BORGINA: Það sem ég er að eltast við hérna í Kaupmannahöfn er tískubransinn, það er rosalega mikið að gerast og mikið af tækifærum. Dönsk fatahönnun hefur verið á mikill uppleið. En borgin sjálf er tvímælalaust yndislegust á sumrin.

LÍKAMSRÆKTIN: Eins og er hjóla ég, eltist við tvö mjög spræk börn og hleyp upp og niður stigana heima hjá mér. Mig langar rosalega til að byrja í ropejóga, en ég hef ekki fundið það hér í borg.

UPPÁHALDSVERSLUNIN: Ef ég er að fara að kaupa mér föt/skó fer ég í DesignerRemix, Marc Jacobs, H&M eða Moshi Moshi. Nýja Paul Smith-herralínan í Illum er rosalega flott. Heimilisvörur í Room eða Urban Living. Það eru endalaust margar fallegar barnabúðir. Ef mig vantar sitt lítið af hverju fer ég í Magasin.

Ný vinna og barn á leiðinni

Það hefur verið í mörg horn að líta síðan ég datt út af þinginu í vor," segir Sæunn Stefánsdóttir, fyrrverandi þingmaður Framsóknarflokksins. „Að loknu langþráðu sumarfríi fór ég að svipast um eftir starfi og var ráðin sem sérfræðingur á skrifstofu rektors Háskóla Íslands," segir hún alsæl með nýja starfið en Sæunn er viðskiptafæðingur að mennt. „Framundan eru spennandi tímar hjá Háskólanum og það er mjög gaman að fá að taka þátt í þeim breytingum sem fram undan eru þar. Breytingarnar taka mið af stefnu Háskólans um að komast í fremstu röð háskóla í heiminum en Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands sameinast á næsta ári sem verður stórt skref fram á við," segir Sæunn sem ætti að vera vel í stakk búin í starfið með alla þá dýrmætu reynslu sem hún hefur. Sæunn var aðstoðarmaður Jóns Kristjánssonar, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, á árunum 2003-2006 og síðar félagsmálaráðherra. „Auðvitað sakna ég þingstarfanna en er mjög sátt við stöðu mína í dag. Ég lít fyrst og fremst á þetta tímabil sem skemmtilegan og lærdómsríkan kafla í lífi mínu sem ég hefði ekki viljað vera án," segir Sæunn sem hefur langt í frá sagt skilið við pólitíkina í lífi sínu en hún gegnir stöðu ritara Framsóknarflokksins. „Ég hef meiri tíma núna til að beita kröftum mínum innan flokksins og taka þátt í mikilvægu uppbyggingarstarfi hans," bætir Sæunn við. Á vordögum tekur Sæunn við nýju hlutverki af allt öðrum toga en hún og eiginmaður hennar, Kjartan Örn Haraldsson, jarðfræðingur og kennari, eiga von á sínu fyrsta barni. „Við fengum þau gleðitíðindi í sumar að við ættum von á barni og hlökkum við mikið til að takast á við foreldrahlutverkið." Kjartan og Sæunn hafa verið saman í sjö ár, en þau giftu sig árið 2005. „Ég er komin rúma fimm mánuði á leið og hef verið mjög heilsuhraust á þessum fyrstu mánuðum," segir unga framsóknarkonan að lokum sem er svo sannarlega í stöðugri sókn.

Bergthora@frettabladid.is

MYND:sa/STARI

GLEÐILEGT ÁR !

Fyrir liðlega 60 árum tóku Rafmagnsveitur ríkisins, RARIK, til starfa.
Með því hófst nýr kafli í sögu þjóðarinnar.
Hlutskipti RARIK var að m.a. að rafvæða landsbyggðina.
Dreifikerfið skiptir nú þúsundum kílómetra og verður sífellt traustara.

Í dag er RARIK tilbúið til að takast á við nýja og breytta tíma, með þér.

Geturðu hugsað þér daglegt líf án rafmagns?

RARIK
lifandi afl

RARIK ohf • Sími 528 9000 • www.rarik.is

10 áramótaheit SEM ÆTTI AÐ VARAST

„PASSA Í LEVIS-GALLABUXURNAR FRÁ 1998“ Það eru margir sem ætla að taka sig taki á nýju ári og byrja í megrun. Enda dreymir alla um að verða eins og á gullaldarárunum um 90 og eitthvað, fyrir barneignir og breyttan vöxt. Áramótaheit sem ætti að vera bannað með lögum; gallabuxurnar ættu fyrir löngu að vera komnar á haugana enda ár og dagar síðan þær voru upp á sitt besta.

„LIFA HEILBRIGÐARA LÍFI“ Þegar nýtt ár gengur í garð tæmast vítamín- og bætiefnarekkar apótekanna. Flestir standa sig vel í að innbyrða öll fjörefnin fyrstu dagana í janúar en fljótlega fer að síga á ógæfuhliðina, Það er nánast full vinna að taka inn tíu mismunandi vítamín yfir daginn og margir gefast upp á að vakna hálftíma fyrr og kjósa svefninn fram yfir bætiefnin.

„ÖRUGGT KYNLÍF“ Margir heita því eftir óskemmtilegar heimsóknir síðasta árs upp á Húð og kyn að lifa öruggu kynlífi. Þetta áramótaheit á fyllilega rétt á sér en erfitt er að standa við það. Eins og máltækið segir þá fiska þeir sem róa og ekki er hægt að treysta 100% á smokkinn. Nær væri að hafa áramótaheitið „Ekkert kynlíf“ til að forðast kynsjúkdóma.

„EYÐA MINNA OG SPARA MEIRA“ Af hverju ekki að njóta lífsins svona rétt áður en kreppan skellur á? Leiðinlegt áramótaheit sem leiðir af sér hafragraut í öll mál, færri fegrunaraðgerðir og leiðindi. Það vill enginn vera með útbelgdan maga af höfrum, augabrúnir eins og Bjarni Fel og geta aldrei gert sér glaðan dag.

„EKKI FLEIRI STÖÐUMÆLASEKTIR“ Heit sem er ómögulegt að standa við enda virðast stöðumælaverðir skrifa sektarmiðann um leið og sekúnda er komin fram yfir.

„AÐ VINNA Í LOTTÓINU“ Það er uppspretta mikilla vonbrigða og betra að setja Lottópeningana í bauk eða geyma þá undir koddanum.

„AÐ VERA FULLKOMINN Á NÝJA ÁRINU“ Gleymdu því, það gengur aldrei upp.

RÆKTA SAMBANDIÐ VIÐ ÆTTINGJANA Fallegt áramótaheit sem er ógerlegt að taka með trompi í dagsins önn nema þú hafir 48 tíma í sólarhring.

„MINNI DRYKKJA“ Eftir marineringu jólahátíðarinnar eru þeir margir sem ákveða að minnka áfengisneysluna. Ætli einhver að koma sér lifandi í gegnum janúarmánuð án brjóstbirtu skal sá hinn sami biðja um kraftaverk.

„KÆRASTI/KÆRASTA Á ÁRINU“ Maðurinn á erfitt með að vera einn en ætti ekki að strengja þess heit að finna sér maka á nýju ári enda fátt jafn súrt og að vera með einhverjum bara til þess að forðast einveruna. Með rétta hugarfarinu getur verið hresst að vera einn og njóta þess að vera engum háður. Örlögin banka upp á þegar maður er upptekinn við að gera eitthvað allt annað!

Árslisti Skífunnar og BT 2007

ÁRSLISTINN TÓNLIST

1	Garðar Thor Cortes	Cortes 2007
2	Mugison	Mugiboogie
3	Sprengjuhöllin	Tímarnir okkar
4	Mika	Life in a Cartoon Motion
5	Hjálmar	Ferðasót
6	Ýmsir	100 Íslensk 80´s lög
7	Ýmsir	Pottþétt 45
8	Eivör	Human Child/Mannabarn
9	Villi Vill	Myndin af þér
10	Ýmsir	Pottþétt 44
11	Páll Óskar	Allt fyrir ástina
12	Ýmsir	Pottþétt 43
13	Megas	Frágangur
14	Pavarotti	Forever 2cd
15	Katie Melua	Pictures
16	Gus Gus	Forever
17	Björk	Volta
18	Ýmsir	100 íslensk jólalög
19	Ýmsir	Íslandslög 7
20	Jógvan	Jógvan

ÁRSLISTINN DVD

1	Mýrin
2	Næturvaktin
3	Astrópía
4	Simpsons The Movie
5	Shrek The Third
6	Simpsons Sería 10
7	Die Hard 4
8	300
9	Spiderman 3 (2disc)
10	Simpsons Sería 9
11	Hairspray
12	Night at the Museum
13	Pirates of the Caribbean 3
14	Happy Feet
15	007 Casino Royale
16	Eragon
17	Da Vinci Code
18	Open Season
19	John Tucker Must Die
20	Köld Slóð

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

S·K·Í·F·A·N

Uppáhaldsdagblað þjóðarinnar – takk fyrir okkur

77% velja Fréttablaðið sem miðil að sínu skapi

71% velur Morgunblaðið, 51% velur 24 stundir

Fréttablaðið
Morgunblaðið
24 stundir

Fréttablaðið er langmest lesna dagblað landsins, það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Þar má finna skýrar og greinargóðar fréttir og kjarnyrta þjóðfélagsumræðu. Fjölbreytt og spennandi sérblöð fylgja á hverjum degi, um menningu, viðskipti, íþróttir og dægurmál. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.

Allt sem þú þarft – alla daga

Samkvæmt Gæðakönnun Capacent 12.–29. október. 2007, allir 18–49 ára.

Allt til að skapa réttu stemninguna í áramótaglaðinni

the PIER

Smáratorgi 3 • 201 Kópavogi • sími: 552 7860 við hlið Toys ‘r’ us
Mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 • laugardagar 10:00 til 18:00
sunnudagar 12:00 til 18:00

Bjóðum 20% afslátt
af kampavínsglösum
og 50% afslátt
af jólavöru.

LIV BERGÞÓRSDÓTTIR ÁTTI ÞÁTT Í ÞVÍ AÐ FARSÍMAVÆÐA LANDANN ÞEGAR HÚN VAR MARKAÐSSTJÓRI TALS. NÚ FÁI SÉR INTERNETTENGINGU Í FARSÍMANN SINN. Í VIÐTALI VIÐ MÖRTU MARÍU JÓNASDÓTTUR RÆÐIR HÚN UM TA

SKEMMTANASTJÓRINN VI

viðtal

EKKI MJÖG TÆKNIVÆDD Liv segir að vinum sínum hafi verið skemmt þegar hún réði sig til Tals á sínum tíma því hún sé ekki alveg sú tæknivæddasta.

Samskiptafyrirtækið Nova vakti mikla athygli á dögunum þegar það pakkaði heilli byggingu inn í dúk með áletruninni „Stærsti skemmtistaður í heimi“. Í opnunarpartíinu streymdi fólk í djammhugleiðingum að húsnæðinu í Lágmúla og hugsaði sér gott til glóðarinnar. Liv Bergþórsdóttir framkvæmdastjóri Nova hafði bara gaman af þessu enda voru viðbrögðin betri en hana hafði órað fyrir en hún hefur unnið að skipulagningu fyrirtækisins í rúmlega ár. „Þegar ég kom til starfa var Jóakim Reynisson, framkvæmdastjóri tæknisviðs, byrjaður að undirbúa opnunina. Í dag starfa 50 manns hjá Nova svo fyrirtækið hefur vaxið hratt. Nova er í eigu Novator, sem á sambærilegt fyrirtæki í Póllandi sem var opnað í apríl á þessu ári,“ segir Liv en Novator á líka hlut í símafyrirtækjum víðar í Evrópu. Þegar hún kom til starfa var 3G tæknin ekki komin á markað á Íslandi. Þegar hún er spurð að því hver sé munurinn á GSM og 3G segir hún að þetta sé svipaður munur og á ADSL- og ISDN-nettengingum. Það var ekki búið að bjóða út 3G leyfi þegar Nova var stofnað en í júní í fyrra fékk fyrirtækið tilraunaleyfi og þá var hægt að byrja. „Það má segja að undirbúningurinn að opnun Nova hafi farið á fullt í mars á þessu ári þegar Nova fékk formlega úthlutað 3G rekstrarleyfi en Ísland var eitt af síðustu löndunum í Evrópu til að bjóða út slík leyfi. Þessi þjónusta er þegar orðin mjög vinsæl víðast hvar í Evrópu en 3G farsímaþjónusta mun taka við af GSM-farsímaþjónustu,“ segir Liv. Að koma á fót samskiptafyrirtæki er risastórt verkefni en Liv segir að henni hafi aldrei fallist hendur. „Þetta var rosalega kósí til að byrja með, þegar við vorum að kasta á milli okkar hugmyndum, skipuleggja framtíðina, hvað þetta myndi kosta og hvaða tekjumöguleikar væru í stöðunni.“ Þegar Liv er spurð út í muninn á Nova annars vegar og Símanum og Vodafone hins vegar segir hún að Nova skeri sig úr vegna internetsins. „Síðustu þrjú árin hefur lítið verið að gerast á símamarkaðnum og sáum við tækifæri í 3G þar sem við leggjum áherslu á að fólk geti fengið internetið í farsímann sinn. Við trúum því að það sé framtíðin að vera í þráðlausum samskiptum, bæði með tölvuna og símann. Mesta byltingin er með fartölvuna en með 3G-tækni getur þú fengið hana nettengda í gegnum farsímann. Með því að fá internetið í símann breytist lífið hjá stórum hópi fólks því það eru margir sem eru á ferð og flugi vegna vinnunnar og þá kemur þetta sér vel,“ segir hún og bætir við að 3G séu svo miklu meira en myndsímtöl þótt þau standi vissulega fyrir sínu og séu í hávegum höfð á hennar eigin heimili. „Þegar sonur minn er hjá pabba sínum aðra hvora helgi finnst mér frábært að geta séð hann þegar ég tala við hann. Ég myndi alls ekki vilja vera án þess,“ segir hún.

Einfaldar hlutina

Það er frekar óvenjulegt að heyra konu tala um tækni eins og nýjustu gallabuxurnar en þegar hlutirnir eru settir upp á einfaldan hátt er auðvelt að hrífast með. Það er einmitt eitt af markmiðum Livar að setja flókna hluti í einfalt samhengi. „Vinahópurinn minn hló nú svolítið þegar ég réði mig til Tals á sínum tíma því ég er ekki mjög tæknileg sjálf. En mér fannst spennandi að reyna að einfalda hlutina og áskorunin felst í því að búa vöruna til og pakka henni inn í notendavænar umbúðir. Það er heldur ekki nóg að tæknimennirnir geti gert hlutina, ef ég get ekki notað þjónustuna þá mun hún ekki seljast. Að fá internetið í símann hljómar svolítið flókið en þess vegna er svo mikil áskorun að gera þetta þannig að þetta verði einfalt og allir geti tileinkað sér það.“ Þegar hún er spurð út í kostnaðinn segir hún hann vera í lágmarki því það þýði ekki að koma með tækninýjungar ef þær kosti meira en sú tækni sem fyrir er því þá myndi enginn tileinka sér þær. „Ef fólk notar símann bara til í tala í þá mun símareikningurinn lækka með tilkomu Nova. Síðan er bara spurning hvað fólk vill hafa í símanum sínum. Að hafa netið í símanum kostar þúsund krónur á mánuði. Fólk er ekki til í að nota 3G-síma í staðinn fyrir GSM ef það kostar meira.“

Farsímavæddi landann

Liv er menntaður viðskiptafræðingur. Eftir að hafa dvalið eitt ár í skiptinámi erlendis réð hún sig til starfa hjá SS. Hún segir að tíminn þar hafi verið sérlega lærdómsríkur og að hann hafi mótað hana mikið. Að starfa hjá samskiptafyrirtæki eins og Nova gæti hæglega flokkast sem karlastarf. Liv er þó alls ekki sammála því og segir að hún hafi aldrei upplifað sjálfa sig í neinu tæknistarfi. „Þetta er bara eins og hvert annað markaðsstarf. Ég fór að vinna hjá Tal 1998 og á þeim tíma hafði ég aldrei notað farsíma. Eitt af mínu fyrstu verkefnum var að þýða talhólf en á þeim tíma var það mjög framandi og maður vissi ekki nákvæmlega hvað það var. Í rauninni skiptir ekki máli hjá hvaða fyrirtæki maður starfar, þetta er spurning um að búa til vöruna, kynna hana og selja. Þegar ég byrjaði hjá Tal var sms ekki komið til sögunnar, en það varð fyrst vinsælt um 1999. Þegar farsíminn kom á markað var hann svo dýr að það hafði enginn efni á honum nema aðilar í viðskiptalífinu en þegar Tal byrjaði voru farsímarnir að verða ódýrari og við sáum tækifæri í að koma inn á markaðinn þegar farsíminn yrði almenningseign. Það er í raun sambærilegt við það sem við erum að gera í dag því við erum að koma inn á þeim tíma sem eru að verða miklar breytingar aftur.“ Þegar Liv er spurð út í sinn fyrsta farsíma lifnar yfir henni. Hún átti appelsínugulan Nokia 5110 farsíma. „Hann var alveg rosalega flottur og góður sími. Svo sló hann líka í gegn því það var hægt að skipta um framhlið á honum sem var liður í að gera þjónustuna vinsæla. Þetta var sími sem alla langaði í. Stuttu síðar náði ég að selja öllum í vinahópnum síma og farsímavæða alla í kringum mig,“ segir hún og segir að það hafi verið auðvelt því það hafi allir verið svo spenntir fyrir þessari byltingu.

Þegar farsímarnir komu á markað voru þeir svo ógurlegt stöðutákn að þeir voru yfirleitt hafðir uppi á borðum þegar fólk hittist á kaffihúsum og það eru til margar frægar sögur af fólki sem kunni sig ekki alveg þegar það fékk gemsa í höndina í fyrsta skipti. „Fólk var ekki með símana í töskunum eða á sér, símarnir voru til sýnis. En smátt og smátt lærði fólk inn á áreitið og fór að nota til dæmis talhólfið í stað þess að svara alltaf símanum. Farsímarnir breyttu líka rosalega miklu, ekki bara fyrir félagslífið heldur líka atvinnulífið. Nýtingin á tíma starfsmanna hefur orðið mun betri eftir að farsímarnir komu á markað, sérstaklega fyrir þann hóp sem vinnur ekki á skrifstofu. Með 3G-tækninni geta leigubílstjórar horft á fréttir svo dæmi sé nefnt. Fólk hefur þörf fyrir að fylgjast með og vera í sambandi og 3G er bara liður í því.“

Engin eldabuska

Líf Livar snýst þó ekki bara um farsíma því hún á stóra fjölskyldu. Hún er gift Sverri Haukssyni og saman eiga þau þriggja ára son. Í heildina eru þau sex manna fjölskylda því bæði áttu þau börn í fyrri samböndum. Það er líf í tuskunum í Garðabænum aðra hverja viku þegar öll börnin eru samankomin á heimilinu. Liv segist ekki lifa miklu glamúrlífi, tíminn fari í vinnu og svo hugsi hún um börnin og heimilið þess á milli. „Þegar ég horfi í kringum mig finnst mér allir vinna mikið og vera í svipuðu tempói og ég sjálf. Mér finnst enginn tala um að það sé rólegt hjá sér. Í raun er þetta fylgifiskur upp-sveiflunnar sem er búin að vera í gangi í þjóðfélaginu, það er nóg að gera fyrir alla.“ Til að láta hlutina á heimilinu ganga upp er Liv með aupair stúlku. „Sumum vinkonum mínum finnst skrítið að ég geti haft einhvern ókunnugan inni á heimilinu og ég verð að viðurkenna að manninum mínum fannst það líka svolítið skrítið til að byrja með. Mér finnst það frábært en það er kannski af því ég var sjálf au-pair þegar ég var unglingur.“ Þegar talið berst að matseld viðurkennir Liv að hún sé vonlaus í eldhúsinu og hafi til dæmis aldrei búið til sósu. Maðurinn hennar hefur því staðið vaktina í eldhúsinu yfir hátíðarnar. „Einu sinni var hringt í mig frá einhverju blaði og ég beðin um að gefa uppskrift að einhverju. Vinkonur mínar fengu hláturskast þegar þær heyrðu þetta því ég hef bara einu sinni bakað köku og ég ætla aldrei að gera það aftur,“ segir hún brosandi og segist vera mjög þakklát fyrir tilbúna deigið frá Jóa Fel, það sé það eina sem hún getur gert, að skera það niður og setja á bökunarplötu. „Ég held líka að þetta sé að hluta til vegna þess að maðurinn minn elskar að vera í eldhúsinu, þá hef ég gert eitthvað annað á heimilinu.“

Aldrei rétti tíminn

Umræður um konur í stjórnunarstöðum eru reglulega í fjölmiðlaumræðunni og sér í lagi hvað það sé erfitt fyrir kvenpeninginn að komast til valda. Liv segist ekki hafa fundið fyrir



Morgunmaturinn: Kaffi.
Geisladiskurinn: James Blunt í bílnum og gamlir jóladiskar heima fyrir.
Skemmtunin: Út að borða í góðra-vina-hópi.
Bíllinn minn er ... til að komast á milli staða en maðurinn minn vinnur í að breyta því.
Heimilið mitt er ... oft eins og lestarstöð – þar sem allir koma og fara.
Mér líður best ... þá daga sem við erum sex í heimili.
Líkamsræktin: Já ... hummm – á dagskrá ...
Hvernig afstressar þú þig? Svo sem ekkert sérstakt, ég reyni að hvíla mig um helgar og nota þær til að safna kröftum fyrir vikuna.
Áhugamál: Já, það er eins og með líkamsrætina. Í frítímanum hitti ég vini mína, förum út að borða og skemmtilegast finnst mér að skreppa til útlanda.

ER HÚN FRAMKVÆMDASTJÓRI NOVA, STÆRSTA SKEMMTISTAÐAR Í HEIMI, SEM LEGGUR ÁHERSLU Á AÐ FÓLK ÆKNIBRANSANN, TILVERUNA OG DJ NOVA.

Ð LÁGMÚLA

MYND/VALGARÐUR GÍSLASON

hvernig hlutirnir litu út á pappír og það var talið best að hafa lógó ekki í of mörgum litum. En þar sem við leggjum áherslu á netið getum við leyft okkur litagleði því vörumerkið verður lifandi þegar það kemur á netið." Hver átti hugmyndina að slagorðinu, Stærsti skemmtistaður í heimi? „Það var mesti grínari landsins, Þorsteinn Guðmundsson. Okkur fannst við vera mjög framúrstefnuleg að vera samskiptafyrirtæki en ekki fjarskiptafyrirtæki. Þegar við kynntum þetta fyrir Þorsteini og Degi Hilmarssyni hönnuði fannst þeim þetta ekkert sniðugt og sögðu að það væri enginn munur á þessu tvennu. Þá komu þeir með það að internetið væri ekkert annað en stærsti skemmtistaður í heimi. Þegar þeir komu með þetta þurftum við ekki að hugsa okkur tvisvar um. Okkur fannst þetta steinliggja og föttuðum ekki að einhver myndi taka feil," segir Liv. Sjálf segist hún gjarnan setjast fyrir framan tölvuna á kvöldin í stað þess að leggjast fyrir framan sjónvarpið. Hún hefur gaman af því að vafra um netið og finnst það góð leið til að fylgjast með öllu því nýjasta. Spurð hvort hún kaupi mikið á netinu segir hún svo ekki vera, en það komi þó fyrir. „Í ár keypti ég nokkrar jólagjafir á netinu og svo keyptum við fatnað á starfsfólkið meðal annars í Victoria Secret. Þegar sendingin kom í hús leit fólk hvort á annað enda leit þetta út eins og ég væri að kaupa mér prívat nærföt og láta senda mér þau í vinnuna," segir hún og hlær. *martamaria@365.is*

því á sínum starfsferli en játar þó að barneignir hafi áhrif á stöðuveitingar til kvenna. „Það er algengt að stelpur vinni í þrjú til fimm ár eftir að þær koma úr námi en á sama tíma kemur oft að fyrstu stöðuhækkuninni. Þá færast stelpurnar aftur úr því þær fara oft og tíðum að eignast börn á þessum tíma, þá ná strákarnir forskoti," segir hún og játar að hún hafi frestað barneignum vegna starfsins. „Þegar ég var að vinna hjá Tal var ég í svo mörgum skemmtilegum verkefnum að ég ýtti barneignum alltaf á undan mér. Svo kom að þeim tímapunkti að ég sá að verkefnunum myndi ekkert fækka og það væri í rauninni aldrei rétti tíminn til að fara í fæðingarorlof. Ég gerði mér líka alveg grein fyrir því að ég myndi ekki halda minni stöðu ef ég færi í burtu í ár," segir hún. Meðan á fæðingarorlofinu stóð hugsaði hún sinn gang og naut þess að vera heima með soninn. Hjá Nova reynir Liv að hafa jafnt kynjahlutfall á vinnustaðnum því henni finnst kynjablandaðir vinnustaðir miklu skemmtilegri. Hún segir reyndar að það sé erfitt að ráða margar konur inn á tæknisviðið því konur sæki lítið um þau störf.

Stærsti skemmtistaður í heimi

Auglýsingar Nova hafa vakið mikla athygli og þar er DJ Nova í aðalhlutverki en hann er karakter úr smiðju Þorsteins Guðmundssonar grínara. Umræddur DJ er kominn vel á fertugsaldur og heldur að hann sé mesti spaðinn í bænum, en í raun er hann svolítið mislukkaður. DJ Nova er í lykilhlutverki á heimasíðu fyrirtækisins og óhætt er að segja að fyrirtækið fari ótroðnar slóðir. „Það lá í loftinu að við myndum leggja áherslu á internetið og hönnunin á vörumerkinu var höfð með það í huga. Hér áður fyrr var alltaf verið að hugsa um



ANNA OG SKAPSVEIFLURNAR - kl. 18:50

CHRONICLES OF NARNIA - kl. 19:45

WAR OF THE WORLDS - kl. 22:05

Hafðu það gott á nýju ári

BYR SPARISJÓÐUR

TAKTU Á MÓTI NÝJA ÁRINU MEÐ STÆL

Glæsileikinn í hávegum

Þegar nýja árið gengur í garð er ekkert annað við hæfi en að líta hrikalega vel út og geisla af fegurð. „Make up artist-inn“ Guðbjörg Huldís sýnir hér helstu trikkin með förðunarvörum frá MAC, hvort sem þú vilt vera eins og díva eða töffari. Soffía Dóra frá Eskimó var módel.

Dívan..

Það er best er að byrja á því að setja Select Moisturecover á augnsvæði, undir og ofan á augnlok. Select Spf 15 meik er sett yfir allt andlit og aðeins niður á háls. Svo er púðrað vel með Blot Powder/pressed. Ekki er verra að nota bursta nr. 129. Blýanturinn, Taupe, er notaður til að skerpa augabrúnir. Undir augabrúnina er settur augnskugginn Vanilla með bursta nr. 224 og á augnlokin er sett Pigment í Sweet Sienna með bursta nr. 217. Blanda vel þar til skil sjást ekki og setja alveg upp að augabrún yfir augnkróknum. Neðst við augnháralínu er settur svartur augnskuggi í Black Tied með bursta nr. 239 og eftir það svartur blýantur í Smolder og blanda hann vel upp í svartan augnskugga. Halda skal svæði neðan við augað alveg hreinu. Gerviaugnahár nr. 35 eru límd þétt við augnahárin og maskari Plushlash í Plushblack rennt varlega í gegn og gerviaugnahárum og augnahárum blandað vel saman. Skerpa vel undir kinnbeinum með bursta nr. 116 Bronzing Powder í Golden. Ofan á kinnbein er sett Beauty Powder/Loose í Dancing Light og er það einnig frábært til að fá glimmer gljáa á húð hvar sem er. Varablýantur í Half Red notaður til að móta varir og fyllt svo upp í með varalit í Lustre Bludding Lust. Yfir hann er sett Lipglass í Red Romp.

Töffarinn..

Setja Select Moisturecover á augnlokið. Það er gott að byrja á augnförðun og klára hana áður en farðinn er settur á andlitið. Oft geta dökkir augnskuggar hrunið niður á kinnar og skemmt farðann ef meikað er áður. Byrja á því að skerpa augabrúnir. Innst í augnkrók er augnskuggi úr jólapallettu Royal Assets Metallic Eyes sem heitir Créme Royale og berið á hálfa leið undir auga frá augnkrók. Ofan á mitt augnlok er settur Mineralize-augnskuggi í Engaging og síðan byrjað að vinna með dökkfjólublåan Mineralize-augnskugga í Earthly Riches undir ennisbeini. Best er að horfa beint í spegil til að finna hvernig skugginn rammar inn augað. Fara vel inn í augnkrók upp að augabrún og láta renna aðeins niður á nef. Einnig gera þykka línu undir auga og fara 2/3 í átt að augnkrók. Láta deyja út á móti gyllta augnskugganum sem var settur í byrjun. Passa að halda helmingi af augnloki ljósu. Neðst við augnháralínu í fjólublåa litnum skal setja svartan augnskugga í Black Tied, bæði undir og yfir. Nota skal ofangreinda bursta einnig hér. Loks er blýanturinn Smolder settur í og við augnahárin uppi og niðri. Fluidline í Blacktrack er settur alveg upp að efri augnháralínu í örþunnri línu. Maskara vel með Fibre Rich Lash í All Black. Til að klára augnförðun er settur Glitter Eyeliner í Blitzed í augnkrók yfir allan gyllta augnskuggann. Gott er að nota hreinsiklút til að þrífa allt það sem hefur hrunið niður af augnskuggum. Nú skal meika andlitið með Studio Fix Fluid Spf 15 og gott er að nota meikbursta nr. 188. Púðra vel með Blot Powder/Pressed. Kinnalitur Powder Blush í Harmony er settur undir kinnbein. Beauty Powder/Loose í Dancing List er sett vel á kinnbein og dusta létt yfir allt andlit, herðar og bringu sem gefur létta glimmeráferð. Varablýantur í Subculture notaður til að ramma inn varir og fylla svo upp í með Lustre-varalit í Gilty Kiss. Rétt í miðjuna setja Lipglass í Majestic.

ÁSTRÍÐA

GRIMMD

ÖFUND

SVIKRÁÐ

GRÆÐGI

SPENNA

FRÁBÆRT BOÐGREIÐSLUTILBOÐ!
TVÆR STÖÐVAR AÐ EIGIN VALI Á AÐEINS 6.790 KR. Á MÁNUÐI Í JANÚAR OG FEBRÚAR.
SÝN SÝN frjálvarp
MasterCard

MÖGNUÐ ÍSLENSK SPENNUÞÁTTARÖÐ

PRESSA

HEFST SUNNUDAGINN 30. DESEMBER

KJARTAN GUÐJÓNSSON SARA DÖGG ÁSGEIRSDÓTTIR
ORRI HUGINN ÁGÚSTSSON ARNDÍS HRÖNN EGILSDÓTTIR
STEFÁN HALLUR STEFÁNSSON ÞORSTEINN BACHMANN

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: Stöð 2 Stöð 2+ Stöð 2 Bíó Stöð 2 Bíó+ Stöð 2 Sirkus Stöð 2 Sirkus+

skemmtilegri

GALLERI SAUTJÁN Tindrandi pallíettukjóll, flottur einn og sér, við þykkar sokkabuxur eða gallabuxur. Kjóllinn verður látlausari við einfalda golftreyju eða einlitan jakka.

GALLERI SAUTJÁN Gylltar pallíettur eru sparilegar og koma öllum í hátíðarskap um áramótin.

GLITRANDI NAOMI CAMPBELL Naomi í fallegum svörtum pallíettukjól.

MYND/GETTYIMAGES

HÖNNUN KARLS LAGERFELD Það verður víst enginn svona léttklæddur í íslenskri slyddu og snjó, en litasamsetningin gefur tóninn fyrir áramótin.

MYND/GETTYIMAGES

KRON KRON Áramótakjóllinn í ár, rómantískur svartur kjóll úr þungu prjónaefni frá Tata-Nata.

KRON KRON Silfurlitaður ævintýrakjóll frá japönsku systrunum Tata-Naka. Kjóllinn er í senn hátíðlegur og partílegur og gengur við mörg hátíðleg tilefni.

DARIA WERBOWY Takið eftir skemmtilegri samsetningu Dariu, „heimadressið“ poppað upp með glæsilegum pallíettujakka.

MYND/GETTYIMAGES

Ómótstæðileg áramótadress

Glamúr, glitrandi pallíettur og glansandi efni eru áberandi í áramótatískunni þetta árið. Ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi í verslunum höfuðborgarinnar, enda hefur framboð af glamúrfatnaði sjaldan verið meira. Njótum þess að fá að klæða okkur upp úr hversdagsleikanum einu sinni á ári og skörtum okkar fegursta. *- bm*

ILSE JACOBSEN Það stirnir á þessa fallegu skó sem gefa heildardressinu enn sparilegra yfirbragð.

MYNDIR/VÖLUNDUR

OASIS Það stirnir á þennan fagra kjól í húmi nætur og ekki spillir svört sláin ásýndinni. Dress sem er hægt að nota á marga vegu. Sláin gengur við hvað sem er og ætti að vera skyldueign hverrar konu.

COMPANYS Silfurlitaður glamúr jakki slær tóninn fyrir áramótin, jakki sem er flottur við allt og nýtist við öll tækifæri.

COMPANYS Leðurjakki gefur elegant svörtum buxum hressilegra yfirbragð og hálsmenið setur punktinn yfir i-ið. Geggjað dress fyrir þær sem taka buxurnar fram yfir kjólinn.

OASIS Falleg svört slá og glitrandi pallíettukjóll. Góð viðbót og má notast á marga vegu. Sláin er ómissandi þegar farið er á milli staða í áramótagleðskapnum.



ný vara

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141

5 leiðir...

til að lifa janúar af

Eyddu öllum síma-númer-um fyrrver-andi bólfélaga úr símanum. Jólin og áramótin eru sá tími þegar allar tilfinngar síðustu ára gjósa upp og þar getur síminn reynst hvað hættulegastur. Það að lítið mál að skrifa ein tilfinningaþrungin sms-skilaboð í slíku tilfinningarúsi og ýta á senditakkann á símanum eftir nokkur kampavínsglös og eyða þar af leiðandi nýársdegi á bömmer og í volæði. Komum í veg fyrir slysin.

Farðu varlega í alla áfengisdrykkju. Það vill enginn taka á móti nýju ári ofan í klósettskálinni.

Leyfðu tilfinningunum að gjósa enda er gamlárskvöld eina kvöld ársins þar sem hægt er að leyfa sér að gráta eins og alvöru fegurðardrottning en halda samt kúlinu. Af hverju þarf að halda aftur af tárunum þegar Páll Magnússon útvarpsstjóri óskar landsmönnum gleðilegs árs?

Vertu hömlulaus og skildu bremsurnar eftir í faðmi gamla ársins. Gerðu allt sem þig hefur einhvern tímann dreymt um að gera en aldrei þorað að framkvæma. Stingdu upp á að spila fatapóker við fjölskylduna í stað þess að horfa á áramótaskaupið og mættu nakin undir pelsinum á áramóta-brennuna.

Leigðu þér karókígræjur og syngdu áramótin inn með Tom Jones-slagaranum „Sex Bomb“ og hver veit nema nýja árið verði fullt af kynþokka og skemmtileg-heitum.

Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus

www.klingenberg.is

Mun halda fyrirlestra um allan heim

Þessa vikuna spáir frú Klingenberg fyrir Freyju Haraldsdóttur sem kosin var kona ársins af tímaritinu Nýju lífi. Freyja er fædd 27.06 1986 sem lætur hana hafa lífstöluna þrjá. „Þristarnir búa yfirleitt yfir skemmtilegri og jákvæðari orku. Þeir hafa skapandi kraft og hafa oft góðan húmor fyrir hlutunum. Eins og sýnt sig hefur á Freyju er hún ákveðin sem betur fer og lætur engan vaða yfir sig. Hún er búin að vera á ári ástarinnar og ár ástarinnar er þegar vináttan blómstrar, fjölskyldan dafnar og frjósemin er í hávegum. Talandi um frjósemi því Freyja fæddi af sér bókina Postulín sem á eftir að verða gefin út víðsvegar í heiminum og Freyja á eftir að hafa nóg að gera við að halda fyrirlestra úti um allan heim. Freyja hefur mjög kappsama orku og þarf stundum að hægja aðeins á sér og hvíla sig meira. Hún er mjög tilfinningarík og seinna meir þegar hún eignast sinn eiginmann (sem ég tel að verði erlendur að uppruna) mun hún umvefja hann elsku og aðdáun. Freyja er að fara yfir á töluna sjö sem er mjög andlegt ár, hjálpar henni til að byggja upp styrk, setur það í jafnvægi sem hún hefur áhyggjur af og kemur skipulagi á það sem þarf að skipuleggja. Freyja er því að fara á alveg frábært ár þar sem hún á eftir að koma hugsjónum sínum á framfæri. Ekkert mun í raun verða henni sem hindrun, aðeins örlitlar stoppistöðvar. Mikil breyting verður á lífi Freyju árið 2010-11 því þá byrjar hún á nýjum sterkum kafla,“ segir Sigríður Klingenberg um Freyju Haraldsdóttur.

FRJÓSAMT ÁR „Talandi um frjósemi því Freyja fæddi af sér bókina Postulín sem á eftir að verða gefin út víðsvegar í heiminum og Freyja á eftir að hafa nóg að gera við að halda fyrirlestra úti um allan heim,“ segir Sigríður Klingenberg um Freyju.

BRYNJULFUR JÓNATANSSON, EINKAÞJÁLFARI OG JÓGAKENNARI, KANN RÉTTU TRIXIN

ÞREKÞJÁLFUN OG SAFARÍKIR ÁVEXTIR

Brynjulfur er einkaþjálfari og jógakenn-ari í World Class. Hann mælir með því að fólk stundi hreyfingu allan ársins hring. Þegar hann er spurður að því hvernig sé best að koma sér á réttan kjöl eftir ofát jólanna nefnir hann ferska ávexti og safa.

„Til að hreinsa líkamann er gott að nærast á ferskum safaríkum ávöxtum, drekka mikið vatn og mögulega grænmetissafa. Fá inn í líkamann fljótmelta og trefjaríka fæðu til að hjálpa honum að hreinsa burt of mikið salt og þess háttar,“ segir hann og segist þó ekki luma á neinum töfralausnum nema því kannski að koma líkamanum í jafnvægi.

„Ég er mjög hrifinn af því að ná sem mestu jafnvægi í heilsuræktina. Það er til dæmis mjög sniðugt að setja jógatíma inn í rútínuna, með styrktar og þrekþjálf-uninni, til að fá bæði ró í hugann og aukinn hreyfanleika í líkamann.“

Hvað er það versta sem þú getur gert eftir ofátið?

„Ætli það sé nú ekki að halda bara áfram að troða í sig. Mér finnst líka ekki sniðugt að skamma sig endalaust eða vera með samviskubit yfir góða matnum sem var borðaður. Frekar bara að fara yfir í hreinsunina með þakklæti fyrir liðnar góðar stundir.“ Hann segir að algengustu mistökin sem fólk gerir sé að fólk fari of geyst af stað og sumir gefist upp áður en raunverulegur árangur næst. „Að gera heilsurækt sem hluta af lífstíl virkar best og það þarf alls ekki að vera alltaf inni á æfingastöð. Gera það sem hverjum og einum finnst skemmti-legt.“

Hvaða leikfimisæfingar er best að gera til að örva brennslu?

„Til að fá sem mestu brennslu í líkamann við æfingar, er best að virkja sem flesta vöðva í hreyfingu. Gera stórar margliðamóta æfingar og taka nokkuð vel á því. Æfa til dæmis allan líkamann í styrktaræfingum 2-3 í viku. Fyrir þá sem geta þá er áköf þrekþjálfun með sprettum inn á milli mjög góð til að örva brennsluna.“ Nú er bara að koma sér í æfingagallann og taka Brynjulf sér til fyrirmyndar.

martamaria@frettabladid.is

BRYNJULFUR JÓNATANSSON, JÓGAKENNARI OG EINKAÞJÁLFARI

SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR GÖNGU SINNI ÁFRAM. JÓEL PÁLSSON TÓN-LISTARMAÐUR MÆTIR HÉR HARALDI VIGNI SVEINBJÖRNSSYNI TÓNSKÁLDI.

1. Hvað heitir skáldsaga Einars Más Guð-mundssonar sem tilnefnd er til íslensku bókmenntaverðlaunanna?

2. Hver var kjörin knattspyrnukona ársins 2007 af Knattspyrnusambandi Íslands?

3. Hver er landsliðsþjálfari Englands í knattspyrnu?

4. Hverjir ritstýra tímaritinu Nýju lífi?

5. Hvaða fyrirtæki auglýsir í auglýsingahléi áramótaskaupsins í ár?

6. Hvaða íslenski leikari leikur á móti breska leikaranum John Cleese í nýrri auglýsinga-herferð Kaupþings?

7. Hver flutti lag Svölu Björgvinsdóttur The Wiggle Wiggle Song sem bar sigur úr býtum í þættinum Laugardagslögin 15.desmber?

8. Hver er lögreglustjóri höfuðborgarinnar?

9. Hvað heitir geisladiskur Páls Óskars sen kom út fyrir jólin?

10. Hver leikstýrir sakamálaþættinum Pressunni sem hefur göngu sína á Stöð 2 í lok mánaðarins?

Jóel Pálsson **6 RÉTT SVÖR**

1.Rimlar hugans.
2.Margrét Lára.
3.Ian Rush.
4. Man það ekki.
5. Remax fasteignasalann.
6. Randver Þorláksson.
7. Nonni í Quest.
8. Stefán Eiríksson.
9. Allt fyrir ástina.
10. Ragnar Bragason.

Haraldur Vignir **4 RÉTT SVÖR**

1.Ekki hugmynd.
2.Margrét Lára
3.Capello.
4.Það veit ég ekki.
5.Kaupþing
6. Randver Þorláksson.
7. Ágúst eitthvað.
8, Verða að segja pass.
9. Allt fyrir ástina.
10. Ragnar Bragason.

Tónlistarmaðurinn Jóel Pálsson er í miklu stuði þessa dagana og sigrar hér með þriðja mótherja sinn. Jóel hlaut sex stig af tíu mögulegum á móti fjórum stigum Haralds. Haraldur skorar á Steinar Valdimar Pálsson verslunareiganda og grafískan hönnuð til að mæta Jóel í næstu viku.

Rétt svör 1.Rimlar hugans. 2.Margrét Lára Viðarsdóttir. 3. Italinn Fabio Capello. 4.Ásta Andrésdóttir og Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir. 5.Fasteignasalan Remax. 6.Randver Þorláksson. 7.Hatti Hatt. 8.Stefán Eiríksson.9.Allt fyrir ástina. 10.Óskar Jónasson.

HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

Óskað er eftir tilnefningum til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins 2008.

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera bæta íslenskt samfélag, einstaklingar og félagasamtök sem eru öðrum fyrirmynd með framlagi sínu.

Lesendur Fréttablaðisns eru hvattir til að senda in tilnefningar til Samfélagsverðlaunanna. Tilnefningar má senda á visir.is/samfelagsverdlaun eða með því að senda tölvupóst á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is. Einnig má senda bréf í pósti merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.

Frestur til að senda tilnefningar er til hádegis mánudaginn 28. janúar.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

Já, við erum hreykin enn og aftur!

PHILIPS VINNUR **EISA** VERÐLAUNIN 2007-2008 FYRIR **HÁSKERPU FLATSKJÁ** OG **HEIMABIÓKERFI**

Hin virta dómnefnd óháðra blaðamanna frá European Imaging & Sound Association (EISA) hefur veitt **Philips** viðurkenningu fyrir tækniþróun og nýsköpun á sviði afþreyingartækni fyrir heimili með tveimur eftirsóttum tækniverðlaunum.

European Full-HD LCD-TV 2007-2008
„...skilar hreint ótrúlegum gæðum í fullri **High Definition** upplausn. Jafnvel fíngerðustu smátriði eru skýr og greinileg í 1920x1080p upplausn. Öll hreyfing er skýrari og eðlilegri með hjálp hinnar framúrskarandi **Perfect Pixel HD Engine** myndtækni frá **Philips**", eins og segir í skýrslu **EISA** nefndarinnar um **47PFL9732D**.

Powered by ambi light

EISA AWARD Best Product 2007-2008
FULL-HD LCD-TV
Philips 47PFL9732D

SJÓNVARPIÐ FÆST Í 37", 42" OG 47" ÚTFÆRSLUM

EISA AWARD Best Product 2007-2008
HOME THEATER COMPACT SYSTEM
Philips HTS8100

European Home Theater Compact System 2007-2008
Ólíkt hefðbundnum heimabíókerfum með aðskildum hátölurum er **HTS8100** grundvallað á **Ambisound** tækninni frá **Philips** sem skilar alvöru 5.1 rása hljóðgæðum úr einu sambyggðu tæki.

EISA dómnefndin lofar hönnunina sérstaklega
„Þessi hönnun virkar einstaklega vel með flatskjám og skilar öllu sem til er ætlast. Afgerandi heimabíóupplifun".

PHILIPS
sense and simplicity

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

SELFOSS
EYRARVEGI 21
480 3700

Heimilistæki ht.is

Allar gerðir af kerrum

Allir hlutir til kerrusmíða

Dráttarbeisli á flestar gerðir bíla.

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

Dekk til allra verka

Sólning býður upp á mikið úrval sterkra og endingargóðra dekkja fyrir flestar gerðir vinnuvéla. Höfum að auki eitt besta úrval landsins af jeppa- og fólksbíladekkjum. Sendum hvert á land sem er.

Dráttarvéladekk
Vinnuvéladekk
Vagnadekk
Vörubíladekk
Búkolludekk

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Mastercraft TIRES

SÓLNING

Continental

Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000 - Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399
Selfoss, Gagnheiði 2, sími 482 2722 - Varahlutaverslun Björns Hellu, Lyngás 5, sími 487 5995

Stefán Gestsson segir nýju fleygana nær óbrjótanlega. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Vökvafleygarnir verða alltaf vinsælli

Vökvafleygar eru mikið notaðir við verktakavinnu þegar þarf að brjóta klappir eða vinna í erfiðum og hörðum jarðvegi. Kraftvélar selja margar gerðir fleyga.

„Við höfum verið að selja Rammer-fleygana sem eru finnskir. Það eru mjög vandaðir og góðir fleygar. Við vorum að fá nýtt módel af þeim sem er fyrir minni vélarnar, frá einu tonni og upp að 5 og hálfu tonni. Síðan erum við líka komnir með Komatsu-fleyga frá sama fyrirtæki og framleiðir Komatsu-gröfurnar. Við erum að markaðssetja þessar tvær gerðir af fleygum," segir Ólafur Ársælsson hjá Kraftvélum.

Hann segir alltaf mikla sölu í fleygum. „Menn eru hættir að vinna svona í höndunum og þá eru menn meira og minna hættir að sprengja. Menn sprengja of lítið að mínu viti. Það er verið að láta fleygana vinna allt of mikið á berginu."

„Árið 2004 kom Sandvik fram með algjörlega nýja hugmynd af fleyg. Þetta eru fleygar ætlaðir á vélastærðir frá 0,8 tonnum og upp í 5,5 tonn. Það sem gerir þessa fleyga sérstaka er að þá þarf ekki að smyrja með feiti og þarfnast þeir því minna viðhalds en aðrir fleygar og svo á að vera mjög erfitt ef ekki ómögulegt að brjóta stálið í þeim," segir Stefán Gestsson sem ásamt Ólafi annast sölu á fleygunum.

Ólafur segir hönnun hamarsins byggjast á því að það þurfi ekki að smyrja hann sérstaklega. „Það eru nælonfóðringar í honum og endingin því betri og þetta einfaldar notkun á honum."

Rétt vinnubrögð eru lykilatriði þegar verið er að fleyga. „Það sem skiptir mestu máli þegar unnið er með fleyg er að beita honum rétt. Það er númer eitt, tvö og þrjú. Menn hafa verið að nota fleygana í önnur verk og stundum hefur maður séð gröfur vega salt á fleygnum, svona rétt eins og menn séu að lyfta gröfunni á fleygnum. Það fer mjög illa með hann og styttir endinguna verulega. Það á alltaf að hafa í huga að rétt beiting eykur endingu fleyganna mjög mikið." - öhö

Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?

DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:

ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR
GERÐIR VÖRU- OG
FLUTNINGABÍLA

et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

TRUCK - LITE
Ljósasamlokurnar frá okkur eru:
ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST

Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...

BRIDGESTONE LOFTBÓLUDEKKIN

BETRAGRIP
Meira veggrip • Ónelgd og hljóðlát • Umhverfisvæn
Minna slit á malbiki • Hægt að nota allt árið!

Betra Grip ehf • Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 533 3999 • www.betragrip.is

Misjafnt er hversu lengi fólk er að ná tökum á vinnuvélum.

Vinnuvélanám er fyrir fólk á öllum aldri

„Við kennum á allar stærðir og gerðir vinnuvéla hér og aðsóknin hefur verið fín," segir Þráinn Elíasson, skólastjóri Ökuskóla Suðurlands. Hann segir námskeiðin venjulega haldin þrisvar á ári hverju og að um fimmtán manns sitji námskeiðið í senn.

„Þetta er bóklegi hluti vinnuvélaprófsins en sá verklegi er hjá verktökunum. Þegar nemendur hafa lokið prófi hjá okkur fara þeir oftast að vinna hjá aðila sem hefur kennsluréttindi. Þegar menn eru búnir að æfa sig á vélina er kallaður til prófdómari frá Vinnueftirliti ríkisins og hann metur færni nemandans."

Þráinn segir mismunandi hvað menn séu lengi í þessu æfinganámi áður en þeir verða metnir af Vinnueftirlitinu og fer það helst eftir því hversu lengi viðkomandi er að ná tökum á vélinni."

Þráinn segir algengt að fyrirtæki styrki starfsmenn sína til náms. „Þá eru verkalýðsfélögin dugleg að styrkja þá sem sækja vinnuvélanámskeið. Það er fólk á öllum aldri sem hingað kemur, en þó mest af ungu fólki. Það er þó eitthvað um fullorðið fólk, bændur og verktaka sem koma hingað til þess að fá sér réttindi."

Námskeiðið er áttatíu kennslustundir og námsefni fæst að láni hjá skólanum. - öhö

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Fiat atvinnubílar

Fiat Scudo
Sendibíll ársins 2008

Bílar sem vinna!

Fiat Dobló
Sendibíll ársins 2006

Fiat Scudo
Sendibíll ársins 2008

Fiat Ducato

Hvort sem starfsemin er lítil eða stór færðu Fiat af réttri stærð.

Þjónusta alla leið!
Varahlutaþjónusta og eigið verkstæði á staðnum.

Fiat Ducato

Fiat Scudo

Fiat Dobló

Fiat Multipla

Fiat Punto

Fiat Panda

Fiat Croma

Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati

Opið:
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16

SAGA
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is

PIPAR • SÍA • 72353

Vinnuvélaleikföng þroskandi

„Við erum búin að vera að selja leikfangavélar svona meðfram stóru vélunum í nokkur ár og þetta er alltaf vinsælt," segir Magnús Marísson hjá Jötunn vélum á Selfossi en fyrirtækið hefur flutt inn nokkrar tegundir leikfangavinnuvéla.

Leikfangavélar þykja þroskandi. Myndin er af plastleikfangi en er ekki lýsandi fyrir tækin frá Jötni.

Magnús segir leikföng af þessu tagi njóta mikill vinsælda. „Það hefur alltaf verið dálítið spurt um þetta, sérstaklega af fólki sem tengist bransanum. Við seljum eingöngu leikföng sem eru tengd þeim merkjum sem við erum að selja. Við erum með Ferguson og aðra traktora auk heyvinnutækja. Hönnunin á þessum tækjum er oft á tíðum ótrúleg og nær að líkja vel eftir frummyndunum."

Hægt er að kaupa margar gerðir vinnuvélaleikfanga og af ýmsum stærðum. „Sumir þessara stærri eru pedalastignir og þá er hægt að hjóla á þeim. Það er algengast að fólk til sveita sé að kaupa vinnuvélaleikföng og þá eru börnin oft að hjóla á þessu í útihúsum eða úti við."

Magnús segir leikföng af þessu tagi vera þroskandi. „Þetta er gott upp á verkvit. Börnin skilja betur hvernig tækin vinna þegar þau hafa leikið sér með þessi leikföng." - öhö

Réttu vélamar í verkið!

TIL AFGREIÐSLU FYRIR ÁRAMÓT!

TIL AFGREIDSLU STRAX AF LAGER
AFAR HAGSTÆTT KYNNINGARVERÐ!
NEW HOLLAND
NEW HOLLAND D180 jarðýta

TIL AFGREIDSLU STRAX AF LAGER
AFAR HAGSTÆTT KYNNINGARVERÐ!
NEW HOLLAND
NEW HOLLAND E305LC beltagrafa

TIL AFGREIDSLU STRAX AF LAGER
AFAR HAGSTÆTT KYNNINGARVERÐ!
NEW HOLLAND
NEW HOLLAND LB115 traktorsgrafa

Áratuga frábær reynsla af NEW HOLLAND vinnuvélum á Íslandi eru bestu meðmælin! Eigum fyrirliggjandi úrval af stórvirkum vinnuvélum sem og fjölvirkum smávélum - Veldu vél sem hentar þínu verki!

STURLAUGUR & CO

Fiskislóð 14
101 Reykjavík
Sími. 412 3000
Sölum.New Holland S. 899 5549
www.sturlaugur.is

Hekla byggir við í Klettagörðum

Hekla rekur vélasvið í Klettagörðum í Reykjavík. Vegna góðrar sölu og mikilla umsvifa hefur starfsemin sprengt utan af sér núverandi húsnæði og því er unnið að nýbyggingu.

Vélasvið Heklu er í Klettagörðum í Reykjavík en vegna umfangs er orðið mjög þröngt um starfsemina í núverandi húsnæði. Nú er því unnið að nýrri byggingu á lóð Heklu sem stefnt er á að taka í notkun að ári.

„Við eigum byggingarrétt að húsi sem er álíka stórt og það sem við erum í núna hér í Klettagörðum, en það verður þó hærra til lofts svo það verður talsvert meira rými í hinu nýja húsnæði," segir Snorri Árnason hjá vélasviði Heklu.

„Dekkjadeildin tilheyrir vélasviðinu og henni fylgir mikill lager. Við höfum því þurft að leigja húsnæði hér skammt frá sem geymsluplass. Það verður því hagræði að því að koma öllu fyrir hér á sama stað. Þá hefur sýningarsalurinn verið notaður sem lager líka vegna plássleysis. Þegar nýja húsið kemst í gagnið á næsta ári getum við því betur sýnt tækin okkar innanhúss."

Snorri segir mest seljast af beltagröfum. „Caterpillar sækir hins vegar grunn sinn í jarðýtur og þó það sé ekki mest sala í þeim þá er það okkar sterkasta ímynd. Við höfum verið að afhenda mjög stórar og öflugar jarðýtur undan-

Snorri Árnason, sölumaður hjá Heklu, dvaldi um tíma á Kárahnjúkum og segir það hafa verið mikla reynslu.

FRÉTTABLAÐIÐ/XXXX

farið. Caterpillar framleiðir núna allar stærðir vinnuvéla og hefur geysilega gott bakland í tæknilegum úrlausnum. Fyrir vikið eru endursölukostir á Caterpillar-vélum mun meiri en á vélum frá öðrum framleiðendum. Við höfum aðstoðað eigendur véla frá okkur að selja þær úr landi þegar verið er að kaupa nýtt.“

Snorri dvaldi um skeið á Kárahnjúkum en Hekla var með þjónustumiðstöð á Kárahnjúkum meðan framkvæmdir voru í fullum gangi þar.

Nú er þeirri vinnu að mestu lokið og því hefur hluti af vélunum sem voru á Kárahnjúkum verið seldur til Mið-Austurlanda.

Snorri segir það hafa verið mikla lífsreynslu að vera þarna á Kárahnjúkum en það sé einungis í stærri verkefnum sem þeir setji upp þjónustumiðstöðvar á vinnusvæðum.

- öhö

Cat skessa

Hyundai 160 LCD-7 beltagrafa
Árg. 2006 v.st. 1850. 700 mm belti,
ein skófla, hraðtengi, tönn og hamarlögn

JCB 456e ZX hjólaskófla
Árg. 2006 V.st. 850

JCB 4CX Super traktorsgrafa
árg. 2003 V.st. 4950. Ný dekk, 3 skóflur,
olíumiðstöð, hamarlögn. Tiltlögn, stangarstjórnun
og SRS fjöðrun á gálga

JCB 8080 beltagrafa
árg. 2007 V.st. 212.
2 skóflur, tiltlögn, fleyglögn og loftfjaðrandi sæti

Zeppelin ZM80 hjólagrafa
árg. 1997 V.st. 3517
2 skóflur og tiltskófla

Linde E16 rafmagnslyftari
árg. 1996. V.st. 1340
Ný framdekk, hliðarfærsla

Iveco Daily 35S18D
7 manna vinnuflokkabíll með föstum palli
Árg. 2007 Ekinn 6000 km

Iveco Trakker verktakabifreið
árg. 2006. 8x4 drif ekinn 46000 km.
Cantoni hálftunnu pallur

Iveco Eurocargo ML120E24FP
árg. 2001. Ekinn146000 km. Kassi og lyfta

Renault Master
árg. 2001. Ekinn 136000 km.
Lyfta og hliðarhurð báðum megin

VÉLAVER HF
www.velaver.is

Krókhálsi 16, Reykjavík • Gleráreyrar 2, Akureyri • sími 588 2600

Yuchai

Síðustu vélarnar af þessum ódýru og vinsælu smágröfum frá Yuchai á sérstökum tilboðsverði

Fyrstur kemur, fyrstur fær

Með tilboðinu fylgja tvær skóflur og hraðtengi

YC 15-8	1.6 tonn	1.350.000 kr. + vsk.
YC 18-2	1.8 tonn	1.650.000 kr. + vsk.
YC 55-2	5.7 tonn	3.700.000 kr. + vsk.

YUCHAI

VÉLAR ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

VÍSIR.IS

Kristján Guðmundsson, eigandi KG flutninga, sérhæfir sig í bílaflutningum og stendur hér við vagn sem tekur allt að sex bíla í einu. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Flytur allt að sex bíla í einu

Kristján Guðmundsson skutlar bílum í alla landshluta.

Grindvíkingurinn Kristján Guðmundsson er eigandi KG flutninga og sérhæfir sig í bílaflutningum landshorna á milli. Hann byrjaði árið 1999 með einn Ford Pick-Up en í dag, átta árum síðar, er hann með þrjá bíla í notkun sem taka þrjá til sex bíla á vagninn í einu.

„Ég datt inn í þetta á þannig tíma að það varð allt kolvitlaust í bílasölu skömmu síðar þannig að þetta hefur gengið rosalega vel," segir Kristján sem á fimm bíla í dag. „Tveir af bílunum eru sérstaklega ætlaðir til vetraraksturs en þrír eru virkir núna. Þá er ég með þrenns konar vagna, einn fyrir þrjá bíla, annan fyrir fjóra til fimm bíla og þann þriðja sem tekur allt að sex bíla í einu."

Kristján segir þetta afskaplega þægilega flutninga þar sem bílarnir séu keyrðir upp á vagnana. „Við erum fljótir að ferma og afferma bílana og fáum ekki í bakið af því," segir hann og hlær.

Spurður um hvert hann sé helst að keyra bílana segir Kristján: „Við erum aðallega að keyra bíla út á land fyrir bílaumboðin og þá förum við bara hringinn eins og hann leggur sig." - sig

Vargur í vinnu, víkingur í viðvikum

Venieri fyrir veturinn, Venieri fyrir vorverkin

stórar Hardox skóflur • vökvadrifnir snjóblásarar • snjótennur

VF 9015
12,5 tonn
3 m³ skófla
Gaflasett
Liðstýrð
Bosch Rexroth hydrostatic skipting

Breið flotdekk
Vökva hraðtengi
Vökva tregðulæsingar
Aukaútttök fyrir vökvaverkfæri að framan í stað framskóflu
6cl. öflugur Perkins mótor
Ride Control
Snjótönn / fjölplógur

VF 363F
5,4 tonn
1,2 m³ skófla
Gaflasett
4 x 4
Liðstýrð
Breið flotdekk

Bosch Rexroth hydrostatic skipting
Vökva hraðtengi
Vökva tregðulæsingar
Aukaúttök fyrir vökvaverkfæri að framan í stað framskóflu
Öflugur Perkins mótor
Ride Control
Snjótönn / fjölplógur

VF 263 plus
3,9 tonn
1,0 m³ skófla
Gaflasett
4 x 4
Liðstýrð
Breið flotdekk

Bosch Rexroth hydrostatic skipting
Vökva hraðtengi
Aukaúttök fyrir vökvaverkfæri að framan í stað framskóflu
Öflugur Perkins mótor
Ride Control
Snjótönn / fjölplógur

Með góðum nýársafslætti til 10. janúar

1947 - 2007

VÉLAR ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

Allar gerðir vörubíla

Nýir og notaðir

Hef nýja MAN TGA á lager og MAN TGS nýja lagið á leiðinni

Nýir kranabílar 3 og 4 öxla með 20-100 tonnmetra krana sem ná uppí 32 metra

Langendorf malarvagnar til afhendingar strax með hærri skúffu og diskabremsum og fjarstýrða yfirbreiðslu

Bílexport hefur selt marga af flottustu Vörubílum Landsins, og má þar nefna Mercedes Benz bíla Frá Hauk í Jökulfelli ehf sem hafa verið kosnir flottustu vörubílar á Íslandi 2006 og 2007

Berið saman verð og búnað

Bíl export ehf

892-5007

www.bilexport.is • boas@bilexport.is • Sími 496 1030 • GSM 0049 175 271 1783

Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Vörubíladekk

Sóluð snjódekk verð 18.800 +vsk

Ný 315/80R22,5 verð frá 25.000 +vsk

Ný 385/65R2222,5 verð frá 25.000 +vsk

Sendum um allt land.
Þú hringir að morgni og dekkin eru kominn daginn eftir.

Eigum vetrardekk á álfelgum undir Mercedes Benz GL Jeppan og Volvo XC 90

bildekk@bildekk.is • Egilsstöðum • GSM Edwald 896 6456 • Sími 471 1600

bíldekk

Bjarni Halldór Kristjánsson framkvæmdastjóri ásamt tveimur starfsmönnum Toyota vörulausna.

Toyota í lyftarasókn

Toyota vörulausnir hafa nú tekið við sölu á vöruhúsatækjum frá Toyota og BT hér á landi. Stefnt er að mikilli markaðssókn á næsta ári.

„Toyota í Japan hefur nýverið gert umfangsmiklar breytingar á þeim hluta fyrirtækisins sem snýr að iðnaðartækjum. Lyftarar og vöruhúsatæki frá Toyota hafa hingað til verið seld undir merkjum Toyota Industrial Equipment. Með kaupum Toyota á BT, stærsta framleiðanda vöruhúsatækja í heimi, ákvað Toyota að setja vörumerkin tvö, Toyota Industrial Equipment og BT, undir einn hatt," segir Bjarni Halldór Kristjánsson framkvæmdastjóri Toyota vörulausna.

„Þannig var stofnað nýtt fyrirtæki, Toyota Material Handling, um þessi tvö vörumerki og hefur Toyota unnið að því síðan að samræma vöru og þjónustuframboð sem og að semja við umboðsmenn og endurseljendur. Við höfum kallað okkur Toyota vörulausnir hér á landi."

Bjarni segir mikla sókn fram undan en aðaláhersla fyrirtækisins er á lyftara og önnur tæki til vinnu í vöruhúsum og í verksmiðjum. „Aðalviðskiptavinir okkar eru fiskvinnslur, vöruhús og verksmiðjur eins og álver til dæmis. Fyrirtækið okkar, Toyota vörulausnir, var stofnað sérstaklega til að byggja upp öfluga sölu og þjónustu í kringum Toyota vörulausnir hér á landi."

Arnarverk kaupir nýjan Dynapac-valtara

Arnarverk hefur unnið við gatnagerð og undirstöður húsa frá 1993. Fyrir skömmu fékk Arnarverk ehf. afhentan nýjan Dynapac-valtara af gerðinni CA302 D. Valtarinn er 13 tonn, með þjöppumæli og snúningssæti.

„Við notum þennan nýja valtara í alla jarðvinnu þar sem þarf að þjappa. Við vorum með annan fyrir svo nú erum með tvo. Fyrirtækið hefur starfað við gatnagerð frá 1993 auk þess sem við höfum verið að vinna við frágang undir nýbyggingar. Þetta hefur stækkað á undanförnum árum og fleiri verkefni kalla á aukinn vélakost," segir Ólafur Oddsson, eigandi Arnarverks.

Það eru Kraftvélar sem selja valtarann en á vefsíðu þeirra

Ólafur Oddsson hjá Arnarverki.

kemur fram að allar upplýsingar um þjöppumælinn og tölvubúnaðinn séu afhentar á íslensku og að það auðveldi notendum að læra vel á búnaðinn.

Breyttu nótt í dag!



FLIR



- **Sýnin eykst fimmfalt á við framljósin.**
- **Framkallar skýra mynd í svarta myrkri.**
- **Hjálpar til við að varna slysum.**
- **Auðvelt að setja upp í farartækjum.**

PathFindIR™

Myndræn hitaskynjun bætir sjón ökumanna.

Myndrænir hitaskynjarar þurfa enga birtu til þess að framkalla mynd. Vélarnar „sjá" um dimmar nætur.

FLIR Systems PathFindIR myndavélin dregur úr hættum sem skapast við næturakstur. Hún hjálpar ökumönnum til þess að sjá miklu lengra og betur heldur en einungis með framljósunum. Ökumenn geta greint vegfarendur, dýr og hluti sem verða á vegi þeirra fyrr og hafa þá meiri tíma til þess að bregðast við mögulegri hættu.

Nánari upplýsingar varðandi PathFindIR er að finna hjá umboðsaðila FLIR Systems, brautryðjanda fyrir myndræna hitaskynjun.

ÍSMAR

Síðumúla 28
108 Reykjavík
Sími: 5105100
Tölvupóstfang: ismar@ismar.is
www.ismar.is

MAX

Landsins mesta úrval sjónvarpa

Enox DVTV7615HD
• 15" LCD sjónvarp með DivX DVD spilara • Upplausn: 1024x768 punktar • Progressive Scan • Skerpa: 500:1 og svartími: 16ms • Sjónsvið (H/V): 140/125° og birtustig: 350 cd/m2 • Fjölkerfa DivX DVD spilari • Spilar DVD, DVD+R/RW, DivX 3.x/4/5.x og XViD • Spilar CD, CD-R/RW og MP3 • 12V og 220V • 12w Nicam Stereo hljóðkerfi • Scart, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp ofl.

Philips 37PFL5322
• 37" LCD Pixel Plus HD breiðtjaldsjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • Skerpa: 5.000:1 og svartími: 6ms • Progressive Scan • HD Ready • Ljósskynjari og Active Control • 2 x 30w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp, svefnrofi ofl.

MEÐ FJÖLKERFA DivX DVD SPILARA 12V OG 220V

PIXEL PLUS MYNDTÆKNI - EYKUR LÍNUFJÖLDA OG SKERPU

United LTV20L42
• 20" LCD sjónvarp • Upplausn: 640x480 punktar • Digital Comb Filter • 10w Nicam Stereó hljóðkerfi • 2 Scart (með RGB), Component, SVHS, CVBS • VGA tengi • Textavarp ofl.

Philips 32PFL7762D
• 32" LCD Pixel Plus 2 HD breiðtjaldsjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • Skerpa: 7.500:1 • HD Ready • Digital Natural Motion og Progressive Scan • Active Control • Innbyggður DVB-T móttakari • 2 x 20w Nicam Stereó hljóðkerfi með Incredible Surround • 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp, svefnrofi ofl.

Samsung LE40S62
• 40" LCD veggsjónvarp • HD Ready • DNIe stafræn myndvinnsla • Upplausn: 1366 x 768 • Mynd í mynd (1 tuner) • HDMI, Component, SCART x 2, PC (D-sub) og S-video • Game mode

Philips 42PFL5322
• 42" LCD Pixel Plus HD Breiðtjaldsjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • Skerpa: 5.000:1 • Progressive Scan • HD Ready • Ljósskynjari og Active Control - minnkar glampa • 2 x 10w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp, svefnrofi ofl.

Pioneer PDP428XD **PLASMA**
• 42" plasma breiðtjaldssjónvarp • HD Ready • Intelligent Brightness Control • Mynd í mynd (PIP) • Kuro - dýpri svartur • Skerpa: 16.000:1 • DVB-T - stafrænn móttakari með C.I. rauf fyrir afruglarakort • HD Digital Film Direct 24 • 3 x HDMI, Component, S-Video, RCA AV, 3 x SCART, RCA Audio, USB, PC tengi ofl.

Samsung LE52M87BD
52" LCD breiðtjaldssjónvarp • Upplausn 1920 x 1080 • Skerpa 15,000:1 • Svartími 8 ms • Hd Ready • TruSurround hljóðkerfi • 3 x HDMI tengi • 2 x Scart • Game mode • Heyrnartólstengi ofl.

Opnunartími

Föstudagur	kl. 11-19
Laugardagur	kl. 11-18
Sunnudagur	kl. 12-18

Mán. 31.12. '07 Lokað
Þrið. 01.01. '08 Lokað
Mið. 02.01. Lokað
Fim. 03.01. kl. 11-22
Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

Útsalan er hafin! Nú er hægt að gera frábær kaup á litlu krílin. www.krili.is

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10þ. Nýr stálísskápur 2 m. á 40þ. Eldavél á 5þ. Uppþvottavél á 10þ. 20" tv á 5þ. Eldavélaháfur á 10þ. Flúorljós á 2þ. 14" TV á 3þ. Þvottavél á 10þ. Glerborð á 5 þ. Glersкápur á 3þ. Barstólar á 3þ. Chicco barnavagn á 5þ. S. 896 8568.

Þvottavélar

Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar og eldavél. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545. Opið um helgina.

Gefins

Sófasett fæst gefins. Uppl. í s. 557 4145 til kl. 14 á daginn.

Ókeypis Rafha eldavél. S. 825 6452.

Óskast keypt

Vantar vinnuskúr. Uppl. í s. 892 0270.

Timbur 1x6 og doki óskast keypt. Uppl. í s. 892 0270.

Óska eftir gínum. Uppl. í s. 692 8159.

Hljóðfæri

Stagg Þjóðlagagítar

Poki, Ól, Stilliflauta, Auka strengjasett, eMedia tölvudiskur. Kr. 13.900 Fáanlegir Litir: Viðarlitaður, Sunburst, Svartur, Blár. Gítarinn Stórhöfða 27 S. 552 2125 www.gitarinn.is

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

Vélar og verkfæri

CMT hreinsiefni fyrir Trésagarblöð og fræsitennur. Ásborg, vélar+verkfæri. Smiðjuvegi 11 S. 564 1212

Handlyftivagnar 2.500 Kg Hraðlyfta (QL). Verð 24.900 þús. PON ehf s. 552 0110.

Verslun

friendtex

Útsalan á fullu.

Ótrúlegt úrval af fallegum fatnaði. Opið Laugardag 11-16. & 28. Desember opið 10-18. Friendtex, Faxafeni 10, Rvk S. 568 2870 www.friendtex.is

friendtex

Útsalan á fullu.

2 fyrir 1 af öllum jökkum fram að áramótum. Opið 10-18 og laugardag 11-16. Friendtex, Faxafeni 10, Rvk S. 568 2870 www.friendtex.is

amor

Egg í miklu úrvali frá kr. 590.-

Tilboð á DVD
Frábært úrval af nýjum titlum.

WET

Full búð af nýjum vörum

• INTIMO •

Örugglega besta rakgelið!

Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is

Til bygginga

Ný mótaborð til sölu 1.545 kr./m2 m/vsk. Uppl. í s. 847 3798 Halldór og ulfurinn.is

Heilsuvörur

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Rannveig 862 5920 www.heilsuval.topdiet.is

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

Ýmislegt

Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@k-matt.is

HEIMILIÐ

Dýrahald

Bulldog hvolpar til sölu. Upplýsingar í 869 9702 og boli.is

Shar-Pei rakki til sölu á gott heimili- fallegur og skemmtilegur. Ættbók frá HRFÍ, örmerktur og bólusettur. Upplýs. 892-8650 www.brekkukots.com

Shar-pei

Vegna óviðráðanlegra aðstæðna er 2 mánaða Shar-pei tík til sölu. Verð 45 þús. Uppl. í s. 823 7901.

Hestamennska

Tek að mér hross í hirðingu í vetur. Allar Uppl. í s. 616 1569.

Get bætt við mig hestum á hús í vetur. Einnig eru tveir hestar til sölu. Hrissa 5 vetra, ótamin en gæf. Hestur 11 vetra skjóttur. S. 690 4848.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Garðabær, 3 herb. til leigu tímabundið vegna sölu. Möguleika að nýjir eig. framlengi samningi. Laus strax. Uppl. 660 7068

Herbergi til leigu í Hlíðunum leigist aðeins snyrtilegri og rólegri námskonu. Uppl. í s. 862 8862.

15 fm herb. í Boghlíð er laust nú þegar. Sturta, klósett og þvottah. á hæðinni. 35 þús. pr/mán. hugi@hljodheimur.com

Til leigu 3ja herb. 80fm íbúð á jarðhæð, þríbýli í 104 Rvk. Geymsla/þvottahús er í íbúðinni. Uppþvottavél er í eldhúsi. Góður garður fylgir. Róló á næstu lóð. Laus 1. jan. Leiga 125 þús. á mán. S. 431 2012 & 866 9186.

Nýuppgerð 70 fm íbúð til leigu í rólegri götu í göngufæri við miðbæ Rvk. Leigist út til skamms tíma með húsgöngum. Uppl. í s. 892 5516.

Til leigu 60 fm íbúð í Gerðunum, 108 Rvk. Leiga 135 þús á mán. Áhugasamir hafi samband í s. 899 8824.

70fm 2ja herb. íbúð með bílskýli á sv. 113. Uppl. í s. 899 5189.

Nýuppgerð, falleg, 53fm íbúð með fallegu útsýni yfir Laugardalinn til leigu frá áramótum (langtímaleiga). Aðeins reyklaust og reglusamt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 896 5441.

Húsnæði óskast

Einstaklingsíbúð óskast
Reglusamur, reyklaus einstaklingur óskar eftir íbúð frá og með Janúar 2008. Flest kemur til greina miðsvæðis og nágrenni. Er í traustri vinnu, skilvísum greiðslum heitið. Greiðslugeta 55-65 þús. Áhugasamir hafið samband í síma 692 5607 Oddur.

ATVINNA

Atvinna í boði

SUBWAY

Vaktstjóri á Subway
Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki á besta aldri með mikla þjónustulund. Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu, unnið á daginn og kvöldin. Umsóknir fyllist út á www.subway.is. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Einnig er í boði dagvinna í fullu starfi.
Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530 7004. Aldurstakmark er 18 ár.

Ísbar/Booztbar, Kringlunni.
Óskum eftir að ráða í eftirfarandi starf: dagvinna á tímabilinu 8.30-16.30, heilsdags eða hálfsdags starf. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.
Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is

Shell

Helgarvinna Select Suðurfelli
Starf við afgreiðslu og þjónustu viðskiptavina, auk þátttöku í öðrum störfum á stöðinni. Í boði er hlutastarf aðra hvora helgi, frá 11:30 til 19:30.
Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3000 eða Sigurborg, stöðvarstjóri, í síma 557 4060. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.
www.skeljungur.is.

Starfsmaður á plani Select Haunbæ og Shell Garðabæ
Hressandi þjónusta og útivera. Kjörið starf fyrir fólk á besta aldri og þá sem hafa áhuga bílum. Eigum við eitthvað að ræða það?
Unnið er á vöktum mánudaga til sunnudaga frá kl. 7.30 til 19.30, alls 15 daga í mánuði.
Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3000, Helga, stöðvarstjóri Hraunbæ í síma 567 1050 eða Örn, stöðvarstjóri Garðabæ í síma 565 6074.
Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.

Vaktstjóri Shell Gylfaflöt
Vilt þú takast á við áhugavert starf og vinna með góðu fólki? Afgreiðsla í verslun og vaktumsjón.
Unnið er á tvískiptum vöktum mánudag til sunnudags frá kl. 7.30 til 19.30, alls 15 daga í mánuði.
Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3000 eða Gísli, stöðvarstjóri, í síma 587 3244. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.

Starfsmaður í verslun Select Bústaðavegi
Vilt þú takast á við áhugavert starf og starfa með góðu fólki? Afgreiðsla í verslun, þjónusta við viðskiptavini og önnur tengd störf.
Unnið er á tvískiptum vöktum frá 11:30 til 23:30, alls 15 daga í mánuði.
Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3000 eða Jóhanna, stöðvarstjóri, í síma 552 7616.
Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.

Ali

Síld og fiskur
Starfsfólk óskast í söludeild okkar til að taka til pantanir. Einnig vantar bifreiðarstjóra til að dreifa vörum á höfuðborgarsvæðinu.
Upplýsingar gefur Sófus í síma 863 1938 einnig á netfangið: sofus@ali.is

Kökuhúsið Auðbrekku
óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslu starfa. Vinnutími 13-17.30 eða 14-17.30. Gæti hentað með skóla.
Upplýsingar gefur Örvar í síma 693 9093 og Björk í s. 693 9091.

Ritfanga- og leikfangaverslun
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Umsóknir sendist á hugsel@gmail.com merktar „bók".

Vegna mikilla verkefna vantar Grástein ehf. menn vana garðyrkju og eins vélamenn, til starfa fljótlega uppúr áramótum. Uppl. í síma 893-0383 .

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar leitar eftir sjúkraliðum, félagsliðum eða starfsönnum vönum umönnun til starfa nú þegar á Þorrasel dagdeild aldraðra. Dagvinna virka daga,starfshlutfall samkomulag,lítill og notalegur vinnustaður.Allar nánari uppl.gefa Guðbjörg og Kristín símí 5612828 og Droplaug 4112700/6647790

Öryggisgæslan ehf.

Óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu á nóttunni, unnið í viku og frí í viku. 9 tíma vaktir í senn. Uppl. hjá Einari í s. 856 5031 og Hallgrími í s. 856 5030. Fram að áramótum er aukavinna frá 18 des - 30 des, unnið á mismunandi vöktum allan sólahringinn.

Atvinna óskast

Pólskur íslenskumælandi karl, óskar eftir starfi. Margt kemur til greina. Hafið samband í s. 0048-695191681.

TILKYNNINGAR

Einkamál

TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

ATVINNA

Leikskólinn 101 Bræðraborgarstíg 1

Sem er lítill 2ja deilda ungbarnaleikskóli óskar eftir aðstoðarleikskólastjóra. Skilyrði að hafa leikskólakennaramenntun. Einnig óskast starfsmaður í 100% starf.

Upplýsingar gefur Hulda í s. 562 5101 & 891 8430.

TIL SÖLU

Flugeldasala
Nethylur 1
30% afsl.

Dæmi um vöruúrval

Jötun og Goðheimakökur

Vulcan rakettur

Heklu, Kötlu og Öskjugos

Hjartás og Drottningar

Fjölskyldupakkar:

Brons, silfur og gull

Uppl. Sigurjón 896 9616 og Pálmi 864 8866

www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

Varmárskóli auglýsir:

Óskum efir að ráða:

- **Textilkennara í hlutastarf**
- **Skólaliða í yngri deild í hlutastarf**

Í Varmárskóla fer fram mikið og öflugt þróunarstarf m.a. í stærðfærði og einstaklingsmiðuðu skólastarfi. Töluverð samskipti eru við erlenda skóla

Þá er Varmárskóli þátttakandi í Olweusarverkefninu - gegn einelti.

Við leitum eftir konum sem körlum sem hafa ánægju af að vinna með börnum og vinna með skemmtilegu og faglegu samstarfsfólki.

Hlökkum til að heyra í þér.

Nánari upplýsingar veita Þórhildur Elfarsdóttir, skólastóri í síma 525 0700 og 863 3297 og Þóranna Rósa Ólafsdóttir skólastjóri 525 0700 og 899 8465

Mat á umhverfisáhrifum
- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

Borun tveggja gufuhola á Reykjanesi, Reykjanesbæ

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is. Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til 28. janúar 2008.

Skipulagsstofnun

FASTEIGNIR

Dofraberg 11
221 Hafnarfjörður
GLÆSILEG EIGN Í VINSÆLU HVERFI

Stærð: 117 fm
Fjöldi herbergja: 4-5
Byggingarár: 1989
Brunabótamat: 17.550.000
Bílskúr: Nei

RE/MAX Esja

OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17.00 TIL 17.30

Verð: 31.000.000

Íbúðin sem er á tveimur hæðum skiptist eftirfarandi. Neðri hæð: Komið er inn í forstofu með góðum skápum og forstofuherbergi með skáp. Eldhús, stofa og borðstofa eru opið rými. Á neðri hæð er einnig baðherbergi með baðkari. Úr stofu er gengið út á góðar s-v svalir. Stigi á milli hæða er steyptur. Á efri hæð eru: Sjóvarpshol, barnaherbergi, hjónaherbergi með mjög góðum skápum og baðherbergi/þvottahús með sturtu. Efri hæðin er að hluta til undir bogadreginni súð og er því gólfflötur stærri en fasteignamat segir til um. Góð geymsla í kjallara. Á öllum gólfum er linoleumdúkur nema á baðherbergjum. Húsið er klætt að utan með viðhaldslítilli klæðningu. Skóli og leikskóli eru í innan við 50 metra radíus frá húsinu. Jafnframt er öll þjónusta s.s verslun, apótek ofl. í næsta nágrenni. Þessi eign er mjög góður kostur fyrir þá sem vilja búa í þessu frábæra kyrrláta hverfi miðsvæðis í Hafnarfirði.

Örn Gunnarsson
Sölufulltrúi
861 7757
og@remax.is

Þorbjörn Pálsson
Lögg. fasteignasali
tp@remax.is

RE/MAX Esja - Laugavegur 170 - 105 Reykjavík - Sími: 4144600 - www.remax.is

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Tryggvagata 13
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðar númer 13 við Tryggvagötu, höfuðstöðvar Ungmennafélags Íslands.
Tillagan gerir ráð fyrir að á lóðinni rísi sex hæða bygging ásamt kjallara. Auk þessa er gert ráð fyrir 80 m² tæknirými ásamt stigahúsi sem verður með aðgengi að þaksvölum. Í kjallara skal gert ráð fyrir a.m.k. tólf bílastæðum fyrir starfsfólk. Aðgengi að bílageymslu verður frá Geirsgötu með bílalyftu.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Fiskislóð - Hólmaslóð
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnarinnar vegna lóða við Fiskislóð og Hólmaslóð.
Tillagan gerir ráð fyrir að gata við Fiskislóð 23 – 31 færist um tvo metra til norðausturs og stækka lóðir sem nemur færslu götu, gert ráð fyrir gangstétt suðvestan megin og skerðist grænt svæði sem því nemur. Gata við Fiskislóð 33 – 43, ójafnar tölur, lengist um 40 metra til norðausturs að Hólmaslóð og fellur göngustígur þar niður. Gert er ráð fyrir spennistöðvum á lóðunum Fiskislóð 29 og 37. Við Hólmaslóð 1 – 3 verða gerðar þrjár lóðir í stað tveggja. Einnig eru gerðar breytingar á byggingareitum og lóðarmörkum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Blesugróf 27
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Blesugrófar vegna lóðarinnar númer 27.
Tillagan gerir ráð fyrir að í húsinu verði rekin dagdeild fyrir aldraða og að á milli húsa númer 25 og 27 við Blesugróf verði gangstígur. Ráðgert er að um tuttugu einstaklingar geti verið á dagdeild, ekið til og frá á einkabílum eða með ferðaþjónustu fatlaðra. Starfsmenn eru áætlaðir 7 – 8 manns. Reiknað er með að almenn bílastæði sem verða gerð á opnu svæði norðaustan Stjörnugrófar í tengslum við nýtt skipulag Víkingssvæðis muni nýtast starfsmönnum og gestum
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá **28. desember 2007 til og með 8. febrúar 2008**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 8. febrúar 2008. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 28. desember 2007
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

Apple IMC

Sölustjóri
og svo miklu miklu meira!

Apple IMC leitar að skipulögðum og árangursdrifnum einstaklingi sem á auðvelt með mannleg samskipti, er góður sölumaður og stjórnandi í senn. Sá sem kemur til starfa í Apple IMC þarf einnig að hafa skilning á því að Apple vörumerkið er miklu meira en vörur eins og iPod, iPhone eða Leopard. Apple er tákn um eftirsóknarverðan lífsstíl, ánægjulega upplifun.

Starfssvið

- Yfirumsjón með sölumálum
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Þjónusta við viðskiptavini
- Samningar við viðskiptamenn og eftirfylgni samninga
- Starfsmannamál og starfsþjálfun
- Skipulag söluherferða
- Samskipti við birgja

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölustjórnun
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Þekking á verslunarstjórnun kostur
- Geta til að vinna sjálfstætt og undir álagi

Humac ehf. rekur Apple IMC á Íslandi í umboði Apple Computer, Inc í Bandaríkjunum. Hlutverk Apple IMC á Íslandi er að sjá um innflutning, dreifingu, markaðssetningu, sölu og þjónustu á íslenska markaðssvæðinu. Undir sölustjóra heyra verslanir, innkaupadeild og heildsala. Auk tveggja Apple verslana á Íslandi rekur Humac ehf. 17 verslanir á Norðurlöndum. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Íslandi á Laugavegi 182.

Umsjón með starfsumsóknum hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 4. janúar 2008. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á vef Capacent Ráðninga; capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 | 105 Reykjavík | Sími 540 1000

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: STÖÐ 2 STÖÐ 2+ STÖÐ 2 BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ+ STÖÐ 2 SIRKUS STÖÐ 2 SIRKUS+

FRÁBÆR DAGSKRÁ Í JANÚAR

skemmtilegri

Ár uppbyggingar og sóknar

ÁSGEIR MARGEIRSSON
SKRIFAR UM VIÐSKIPTAÁRIÐ 2007

Árið 2007 var ár mótunar og mikillar uppbyggingar hjá hinu nýstofnaða fjárfestingarfélagi Geysi Green Energy. Ég tel afrakstur þessa fyrsta starfsárs Geysis vera afar góðan, sem skýrt kemur fram í eignasafni félagsins. Við lögðum upp með bjartsýni í hug, stefnufestu og sannfæringu um að góð liðsheild innlendra félaga á sviði orkumála myndi styrkja útrás á sviði jarðvarma.

Í mínum huga stendur upp úr frá árinu 2007 sá sterki meðbyr sem félagið fékk í uppbyggingarstarfi sínu strax frá upphafi. Á innlendum vettvangi fjárfesti félagið í Hitaveitu Suðurnesja, Jarðborunum, Enex, Exorku og Keili miðstöð vísinda og fræða. Á erlendri grund fjárfesti félagið farsællega í Western Geopower í Kanada, PNOC-EDC á Filippseyjum og Enex Kína. Heildareignir félagsins nema nú um 45 milljörðum kr. og eiga eftir að vaxa verulega.

Vöxtur félagsins og það brautryðjandastarf sem Geysir hóf með verulegum fjárfestingum í endurnýjanlegri orku naut mikillar athygli bæði innan lands og utan. Fjölmargir hafa sýnt félaginu áhuga sem fjárfestingarkosti og sem samstarfsaðila. Að auki liggja fyrir áhugaverðir fjárfestingarkostir sem félagið hefur verið að meta á síðustu vikum.

Fyrstu skref einkavæðingar

Árið var íslenskum orkuiðnaði mikil tímamót með þeim fyrstu skrefum í einkavæðingu orkuiðnaðarins, sem voru tekin með sölu á eignarhlut ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja. Eðlilega varð samkeppni um eignarhlutinn í HS. Hitaveita Suðurnesja er vel rekið fyrirtæki, hefur á að skipa öflugu starfsfólki með mikla þekkingu og þar liggja margvísleg sóknarfæri. Tilboð Geysis bar því vitni að mikilvægt var að eignast marktækan eignarhlut í innlendu orkufyrirtæki vegna útrásar félagsins. Það kom mörgum undarlega fyrir sjónir að ríkisstjórnin vildi selja hlut sinn til einkaaðila, en helsti samkeppnisaðili Geysis reyndist vera fyrirtæki í opinberri eigu.

Seinna á árinu sannaðist hve illa stjórnmál og viðskipti geta átt samleið þegar forráðamenn Geysis, í góðri trú, samþykktu að sameina félagið og Reykjavik Energy Invest í orkuútrás Íslendinga og sameina þar með kraftana í hörðu samkeppnisumhverfi hreinna orkugjafa úti í hinum stóra heimi. Sú orrahríð stóð ekki mest á Geysi, en skaðaði þá annars ágætu hugmynd að sameinaðir kraftar Íslendinga auki líkur á árangri á erlendri grund. Hugmyndin að lágmarka áhættu almannafyrirtækis í útrás verkefna var skynsamleg, en svo fór sem fór. Að ljúka því máli bíður nýs árs.

Ný löggjöf

Mikilvægt er að ljúka þeirri vinnu sem iðnaðarráðherra hefur boðað, að undirbúa nýja löggjöf um auðlindir á Íslandi. Nú þegar er kveðið á um bókhaldslegan aðskilnað einkaleyfisskyldrar starfssemi og samkeppnisrekstrar. Nú á að skilja alveg á milli. Verði það til að auka sátt manna um starfsemina styð ég framtakið heilshugar. Ég vara hins vegar við of ríkum hömlum á þennan atvinnurekstur. Það má ekki kæfa framtak og frumkvæði í orkuiðnaði.

Ég horfi með tilhlökkun til næsta árs, enda áhugaverðir tímar framundan og næg fjárfestingarverkefni í farveginum. Félagið býr yfir afli fjármagns og hugmynda sem spennandi verður að fylgja eftir. Ég er sannfærður um að árið verði hluthöfum félagsins til framdráttar. Stefnan er skýr: Geysir Green Energy ætlar sér enn stærri hluti á nýju ári og stefnir í að verða umsvifamikið og í fremstu röð fyrirtækja í jarðhitaiðnaði á heimsvísu innan skamms tíma.

Bali og grænir orkugjafar

2007 hefur verið ár aukinna alþjóðlegra umhverfisáherslna og umræðu um hlýnun andrúmsloftsins. Við þá umræðu er mikilvægt að hafa í huga að þjóðir heims hafa einkum horft til þriggja þátta til að sporna við losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið frá orkunotkun. Í fyrsta lagi orkusparnaðar, í öðru lagi tækniframfara sem auka nýtingu núverandi orkugjafa með áherslum á umhverfisvænleika og í þriðja lagi stóraukinnar nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa í heiminum. Þessar áherslur sjáum við í metnaðarfullum markmiðum ríkja heims í nýtingu grænna orkugjafa. Sú áhersla fellur vel að uppbyggingu Geysis og ætlum við okkur að nýta þau tækifæri sem þar bjóðast.

Við finnum það á þeim mikla áhuga sem erlendir aðilar hafa sýnt félaginu og erum staðráðin í að nýta þau tækifæri sem bjóðast.

Söknarfæri okkar Íslendinga liggja í þeirri staðreynd að jarðhiti er vannýttur í heiminum. Við berum vissa ábyrgð á að deila verðmætri þekkingu með þeim sem eiga slíkar auðlindir. Reynslan kennir að miðlun tækniþekkingar sé best tryggð með fjárfestingum.

Við þessa miklu uppbyggingu Geysis hefur verið afar mikilvægt fyrir okkur, starfsmenn Geysis Green Energy, að finna traust, hvatningu og stuðning í okkar verkum. Fyrir það vil ég þakka um leið og ég óska öllum gæfu og gengis á nýju ári.

ÁSGEIR MARGEIRSSON Forstjóri Geysis Green Energy.

ÞÓRDÍS SIGURÐARDÓTTIR Stjórnarformaður Teymis og framkvæmdastjóri hjá Baugi Group.

Met á met ofan

ÞÓRDÍS SIGURÐARDÓTTIR
SKRIFAR UM VIÐSKIPTAÁRIÐ 2007

Íslenska þjóðin hefur löngum búið við miklar efnahagssveiflur. Rætur okkar liggja í bænda- og sjómannasamfélagi þar sem gæftir hafa lengstum ráðið afkomu okkar. Við erum ung og metnaðarfull þjóð og við leggjum upp úr því gera vel og eigum fleiri heimsmet miðað við höfðatölu en hægt er að telja upp. Við tökum hlutina með trukki. Þjóðin hefur oft á örskotstíma rifið sig upp úr miklum bölmóði og svartsýni yfir í mikla bjartsýni. Þetta er arfleifðin sem við byggjum á.

Það er að mörgu leyti hægt að segja að árið 2007 hafi kippt í kynið ef svo má segja, bjartsýnin gekk kannski úr hófi fram á fyrri hluta árs. Úrvalsvísitalan náði sínum hæstu hæðum í júlí eftir mjög gjöful uppgjör fyrstu mánuði ársins. Ekki þarf þó að leita langt aftur í tímann til að finna viðlíka uppgang á hlutabréfamarkaði hér á landi og nægir að nefna seinnihluta árs 2006, fyrrihluta árs 2005 og ævintýralega fyrstu 10 mánuði ársins 2004. Mörg félög fóru í hæstu hæðir á hlutabréfamarkaðnum 2007 sem og lægstu lægðir líka og slegin voru met í hagnaði, sem og í tapi. Kannski aðeins of miklar sveiflur á einu ári.

Þá hafa fleiri met verið slegin á árinu, en vextir Seðlabankans hafa aldrei verið hærri, m.a. vegna verðbólgu og þenslu. Verðbólgan, sá gamli vágestur, hefur þó oft verið meiri en í ár. Sama má segja um krónuna, hún hefur oft sveiflast miklu meira en í ár en gengisvísitalan hefur verið á milli 110 til 130. Flestir eru þó sammála um að hún sé heldur sterk ef til lengri tíma er litið. Hagvöxtur virðist vera hóflegur þetta árið og engin met slegin þar. Viðskiptahalli hefur hins vegar aldrei verið meiri en þó er jákvætt að heldur er að draga úr honum seinnihluta árs. Ekki þarf að fara mörgum orðum um fjárfestingar Íslendinga erlendis, en þær hafa aldrei verið meiri en á árinu 2007.

Alþjóðlega lánakrísan á seinni hluta ársins virðist ætla að draga dilk á eftir sér og markaðir fallið hratt nú á haustdögum. Síðustu 4- 5 mánuðir þessa árs hafa sýnt enn og aftur að það er áhætta að reka fyrirtæki og það er áhætta að eiga hlutabréf. Það getur verið erfitt að búa við lítið hagkerfi með veikan gjaldmiðil og lítt nothæfa peningamálastefnu sem er æ meira háð alþjóðlegum sveifum. Niðursveiflan hefur verið brött og það hefur reynt á þolrifin í íslensku viðskiptalífi. Fyrirtækin og eigendur þeirra hafa sýnt að þau eru í stakk búin til að taka á þeim vanda sem slíkum sveiflum fylgir.

Þær hættur sem steðjuðu að á árinu voru bæði heimatilbúnar og einnig utan okkar áhrifasviðs. Tekið hefur verið á mörgum málum hér á landi varðandi umgjörð og stöðu viðskiptalífisins í kjölfar gagnrýni erlendra aðila. Hætturnar eru enn til staðar, lánakrísan, hækkun olíuverðs, en 100 dollara olían er komin til að vera hvort sem okkur líkar það betur eða verr og í farvatninu eru enn frekari hækkanir á hrávöru ýmiss konar. Tími ódýrra matvæla gæti líka verið að líða undir lok.

Hvernig íslenskt þjóðfélag er í stakk búið til að takast á við þessar breyttu aðstæður á eftir að koma í ljós, en ef marka má þann kraft, þor og getu sem einkennt hefur íslensku þjóðina fram til þessa, þá þurfum við ekki að kvíða miklu.

Það besta sem ríkisvaldið getur gert í þessari stöðu er að halda áfram að skapa hagstæðan ramma um atvinnulífið. Þar er nokkuð ógert, hægt að lækka skatta á fyrirtæki enn frekar, lækka álögur á útflutningsgreinar eins og sjávarútveg sem skapa gjaldeyri, jafnframt sem ríkið á að leggja niður íbúðalánasjóð. Ennfremur er mikilvægt að ríkisvaldið hafi hemil á útgjöldum sínum næsta árið.

Það sem bar þó hæst í mínum huga var áframhaldandi og góður vöxtur þeirra fyrirtækja sem ég starfa með. Í nóvember var liðið eitt ár frá skráningu Teymis í Kauphöllina og hefur félagið eflst og styrkst mikið á þessu ári. Það er fagnaðarefni fyrir mig að sjá þann góða rekstrargrunn sem byggður hefur verið. Miðað við horfur næsta árs þá finnst mér líklegt að tími aukinnar hagsýni og ráðdeildar renni upp. Frá upphafi stofnunar Teymis hefur það verið stefna stjórnenda, ég horfi því bjartsýn til ársins 2008.

Áfram verða þó miklar sveiflur í efnahagslífinu, og án efa ný met slegin á nýju ári!

Engin ástæða til að örvænta

ERLENDUR HJALTASON
SKRIFAR UM VIÐSKIPTAÁRIÐ 2007

Það er af miklu að taka þegar litið er yfir atburði líðandi árs. Næst standa að sjálfsögðu þær miklu væringar sem hafa átt sér stað á alþjóðlegum fjármálamörkuðum undanfarna mánuði. Undanfarin ár hefur vaxtastig á heimsmörkuðum verið fremur hagstætt og aðgengi að lánsfjármagni almennt gott. Þessar aðstæður hefur íslenskum fyrirtækjum tekist að færa sér vel í nyt sem leitt hefur til mikillar uppbyggingar og örs vaxtar á erlendri grundu. Íslenskur fjármálamarkaður er nú mun tengdari erlendum mörkuðum en áður og því ber ekki að undrast að hér sverfi að með versnandi aðstæðum erlendis. Það er þó engin ástæða til að örvænta enda skiptir meginmáli þegar horft er til lengri tíma hversu vel fyrirtæki eru í stakk búin að mæta tímabundnum þrengingum.

ERLENDUR HJALTASON Annar forstjóri Exista.

Viðburðaríkt ár hjá Exista

Árið hefur verið viðburðaríkt hjá Exista og árangurinn eftirtektarverður á flestum sviðum. Félagið hefur skapað sér athyglisverða stöðu á norrænum fjármálamarkaði og er beinn eða óbeinn þátttakandi í flestum þeim hræringum sem þar eiga sér stað um þessar mundir. Snemma á árinu tilkynnti Exista að félagið væri orðinn stærsti hluthafinn í Sampo Group, sem er leiðandi vátryggingafélag á Norðurlöndum. Sampo er jafnframt á meðal helstu hluthafa í Nordea-bankanum, stærstu bankasamstæðu Norðurlanda.

Exista hefur jafnframt byggt upp umtalsverðan hlut í Storebrand í Noregi, sem með kaupum á sambærilegu félagi í Svíþjóð á árinu er að skapa sér leiðandi stöðu á sviði líftrygginga og lífeyrissparnaðar á Norðurlöndum. Auk þess er Exista kjölfestueigandi í Kaupþingi banka, sem mun styrkja stöðu sína enn frekar í Norður-Evrópu með kaupum á NIBC-bankanum í Hollandi sem tilkynnt voru um mitt árið.

Allt eru þetta afar öflug félög með traustan rekstur og hið sama má segja um aðrar helstu eignir Exista, svo sem Bakkavör Group og Skipti. Grunnrekstur Exista á sviði vátrygginga og eignaleigu hefur að sama skapi gengið vel og má segja að tryggingarekstur VÍS hafi tekið stakkaskiptum á þessu ári.

Skýrsla Viðskiptaráðs um alþjóðavæðingu

Nú á haustmánuðunum gaf Viðskiptaráð Íslands út skýrslu um alþjóðavæðingu íslensks fjármálakerfis og fékk til þeirrar vinnu dr. Richard Portes frá London Business School og dr. Friðrik Má Baldursson frá Háskólanum í Reykjavík. Í skýrslunni var styrkur fjármálakerfisins kannaður, sér í lagi bankanna þriggja, og metið hvort hætta stafaði af ójafnvægi í íslenska hagkerfinu og erfiðleikum á erlendum fjármagnsmörkuðum.

Skýrslan sýndi með ótvíræðum hætti að íslenskir bankar standa traustum fótum. Þar kemur í ljós að þær sviptingar sem áttu sér stað á vormánuðunum 2006 hafi reynst íslensku fjármálakerfi ákveðin viðvörunarbjalla. Þeir þættir sem bankarnir voru helst gagnrýndir fyrir hafa verið teknir til endurskoðunar og fyrir vikið eru þeir mun betur í stakk búnir til að mæta lausafjárþurrð og óvissu eins og nú ríkir.

Í skýrslunni er einnig kannað hvort evran kunni að skapa sér sess með óbeinum hætti hér á landi og hverjar afleiðingar þess gætu orðið. Það hefur farið mikið fyrir umræðu um krónuna og hvort hún sé til gagns eða trafala fyrir okkar litla hagkerfi. Viðskiptaráð Íslands hefur verið leiðandi í umræðunni og leitast við að draga fram sjónarmið viðskiptalífsins. Haustið 2006 var gefin út umfangsmikil skýrsla um málefnið, sem ber heitið Krónan og atvinnulífið. Í henni voru dregnar saman helstu orsakir núverandi ástands, auk þess sem fjallað var um helstu kosti sem standa til boða verði krónunni varpað fyrir róða.

Viðskiptaþing tileinkað krónunni

Nú hyggst Viðskiptaráð fylgja þessari vinnu enn frekar eftir og verður Viðskiptaþing 2008 tileinkað íslensku krónunni og stöðu peningamála hérlendis. Yfirskrift þingsins, Íslenska krónan: byrði eða blóraböggull?, er spurning sem nauðsynlegt er að svara. Hvert sem svarið er, þá er ljóst að við óbreytt ástand verður ekki unað. Það er alveg ljóst að íslensk fyrirtæki, sér í lagi þau sem hafa ójafnvægi á milli tekna og gjalda eftir myntum, geta illa búið við núverandi aðstæður.

Engin augljós eða greið leið liggur að upptöku evru eða annars erlends gjaldmiðils. Það er aftur á móti skýrt að til þess að Íslendingar eigi raunverulegt val í gengismálum, þarf að beita samræmdum hagstjórnaraðgerðum til að jafnvægi komist á í þjóðarbúskapnum. Í því skyni ber ríkisstjórn og sveitarfélögum að leggja lóð á vogarskálar og sporna við frekari þenslu með samdrætti í útgjöldum.

Fram undan eru áhugaverðir en jafnframt krefjandi tímar. Ljóst er að fyrirtæki jafnt sem ráðamenn þjóðarinnar munu standa frammi fyrir stórum og mikilvægum ákvörðunum. Þetta er glíma sem ég tel okkur vel búin til að takast á við enda hafa fáir jafn mikla reynslu af ólgusjó og Íslendingar.

Málað á striga í fimm heimsálfum

RÓBERT WESSMAN
SKRIFAR UM VIÐSKIPTAÁRIÐ 2007

Það er mín lífssýn að menn eigi að láta gott af sér leiða þegar vel gengur, að skila til baka til samfélagsins. Það gerist auðvitað að hluta til í formi skatta, og að hluta til í þeim störfum sem við sköpum. Það vinna á sjötta hundrað manns hjá Actavis á Íslandi, og um 11.000 alls. Við reynum jafnframt að láta gott af okkur leiða í samfélaginu, hvort sem er í okkar nánasta umhverfi hér heima eða í löndunum 40 þar sem við störfum. Styrktarverkefni Actavis eru allt of mörg til að telja upp, en þau tengjast heilbrigðismálum, íþróttum og menningarsamskiptum landanna sem við störfum í.

Meðal þeirra fremstu

Árangurinn skiptir okkar keppnisfólk hjá Actavis miklu máli. Actavis hefur náð þeim undraverða árangri að vera númer fimm í heiminum, og við erum afar stolt af því. Við höfum haft að leiðarljósi að verða meðal þriggja stærstu og það hefur ekki breyst þótt eignarhaldið á félaginu hafi breyst á árinu.

Yfirtökutilboðið frá Novator, félagi Björgólfs Thors Björgólfssonar stjórnarformanns, barst í maí. Í lok júlí óskaði félagið eftir afskráningu úr Kauphöllinni. Actavis hefur haldið áfram að vaxa og dafna í einkaeigu og það er mikið að gerast. Við erum að byggja upp starfsemi á Ítalíu, undirbúa sókn í Frakklandi, erum nýbúin að opna í Austurríki og Sviss og svo mætti áfram telja. Actavis er vissulega ekki jafn sýnilegt og áður, enda var það meðal annars tilgangurinn með því að taka félagið af markaði – skráningu fylgja kvaðir um upplýsingagjöf. Breytt eignarhald einfaldar því málin að mörgu leyti og gefur okkur kost á að vinna hraðar en ella.

Við erum ekki á markaði lengur og greinum ekki reglulega frá afkomunni, en ég get upplýst að við erum við á áætlun og sátt við það. Reksturinn er ekki ólíkur því sem var, en við getum tekið meiri áhættu því við berum ekki lengur þá ábyrgð að ávaxta sparifé nokkur þúsund hluthafa. Björgólfur Thor er aðaleigandinn en ég á sjálfur um 10% hlut í Actavis og nokkrir aðrir lykilstjórnendur hafa einnig keypt hlut.

Króna eða evra

Fyrir 8-9 árum var Actavis alíslenskt félag, en nú er undir 1% af veltu félagsins á Íslandi. Allt tekjustreymi og hagnaður er í erlendri mynt og íslenska krónan hefur truflað

RÓBERT WESSMAN Forstjóri Actavis

erlenda fjárfesta. Ef þeir kaupa hlutafé í krónum þá þurfa þeir annaðhvort að kaupa sér mjög dýrar varnir til að tryggja sig fyrir gengisáhættu, eða taka gengisáhættuna. Það hafa verið gríðarlegar sveiflur í krónunni og þetta hefur fælt fjárfesta frá. Umræðan í þjóðfélaginu að undanförnu, um evru eða krónu, er að mörgu leyti skiljanleg. Krónan er hagstjórnartæki, notuð til að slá á verðbólgu og reyna að stýra hagkerfinu hérna heima. En fyrir menn eins og mig sem standa í að reka fyrirtæki í flóknu alþjóðlegu umhverfi er krónan enn eitt flækjustigið.

Þróun fyrir allan heiminn á Íslandi

Það tekur um tvö ár að þróa nýtt samheitalyf, og við erum með nærri 400 slík verkefni í vinnslu. Við lögðum 14-15 milljarða króna í þróun á nýjum lyfjum á árinu og erum það samheitalyfjafyrirtæki í heiminum sem eyðir hvað mestu í ný lyf. Íslendingar hafa ekki síst notið góðs af þessu því hér á landi koma ný samheitalyf oft á markað löngu áður en í löndunum í kringum okkur.

Við höfum byggt upp starfsemi á alþjóðavettvangi, samþætt reksturinn og störfum undir Actavis-nafninu um allan heim. Við samnýtum verksmiðjurnar, þróunareiningarnar og öll fjármál. Það má í raun líkja þessu við eitt málverk, þar sem hver eining fyllir út í myndina. Þetta eru allt einingar með skilgreindan tilgang og hlutverk, sem allar eiga sitt pláss í stóru myndinni. Malta gegnir til dæmis lykilhlutverki í framleiðslu fyrir alla Vestur-Evrópu og á Íslandi þróum við lyf fyrir allan heiminn. Það var okkur því mikil ánægja þegar Félag viðskipta- og hagfræðinga veitti okkur Þekkingarverðlaunin fyrr á árinu fyrir samruna og yfirtökur — því þar liggur okkar helsti styrkur.

BT FYRIRTÆKI

FRÁBÆR VINNUVÉL

TOSHIBA SATELLITE PRO A200
Intel Pentium T2130
120GB SATA harður diskur
1GB DDR2 667 vinnsluminni
15.4" WXGA skjár CSV
Intel 943GM skjástýring
DVD skrifari – Dual Layer
Þráðlaust net 802.11 b/g
Windows Vista Business
Fartölvusett fylgir

SÉRTILBOÐ

89.999

FYLGIR

GÓÐ VINNUVÉL

TOSHIBA SATELLITE PRO L40
Intel Celeron M 530
1024MB DDR2 667
80GB SATA harður diskur
15.4" WXGA skjár
Intel GMA X3100 skjástýring
Þráðlaust net 802.11 b/g
DVD skrifari – Dual Layer
Windows Vista Home Basic

SÉRTILBOÐ

49.999

EIN MEÐ ÖLLU

FSC ESPRIMO MOBILE U9200
Intel Core 2 Duo T7300
2GB DDR2-667 (2x1GB)
80GB SATA harður diskur
12,1" WXGA skjár + webcam
DVD skrifari - Dual Layer
WLAN Intel 4965 a/g/n
Windows Vista Business
Með portreplicator (dokku)

149.999

LITALASER MEÐ NETKORTI

HP COLORLASER 2600N
Fyrir minni hópa og fyrirtæki
Allt að 8bls í svörtu og lit á mín
Prentar fyrstu bls.: 20 sek
600x600 dpi upplausn
USB og 10/100 netkort

SÉRTILBOÐ

19.999

HAGKVÆMUR LASER PRENTARI

HP LASERJET 1018
Frábær vinnuprentari
12 bls. á mín.
10 sek. í fyrstu síðu út
Örgjörvi: 234 MHz
Upplausn: 600x600dpi
USB tengdur

SÉRTILBOÐ

6.999

FARTÖLVUMÚS

Toshiba Retractable laser mous
Fartölvumús með
inndraganlegri snúru

2.999

FARTÖLVUSETT

Toshiba NB Starter Kit
Fartölvutaska, mús og
4-porta USB hub -
allt í einum pakka.

6.999

VEFMYNDAVÉL

Toshiba Web Cam
Vönduð vefmyndavél frá Toshiba
Upplausn 640x480
30 rammar á sekúndu
24 bita litadýpt
USB tengi

4.999

SKEIFUNNI 17 • opið: mán. - fös. 10:00 -18:00 & lau. 10:00 - 16:00

BT FYRIRTÆKI

BANDARÍSKI LEIKARINN DENZEL WASHINGTON ER 46 ÁRA Í DAG.

„Leiklist er bara ein leið til að sjá sér farborða. Fjölskyldan er lífið.“

Washington hefur tvívegis hlotið Óskarsverðlaunin og er meðal annars þekktur fyrir leik sinn í myndum sem byggja á sannsöguleg um atburðum.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 28. DESEMBER 1983

Vogur tekur til starfa

Sjúkrahúsið Vogur tók til starfa á þessum degi fyrir 24 árum. Samtökin SÁÁ höfðu unnið að því að koma upp varanlegu húsnæði í Reykjavík og síðari hluta árs 1981 var þeim úthlutað lóð við Grafarvog, að því er fram kemur í bókinni Bræðralag gegn Bakkusi eftir Sæmund Guðvinsson sem kom út árið 1997.

Í byrjun árs 1982 var skipuð byggingarnefnd og var Othar Örn Petersen hæstaréttarlögmaður formaður hennar. Vinnustofan Klöpp, með Ingimar Hauk Ingimarsson arkitekt í fararbroddi, var fengin til að teikna bygginguna. Framkvæmdir hófust 14. ágúst árið 1982 þegar Vigdís Finnbogadóttir forseti tók fyrstu skóflustunguna að henni. Vígsluhátíð sjúkrastöðvarinnar var svo haldin þann 28. desember árið 1983.

Sama dag og hátíðin var haldin voru þrjátíu sjúklingar fluttir frá Silungapolli, sem áður hýsti sjúklinga á vegum SÁÁ, á Vog. Þá var haldin

verðlaunasamkeppni um nafn stöðvarinnar og voru 48 sem áttu tillöguna Vogur. Nafn Hallfríðar Brynjólfsdóttur var dregið úr potti og hlaut hún utanlandsferð að launum.

Á þeim 24 árum sem Vogur hefur starfað hafa þúsundir sjúklinga fengið þar meðferð.

MERKISATBURÐIR

1612 Galíleó Galíleí er fyrstur til að taka eftir plánetunni Neptúnusi, en telur hana ranglega vera fastastjörnu.

1871 Nýársnóttin, leikrit eftir Indriða Einarsson, er frumsýnd á skólalofti Lærða skólans í Reykjavík. Skólapiltar stóðu fyrir sýningunni.

1887 Bríet Bjarnhéðinsdóttir flytur fyrst kvenna á Íslandi opinberan fyrirlestur í Góðtemplarahúsinu í Reykjavík sem hún nefnir Um kjör og réttindi kvenna.

1908 75.000 manns láta lífið í jarðskjálfta á Sikiley.

1967 Borgarspítalinn í Fossvogi er formlega tekinn í notkun.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,

Birna Björnsdóttir
Endurvarpsstöð, Eiðum,

lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 27. desember. Útförin verður auglýst síðar.

Júlíus Bjarnason
Magnfríður Júlíusdóttir
Bjarni Már Júlíusson **Jóna Björg Björgvinsdóttir**
Björn Starri Júlíusson
Ragna Valdís Júlíusdóttir

Katla Þorvaldsdóttir
Kolbrún Birna Bjarnadóttir
Júlíus Freyr Bjarnason

Jónína Guðmundsdóttir

Páll Björnsson
Kolbrún Björnsdóttir

†

Sigfús Ingimundarson
húsasmíðameistari

er látinn.

Unnur Elísdóttir
og synir hins látna.

†

Við þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar systur okkar og frænku,

Elsu Ingvarsdóttur
Balaskarði

sem lést þriðjudaginn 11. desember síðastliðinn. Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunarinn ar á Blönduósi.

Fyrir hönd systkinabarna og annarra aðstandenda,
Björg Ingvarsdóttir
Geirlaug Ingvarsdóttir
Signý Gunnlaugsdóttir

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,

Stefán K. Arnþórsson,
Karlsbraut 21, Dalvík,

sem lést á Dvalarheimilinu Dalbæ 21. desember, verður jarðsunginn frá Dalvíkurkirkju föstudaginn 28. desember kl. 13.30.

Guðrún Benediktsdóttir
Arna Stefánsdóttir **Bjarni Valdimarsson**
Benedikt Hilmarsson **Matthildur Óladóttir**
Jórunn Hilmarsdóttir **Ólafur Schram**
Sigtryggur Hilmarsson **Guðný Hansen**
Stefán Hilmarsson **Kristin Arngrímsdóttir**
og barnabörn.

AFMÆLISBARN Afmæli Eddu Andrésdóttur, rithöfundar og fréttaþular á Stöð 2, fellur í skuggann af tveimur stórhátíðum en hún segir þó alltaf ákveðna spennu fylgja deginum og lítur á hann sem bónus. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

EDDA ANDRÉSDÓTTIR: 55 ÁRA OG HORFIR Á EFTIR ÞRIÐJU BÓKINNI SINNI

Langar til að skrifa meira

Fréttaþulurinn góðkunni Edda Andrésdóttir fagnar 55 ára afmæli sínu í dag. Hún segist líta á daginn sem léttan undirbúning fyrir sextugsafmælið en ætlar þó ekki að halda veislu. „Að minnsta kosti ekki í dag en hver veit nema ég geri eitthvað í janúar. Viljinn er fyrir hendi en það er alltaf spurning um máttinn,“ segir Edda. „Ég vonast þó til að stjanað verði við mig frá morgni til kvölds, að ég mæti einungis ljúfu viðmóti og fái nokkur símtöl frá fólki sem mér þykir vænt um. Síðan förum við fjölskyldan vísast út að borða þótt við séum nú ekki beinlínis illa haldin eftir jólin,“ bætir hún við glöð í bragði.

En hvernig ætli sé að eiga afmæli á milli stórhátíða? „Þegar ég var barn man ég ekki eftir öðru en að hafa fengið afmælisveislu eins og önnur börn. En ég hugsa að mamma hafi tæklað þetta betur en ég sjálf. Ég hef stundum verið með fyrirætlanir á prjónunum um að halda veislur en mér verður yfirleitt ekki neitt úr verki.“ Edda segir ákveðið millibilsástand ríkja á þessum tíma. „Jólin eru að baki og áramótin að koma og það skiptir allt af meira máli heldur en einmitt þessi dagur. Svo er maður alltaf vel saddur af mat og gjöfum. Það er þó viss spenna sem fylgir afmælum og ég lít á það sem svolítinn bónus að eiga afmæli á þessum tíma árs,“ segir Edda.

Síðla hausts sendi Edda frá sér bókina Í öðru landi og er hún henni ofarlega í huga á þessum tímamótum. Í bókinni segir hún frá því hvernig er að fylgjast með föður sínum hverfa inn í óminnisland Alzheimers-sjúkdómsins ásamt því að rifja upp minningarbrot úr fortíðinni. Edda er afar sátt við bókina og alla vinnuna í kringum hana en hún skrifaði hana að mestu síðastliðið sumar. En var ekki erfitt að fást við jafn viðkvæmt efni? „Tilefnið var auðvitað ekki gleðilegt og ég hef einmitt verið spurð að því hvort þetta hafi ekki verið erfitt. Í fyrstu vafðist mér tunga um tönn af því að mér fannst að ég ætti að svara því játandi. Staðreyndin er hins vegar sú að þetta var ekki erfitt. Kannski er það vegna þess að ég var stödd í gömlum og góðum tíma á meðan ég skrifaði hana. Til að fá innblástur spilaði ég gamla tónlist og skoðaði gamlar myndir og mér fannst í raun bara mjög gott að skrifa bókina,“ útskýrir Edda.

Þetta er í þriðja sinn sem hún tekur þátt í jólabókavertíð. Fyrir tveimur árum voru hún og Auður Eir á ferð með Sólin kemur alltaf upp á ný og svo kom bókin um Auði Laxness, Á Gljúfrasteini, út fyrir jólin 1984.

„Ég get vel hugsað mér að róa á þessi mið aftur. Þegar ég vaknaði á aðfangadag og horfði á bókina mína fann ég til saknaðar eftir þessum tíma. Skrifin, samstarfið við fólkið hjá gamla JPV, sem breyttist í Forlagið einn daginn, og líflegur og lærdómsríkur desember þegar ég var á fleygiferð að lesa upp úr bókinni á höfuðborgarsvæðinu og utan þess gerir þennan tíma mjög eftirminnilegan,“ segir Edda. Hún segir jólavertíðina hafa verið býsna skemmtilega hvort sem hún var ljósum prýdd eða ekki. „Ég keyrði til dæmis út fyrir bæinn eitt sunnudagssíðdegið til að lesa upp í góðu húsi og rann þá upp fyrir mér í blárri birtu undir fullu tungli að jólin búa ekkert síður í landinu, þögninni og fjöllunum þótt þar sé ekki ein einasta ljósapera,“ lýsir Edda dreymin. vera@frettabladid.is

Gullbrúðkaup

Elsku mamma og pabbi,

Þórður Magnússon

og

Hrönn Hannesdóttir,

innilega til hamingju með gullbrúðkaupið í dag, 28. desember 2007.

Ykkar dætur,
Hanna, Ósk, Guðbjörg, Elín og fjölskyldur.

AFMÆLI

Björk Jakobsdóttir leikkona er 41 árs í dag.

Einar Örn Jónsson handboltamaður er 31 árs í dag.

Helga Elínborg Jónsdóttir leikkona er 62 ára í dag.

BUBBI
OG STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR
Í LAUGARDALSHÖLL

NÝÁRSTÓNLEIKAR

4. OG 5. JANÚAR 2008

AUKATÓNLEIKAR
4. JANÚAR KL. 20

Bubbi Morthens og öll bestu lögin hans í nýjum „Big Band“ búningi í útsetningu Þóris Baldurssonar.

SÉRSTAKIR GESTIR

Garðar Thór Cortes og Raggi Bjarna.

TUBORG LÉTTÖL

- Fimmtugasti hver sem kaupir miða á midi.is fær geisladisk með Bubba að eigin vali.
- Allir geisladiskar Bubba á tónleikatilboði í verslunum Skífunnar.

MasterCard

20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs MasterCard, www.borgun.is/klubbar

FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR

Einnig í verslunum BT á landsbyggðinni

CONCERT
WWW.CONCERT.IS



STUÐ MILLI STRÍÐA I'm from Iceland

ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON VILL STYTTUGARÐ TIL HEIÐURS VÍKINGUM SAMTÍMANS

Á fögru sumarkvöldi árið 1762 kom John Montagu hinn fjórði, jarl af Sandwich á Bretlandseyjum, heim úr ferðalagi. Þreyttur og svangur bað hann bryta sinn að útbúa eitthvað nýtt og spennandi sem hann gæti snætt fyrir háttinn. Bryti hans fór inn í eldhús og skömmu síðar kom hann fram með tvær brauðsneiðar, hvora ofan á annarri með áleggi á milli. Jarlinn varð svo heillaður af þessari hugvitssemi brytans að hann nefndi fyrirbærið Sandwich eftir aðalssetri sínu. Hefur samloka borið það nafn upp á enska tungu allar götur síðan og borið hróður setursins um víða veröld.

Þessi saga kom upp í huga mér þegar ég horfði á heimildarmynd um Jón Pál heitinn Sigmarsson í Sjónvarpinu nú um jólin. Það eru viss líkindi með þessum tveim mönnum því báðir áttu þeir með snilli sinni eftir að bera nafn síns heimasvæðis langt.

Með þokka sínum og kímni, ekki síður en með kröftum, kynnti Jón Páll land og þjóð um heim allan. Oft á tíðum var hann bara þekktur sem Íslenski víkingurinn án þess að fólk vissi nafn hans og hvar sem hann fór sagði hann fólki að hann væri frá Íslandi. Auðvitað hlaut hann sjálfur mikla frægð en ég er ekki frá því að þegar allt er talið hafi hann kynnt land sitt meira en hann kynnti sig sjálfan.

Við Íslendingar eigum í raun marga hans líka. Fólk sem hefur með afrekum sínum komið þessari agnarsmáu þjóð, sem vart myndi fylla götu í stórborgum heimsins, heldur betur á kortið. Ég vil því í lok ársins varpa fram þeirri hugmynd að reistur verði styttugarður þar sem íslensku útrásarvíkingarnir geta staðið saman í öllum veðrum. Þar gæti Jón Páll haldið á Lindu Pé og Björk væri þar auðvitað líka í svanslíki. Ég held að það myndi færa bros á vör þeirra sem þar gengju framhjá. Gleðilegt ár.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ ÁLFABAKKA SAMBÍÓIN Borgarbíó Akureyri

FRÉTTABLAÐIÐ

Lesendur Fréttablaðsins fá bíómiðann á 1000 kr. og 700 kr. fyrir börn 12 ára og yngri gegn framvísun þessarar úrklippu í miðasölu viðkomandi kvikmyndahúss. Gildir meðan myndin er í sýningu.
Ath: Almennt miðaverð 1200 kr. fyrir fullorðna og 850 kr. fyrir börn 12 ára og yngri, eldri borgara og öryrkja.

Þjóðleikhúsið
Gleðilegt ár!

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00.
Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

SÍÐUSTU VIKUR KRISTS Rokkóperan Jesus Christ Superstar verður frumsýnd í Borgarleikhúsinu í kvöld.

Guðsonurinn rokkar

Rokkóperan sígilda Jesus Christ Superstar eftir þá Andrew Lloyd Webber og Tim Rice verður frumsýnd í Borgarleikhúsinu í kvöld.

Þetta er í þriðja skipti sem Leikfélag Reykjavíkur setur verkið Jesus Christ Superstar upp. Það var fyrst sýnt árið 1973 í leikstjórn Péturs Einarssonar, en þess má til gamans geta að Pétur fer með hlutverk prests í þessari nýjustu uppfærslu. Verkinu var ætlað að laða ungt fólk að leikhúsinu og gekk það átak vonum framar þar sem tuttugu þúsund manns sáu þessa fyrstu íslensku uppfærslu. Stykkið var svo sett upp að nýju 22 árum seinna, árið 1995, í leikstjórn Páls Baldvins Baldvinssonar, og laðaði þá að þrjátíu þúsund áhorfendur.

Áhugi landsmanna á þessari rokkóperu virðist lítið hafa dalað á þeim tólf árum sem liðin eru síðan hún var seinast sett upp, enda hafa miðar rokið út og er nú svo komið að uppselt er á tíu fyrstu sýningarnar. Björn Hlynur Haraldsson, leikstjóri verksins, er að vonum ánægður með móttökurnar. „Þessi miðasala er náttúrulega vonum framar. En ég er eðlilega spenntastur fyrir því hvernig áhorfendum líst á þessa uppfærslu og hlakka því mikið til þess að fara að sýna.“

Jesus Christ Superstar birtist fyrst sem upptaka á plötu árið 1970 og var fyrst sett upp í leikhúsi á Broadway í New York ári síðar. Verkið segir frá síðustu vikunum í lífi Jesú Krists og endar með krossfestingu hans. Sagan fylgir að mestu leyti píslarsögunni eins og hún kemur fyrir í Nýja testamentinu, en upprunalega uppfærslan er hæfilega krydduð með anda hippatímabilsins. Björn ákvað þó að fara örlítið aðra leið í uppfærslunni þessu sinni. „Mig langaði til að losna við hippafýluna sem hefur fylgt þessu verki og því er uppsetningin frekar tímalaus. Karl Ágúst Úlfsson gerði nýja þýðingu á textanum og er hún skýr, einföld, skiljanleg og laus við hippalegt slangur. Ég vildi frekar leggja áherslu á söguna í verkinu fremur en einhvern tíðaranda, enda er boðskapur verksins sígildur.“

Athygli vekur að í tveimur burðarhlutverkum verksins eru þeir Hrafn Björgvinsson, betur þekktur sem Krummi, sem leikur Jesú og Jens Ólafsson sem leikur Júdas, en hvorugur þeirra hefur tekið þátt í uppsetningu í atvinnuleikhúsi áður. Þeir hafa aftur á móti báðir vakið athygli sem söngvarar tveggja af framsæknustu rokkhljómsveitum landsins, Krummi með Mínus og Jens með Brain Police. „Ég vildi einfaldlega leggja áherslu á að þetta er rokkópera en ekki popptónlist og vildi því fá bestu rokksöngvara landsins til að fara með þessi hlutverk. Þeir eru enda frábærir sem Jesús og Júdas,“ segir Björn. Val þeirra í burðarhlutverk verksins gefur sterklega til kynna að þessi uppfærsla verði í meira lagi rokkuð og að hér sé því kominn menningarviðburður sem lætur engan ósnortinn, ekki einu sinni lifuðustu rokkhunda.

vigdis@frettabladid.is

Kringlu kráin
Karma frá Selfossi í kvöld
Stór og fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar

HARMONIKUBALL
í kvöld frá kl. 22:00
í Húnabúð, Skeifunni 11 Reykjavík.
Kveðjum gott harmonikuár með dúndrandi dansi.
Harmonikufélag Reykjavíkur.

ÁST
Í samstarfi við Vesturport
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
7. og 8. des uppselt
30. des
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

Melba og Caruso

Tvær krukkur með hljóðritum af mestu söngvurum heims voru settar í geymslu á jólum 1907 í kjallara Parísaróperunnar með ströngum skilyrðum um að þær yrðu geymdar þar í hundrað ár. Það var stjórnandi fyrirtækis sem síðar var kallað EMI sem kom krukkunum fyrir og voru hljóðritin varðveitt í geymsluhólfum úr nýuppfundnu efni: asbesti. Meðal þeirra söngvara sem áttu söng á hljóðritunum voru bæði Nelly Melba hin ástralska og Napolísöngvarinn dáði Enrico Caruso. Krukkurnar voru fjarlægðar úr kjallara óperunnar 1989 en þá hafði tilvist þeirra verið innanbúðarmönnum kunn um áratugaskeið, en varðveislutíminn var virtur. Nú hefur sérfræðingum í eyðingu hættulegra efna verið falið að ná hljóðritunum úr hinum hættulegu hirslum og þá er spurning hvort hljóðritin séu heil og dugi til afritunar. Bæði Nellie Melba og Caruso voru frægustu söngvarar heimsins á sinni tíð og eru velflestar hljóðritanir með þeim löngu þekktar svo hver ný hljóðritun sem finnst með söng þeirra þykir gulls ígildi.

MIÐASALA Í SÍMA 568 8000
OG Á WWW.BORGARLEIKHUSID.IS

VesturPort BORGARLEIKHÚSIÐ

ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON

BJÖRN HLYNUR HARALDSSON

CHARLOTTE BÖVING

NIX NOLTES

OF MONTREAL

> Í SPILARANUM

Stórsveit Nix Noltes - Royal Family-Divorce
Caribou - Andorra
Páll Óskar - Allt fyrir ástina
Einar Ágúst - Það er ekkert víst það klikki
Of Montreal - Hissing Fauna, Are You the Destroyer?

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Nýárstónleikar Radiohead á netinu

Enska hljómsveitin Radiohead heldur áfram að fara ótroðnar slóðir í kynningu á sinni nýjustu plötu, In Rainbows. Nú hafa hljómsveitarmeðlimir tilkynnt að tónleikar með sveitinni verði sýndir á netinu rétt eftir miðnætti á nýársnótt. Allir þeir sem hafa hug á geta horft á tónleikana á vefsíðunni Radiohead.tv. Lög frá In Rainbows verða í aðalhlutverki á nýárstónleikunum en söngvarinn Thom Yorke hefur gefið í skyn að nokkur af vinsælustu lögum sveitarinnar í gegnum tíðina fái að fljóta með.

In Rainbows kemur í verslanir á geisladiski og vínylplötu frá og með 1. janúar en sem kunnugt er hefur verið hægt að nálgast plötuna frítt á netinu frá því í október.

NOTA NETIÐ Thom Yorke og félagar í Radiohead eru duglegir að notfæra sér nýjustu tækni til að koma sér á framfæri á nýstárlegan hátt.

> HÆTTIR HJÁ DEF JAM

Rapparinn Jay-Z ætlar að hætta sem forstjóri plötufyrirtækisins Def Jam um áramótin. Hann tók að sér stöðuna fyrir tveimur árum, þegar hann tilkynnti að hann væri hættur að gefa út tónlist. Síðan þá er Jay-Z aftur kominn á fullt í rappinu og sér sér ekki fært að sinna stöðunni að fullu.

TÓNNINN GEFINN
Steinþór Helgi Arnsteinsson

Uppgötvanir ársins

Margt bar á góma á tónlistarárinu 2007. Fréttablaðið hefur nú þegar valið þær plötur sem þóttu bera af á árinu, bæði hér heima og úti í hinum stóra heimi, en hverjar voru þá uppgötvanir ársins? Hvaða nýju gestir voru það sem komu manni í opna skjöldu með frumlegum tónum sínum? Hér er samt ekki átt við nýliða ársins. Til dæmis var alveg nokkuð ljóst í dágóðan tíma fyrir útgáfu platna Mika og Klaxons að þær myndu gera allt vitlaust og svo framvegis.

Fyrir mér áttu stærstu uppgötvanir ársins sér stað innan danstónlistargeirans sem hlaut heldur betur uppreisn æru. Úr ranni plötufyrirtækja á borð við Kitsune og Ed Banger tók að óma harðari og beinskeyttari hljómur en maður hafði áður kynnst, sem byrjaði reyndar fyrst að taka á sig almennilega mynd árið 2006. Á árinu 2007 komu samt út nokkrar plötur sem hristu verulega upp í geiranum. Digitalism, Simian Mobile Disco og Boys Noize voru allt sveitir sem hrærðu vel upp í eyrum manns með plötum sínum á árinu en á toppi listans sat auðvitað dúettinn ógurlegi Justice.

Skóglápsrokkafturhvarfið (oft nefnt new-gaze) hélt líka áfram á árinu 2007. Sveitir á borð við A Place to Bury Strangers, Maps, Soft Circle, Deerhunter, Au og Shocking Pinks voru þannig allt nýjar sveitir í eyrum undirritaðs úr þessari átt. Úr annarri og töluvert prog-aðri átt kom einnig sveitin Battles en fyrsta eiginlega breiðskífa sveitarinnar, Mirrored, er án nokkurs vafa með plötum ársins.

Svo voru líka hinar og þessar sveitir, bæði gamlar og nýjar, sem fyrir mér persónulega voru meiri uppgötvanir en aðrar. Enda er athöfnin sjálf, að uppgötva eitthvað, mjög persónuleg. Get ég til dæmis nefnt sænsku sveitina The Mary Onettes, skrautfuglinn Dan Deacon, undrabarnið Burial, hávaðagemlingana í No Age og finnsku krúttin í TV-Resistori. Fyrir aðra voru Amy Winehouse, Tegan and Sara, Bat for Lashes, The Cromatics, Patrick Wolf, Jamie T, St. Vincent og/eða The Field það mest brakandi ferska sem árið 2007 gaf af sér. Hvað sem því líður verður hins vegar að segjast að árið 2007 í tónlist var einstaklega giftusamt.

BATTLES Ein af uppgötvunum ársins.

Dansrokk og indí á árslistum

Á þessum árstíma keppast tónlistarfjölmiðlar við að gera upp árið og flest tímarit og vefmiðlar hafa þegar birt árslista sína. *Trausti Júlíusson* skoðaði nokkra þeirra og velti fyrir sér niðurstöðunum.

Eins og þegar hefur komið fram eru nokkrar plötur sem standa upp úr þegar uppgjör alþjóðlegra tónlistarmiðla yfir bestu plöturnar árið 2007 eru skoðuð. Arcade Fireplatan Neon Bible, sem var hlutskörpust í vali tónlistarsérfræðinga Fréttablaðsins sem birt var fyrir jól, er mjög víða hátt á listum og það sama er hægt að segja um plötuna sem varð í öðru sæti í því vali, Sound of Silver með LCD Soundsystem. Af öðrum plötum sem eru nefndar víða má nefna In Rainbows með Radiohead og Person Pitch með Panda Bear, en sem kunnugt er fer þar sólóverkefni Noah Lennox úr Animal Collective, en plötu þeirrar sveitar, Strawberry Jam, má líka víða sjá hátt á listum. Allt eru þetta frábærar plötur sem eiga fyllilega skilið það lof sem á þær er borið. Á heildina litið virðist indí og rokkskotin danstónlist vera nokkuð áberandi á listunum þetta árið.

M.I.A. vinsæl vestanhafs

Annars er töluverður munur á árslistum breskra fjölmiðla og þeirra bandarísku. Fyrsta plata Íslandsvinanna í Klaxons, Myths of the Near Future, er til dæmis mjög hátt á listum í Bretlandi og það sama má segja um plötu Alex Turner og félaga í Sheffield-sveitinni Arctic Monkeys, Favourite Worst Nightmare, en breskir fjölmiðlar virðast síður en svo hafa fengið leið á þeim.

M.I.A. Vinsæl hjá gagnrýnendum vestanhafs.

Í bandarísku miðlunum kemur sterk útkoma Tamílatígra-skæruliðaprinsessunnar Mayu Arulpragasam nokkuð á óvart, en platan hennar Kala er á toppnum bæði hjá Rolling Stone og Blender og í þriðja sæti á lista Pitchforkmedia. M.I.A. er undir miklum áhrifum frá bandarísku hipphoppi sem kannski skýrir að einhverju leyti aðdáunina vestanhafs, en svo er þetta líka frábær plata, nútímalegt popp þar sem blandað er saman á snilldarlegan hátt áhrifum frá tónlist víðs vegar að úr heiminum, Evrópu, Ameríku, Asíu, Afríku og Ástralíu.

Frávikin athyglisverð

Þó að það séu nokkrar plötur sem mest ber á í áramótauppgjörunum eru undantekningarnar oft athyglisverðastar. Observer Music Magazine velur til dæmis plötu Damons Albarn og félaga í The Good The Bad & The Queen bestu plötu ársins, franska tónlistarbiblían Les Inrockuptibles setur plötur Airwaves-Svíans Loney Dear, Sologne og Loney Noir saman í þriðja sætið, Uncut setur White Chalk með PJ Harvey í þriðja sætið, hjá Q Magazine er Icky Thump með White Stripes næstbesta plata ársins og hið ný-örenda Stylus Magazine setur plötu kántrí-söngkonunnar Miröndu Lambert, Crazy Ex-Girlfriend, í annað sætið. Þegar neðar dregur á listunum eru frávikin ennþá meiri. Fjölbreytnin í heimspoppinu árið 2007 kemur í ljós og maður tekur eftir alls konar plötum sem maður hafði ekki gefið gaum.

Það besta við öll þessi áramótauppgjör er einmitt að þau vekja athygli manns á plötum sem maður hafði ekki heyrt og vissi jafnvel ekki af.

Volta víða á listum

Að lokum má geta þess að þó að hlutur íslenskra tónlistarmanna sé frekar rýr á árslistunum þetta árið þá er plata Bjarkar Volta á nokkuð mörgum listum (númer 11 hjá Uncut, 15.hjá Mixmag, 19 hjá Q, 24 hjá Mojo...) og plata Amiinu, Kurr, er númer 41 á lista Mojo...

Tíu erlendir árslistar

Les Inrockuptibles (FR)
1. LCD Soundsystem – Sound of Silver
2. Justice – Cross
3. Loney Dear – Sologne & Loney, Noir
4. Animal Collective – Strawberry Jam
5. Klaxons – Myths of the Near Future

NME (UK)
1. Klaxons – Myths of the Near Future
2. Arctic Monkeys – Favourite Worst Nightmare
3. Radiohead – In Rainbows
4. Arcade Fire – Neon Bible
5. Les Savy Fav - Let's Stay Friends

Rolling Stone (US)
1. M.I.A. – Kala
2. Bruce Springsteen – Magic
3. Jay-Z – American Gangster
4. Arcade Fire – Neon Bible
5. Kanye West – Graduation

Uncut (UK)
1. LCD Soundsystem – Sound of Silver
2. Arctic Monkeys – Favourite Worst Nightmare
3. PJ Harvey – White Chalk
4. Robert Plant and Alison Krauss – Raising Sand
5. Wilco – Sky Blue Sky

KLAXONS Heitir í Bretlandi.

Mixmag (UK)
1. LCD Soundsystem – Sound of Silver
2. Justice – Cross
3. Burial – Untrue
4. Digitalism – Idealism
5. Gui Boratto – Chromophobia

Mojo (UK)
1. Radiohead – In Rainbows
2. Arcade Fire – Neon Bible
3. Bruce Springsteen – Magic
4. Arctic Monkeys – Favourite Worst Nightmare
5. LCD Soundsystem – Sound of Silver

Pitchforkmedia (US)
1. Panda Bear – Person Pitch
2. LCD Soundsystem – Sound of Silver
3. M.I.A. – Kala
4. Radiohead – In Rainbows
5. of Montreal – Hissing Fauna, Are You the Destroyer?

LONEY DEAR Sænskur Íslandsvinur.

Undertoner (DK)
1. Radiohead – In Rainbows
2. Panda Bear – Person Pitch
3. Arcade Fire – Neon Bible
4. Okkervil River – The Stage Names
5. The National – Boxer

Blender (US)
1. M.I.A. – Kala
2. Arcade Fire – Neon Bible
3. Lil Wayne – The Carter 3 Sessions
4. Kanye West – Graduation
5. Against Me! – New Wave

Stylus (US)
1. LCD Soundsystem – Sound of Silver
2. Miranda Lambert – Crazy X Girlfriend
3. Panda Bear – Person Pitch
4. Lil Wayne – Da Drought 03
5. The National – The Boxer

BT

ÁRAMÓTABOMBUR Í BT!!

118.999,-

MB061DK/B
APPLE MACBOOK MB061 B
Intel Core 2 DUO 2.0 GHz
1GB DDR2 667MHz
80GB Serial ATA Harður diskur
Intel GMAX3100 144MB skjástýring
Slot loading CD-RW og DVD-ROM

13,3" Glossy WideScreen skjár
- Upplausn 1280 x 800
BlueTooth, GBLan, FireWire
Þráðlaust Net 802.11N 300Mbps
Innbyggð iSight vefmyndavél
Mac OS X "Leopard" og iLife 08

BT LÁN
Verð frá:
3.426
59 mánaða

138.999,-

MB062DK/B
APPLE MACBOOK MB062 B
Intel Core 2 DUO 2.2 GHz
1GB DDR2 667MHz
120GB Serial ATA Harður diskur
Intel GMAX3100 144MB skjástýring
Slot loading DVD skrifari

13,3" Glossy WideScreen skjár
- Upplausn 1280 x 800
BlueTooth, GBLan, FireWire
Þráðlaust Net 802.11N 300Mbps
Innbyggð iSight vefmyndavél

Mac OS X "Leopard" og iLife 08

BT LÁN
Verð frá:
3.956
59 mánaða

158.999,-

MB063DK/B
APPLE MACBOOK MB063 B
Intel Core 2 DUO 2.2 GHz
1GB DDR2 667MHz
160GB Serial ATA Harður diskur
Intel GMAX3100 144MB skjástýring
Slot loading DVD skrifari

13,3" Glossy WideScreen skjár
- Upplausn 1280 x 800
BlueTooth, GBLan, FireWire
Þráðlaust Net 802.11N 300Mbps
Innbyggð iSight vefmyndavél

Mac OS X "Leopard" og iLife 08

BT LÁN
Verð frá:
4.485
59 mánaða

500GB FLAKKARI OG VANDAÐ APPLE + NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM APPLE VÉLUM

FYLGIR 14.999

FLUGELDA PAKKI FYLGIR!!!

TOSHIBA

PSAFGE-034012N5
TOSHIBA SATELLITE A210-184
AMD Athlon X2 TK-55
15.4" TFT WXGA TruBrite
- 1280 x 800 Upplausn
ATI Mobility X1200 319MB
1GB Vinnsluminni (1x1GB)
160GB Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Lyklaborð í fullri stærð
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows Vista™ Premium
2ja ára alþjóðleg ábyrgð

1. GREIÐSLA 1. apríl 2008

99.999

BT LÁN
Verð frá:
2.897
59 mánaða

FLUGELDA PAKKI FYLGIR!!!

FYLGIR 17.999

MA978ZG/A
APPLE NANO 4GB SILVER
Að verðmæti 17.999 Fylgir!

TOSHIBA

PSU30E-04J01NN5
TOSHIBA SATELLITE U300-14K
Intel Core 2 Duo T5250
13.3" TFT WXGA TruBrite
Intel 965GM skjástýring
2GB DDR2 Vinnsluminni
1GB Intel Turbomemory
160GB SATA Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
Dual Layer DVD skrifari
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 1.85kg á þyngd

Windows Vista™ Premium
2gja ára alþjóðleg ábyrgð

1. GREIÐSLA 1. apríl 2008

FLUGELDA PAKKI FYLGIR!!!

119.999

BT LÁN
Verð frá:
3.426
59 mánaða

Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri • Reykjanesbær

> VISSIR ÞÚ?

Jack Nicholson er annar tveggja leikara sem hafa verið tilnefndir til Óskarsverðlauna á hverjum áratugi síðan 1960. Hinn er **Michael Caine.**

fólk

folk@frettabladid.is

Sálfræðingur óttast um líf Britney

Einn af fremstu sálfræðingum Hollywood, Martin Brenner, segir að ef söngkonan Britney Spears leysir ekki úr sálarflækjum sínum þá megi Guð vita hvar hún dansi næstu jól. „Hún gæti jafnvel ekki lifað svo lengi að upplifa aðra hátíð ljóss og friðar," sagði sálfræðingurinn í samtali við New York Post.

Spears hefur farið á kostum um hátíðarnar, átti meðal annars vingott við ljósmyndara eftir frekar stutt kynni og ók síðan um götur Hollywood án brjóstahaldara, sem reyndist ágætis gulrót fyrir hina ágengu paparazza en þeir fylgja henni við hvert fótmál. Þar að auki vakti athygli að Britney virtist þurfa að létta á sér meir en góðu hófi gegnir og sálfræðingurinn ráðagóði taldi það, eitt og sér, vera ákall á hjálp. „Hún lifir í blekkingu og þessu gæti öllu lokið með harmrænum hætti," sagði Brenner.

Að hans mati er Britney búin að missa alla jarðtengingu og hún gangi af göflunum komi hún ekki lífi sínu í röð og reglu. „Hún berst augljóslega við þunglyndi og hún neitar að hlusta á ráðlegging-

BRITNEY HIN BRJÁLAÐA Sálfræðingur í Hollywood telur að ef Britney Spears komi lífi sínu ekki í fastar skorður geti það endað með ósköpum.

ar annarra. Mamma hennar er úti í kuldanum, synir hennar eru farnir og aðrir sem eru í kringum hana eru of uppteknir við að halda blekkingunni áfram til að geta veitt henni þá aðstoð sem hún þarf," útskýrir Brenner sem hefur áratugareynslu af meðhöndlun áfengis- og vímuefnavanda í Hollywood en hefur þó aldrei hitt Britney í eigin persónu. Brenner telur hegðun Britney yfir jólin vera afleiðingu af óléttu yngri systur hennar, Jamie Lynn, en Spears hefur að undanförnu verið nefnd sem hálfgerður blóraböggull hennar.

Björgólfur Guðmundsson og Þóra Hallgrímsson.

Hringur Grétarsson og Matthildur Anna Gísladóttir.

Helga Jónsdóttir og Kristbjörg Kjeld

Arna Dögg Einarsdóttir og Dagur B. Eggertsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

JÓLAFRUMSÝNING Á ÍVANOV

Prúðbúnir gestir flykktust á jólafrumsýningu Þjóðleikhússins að kvöldi annars í jólum. Í þetta skiptið var það hinn rússneski og þungbrýndi Ívanov sem tók á móti gestum á stóra sviðinu, en þessarar uppfærslu Baltasars Kormáks á verki Tsjekhovs hefur verið beðið með eftirvæntingu.

KAREN MILLEN
30-70%
AFSLÁTTUR
KAREN MILLEN | Kringlunni og Smáralind | karenmillen.com

All Saints
30-70%
afsláttur
Kringlunni | Sími 517 3890 | www.allsaints.co.uk

DAY
BIRGER et MIKKELSEN
WWW.DAY.DK
30% afsláttur
DAY
BIRGER et MIKKELSEN
| Kringlunni | www.day.dk

WAREHOUSE
40-70%
afsláttur
WAREHOUSE | Kringlunni, Smáralind og Debenhams

Stormurinn spáir rokeldspýtnaveðri

Hundleiðinlegt veður er í kortunum á gamlárskvöld. Siggi stormur segir rétt að skjóta flugeldunum upp í vindinn.

„Menn þurfa regnslá og rokeldspýtur. Þær eru ómissandi við þessar aðstæður. Þetta er rokeldspýtnaveður," segir Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur, betur þekktur sem Siggi stormur. Hann er að tala um mál málanna: Veðrið á gamlárskvöld. Það verður slæmt. Það verður rok. Fáir eru undir meiri pressu en einmitt Siggi stormur er núna. Hann hafnar því hins vegar alfarið að hagsmunaaðilar reyni að hafa áhrif á spá sína. Vísir greindi frá því að um 70 prósent og allt að 95 prósent af tekjum hjálparsveita sem heyra undir Slysavarnarfélagið Landsbjörgu kæmu af sölu flugelda fyrir áramót. Hagsmunir eru því miklir og freistandi hlýtur að vera að milda óveðursspá.

„Nei, nei, nei, ég hafna því algjörlega. Ekkert svoleiðis. Ekkert öðruvísi en ég styð þá í einu og öllu og ætla mér ekki að láta þessa spá stoppa mig í að fá mér flugelda. Það er bara að standa rétt að þessu. Vera ekki blindfullur við þetta og skjóta flugeldunum upp í vindinn svo þeir fari ekki í garð nágrannans."

Siggi stormur gerir sér fulla grein fyrir því að óveðursspá getur haft úrslitaáhrif hvað varðar tekjur sveitanna. Fyrir um fimm árum urðu mikil læti vegna þess að Magnús Jónsson veðurstofustjóri dró hvergi af sér í spá fyrir gamlárskvöld, talaði um sprengjulægðir, en þegar stóra stundin rann upp var veður til þess að gera stillt. Sigurður man þetta vel.

„Já, þetta er mikil pressa. Og ósjálfrátt lendir maður í því að vilja horfa á þetta eins jákvæðum augum og maður getur. Þó það geti komið í bakið á manni en ekki er rétt að mála þetta svartara en efni standa til," segir Siggi.

Hvað segja svo kortin? Hinn 30. hlýnar með myndarlegu óveðri. Einkum á sunnan- og vestanverðu landinu. Lægðin fær liðstyrk á gamlársdag. Það kostar átök að koma kalda loftinu frá. Slydda og rigning verður með talsverðum vindi sem getur orðið allt að 23 metrar á sekúndu í höfuðborginni.

„Maður hefur séð það betra. Maður hefur séð það verra. Á norðanverðu landinu verður hann eitthvað stilltari. Þeir fá skaplegasta veðrið. Lægðakerfið á eftir að hnoðast til en meginlínur eru nokkuð skýrar," segir Sigurður sem stendur undir nafni sem Siggi stormur að þessu sinni.

jakob@frettabladid.is

SIGGI STORMUR Menn verða að beina rakettum upp í vindinn og vera ekki blindfullir við þetta.

Paris Hilton arflaus

Hótelerfingjann Paris Hilton má vart kalla erfingja lengur. Nýlega lýsti föðurafi hennar, Barron Hilton, því yfir að 97 prósent af fjármunum hans rynnu til góðgerðamála eftir hans dag. Lítið verður því eftir handa djammskutlunni sem hefur vanist ansi þægilegum lifnaðarháttum.

Auður Barrons telur yfir 140 milljarða króna en faðir hans, Conrad N. Hilton, stofnaði Hilton-hótelkeðjuna. Sjóður sem stofnaður var í minningu Conrads mun njóta góðs af arfi Barrons. Conrad N. Hilton-sjóðurinn vinnur meðal annars að því að veita Afríkubúum greiðan aðgang að hreinu vatni, mennta blind börn og byggja húsnæði undir andlega veika.

Einn af frændum Parisar, Steve Hilton, tilkynnti um ákvörðun Barrons á annan í jólum, og sagði fjölskylduna afar stolta yfir örlæti hans. Óvíst er hvernig Paris tekur fréttunum en almennt er talið að ósiðsamlegt líferni hennar hafi ráðið þessari ákvörðun afans. Í bókinni House of Hilton, sem kom út árið 2006 og fjallar um Hilton-fjölskylduna, segir að Barron skammist sín mikið vegna hegðunar Paris og telji hana hafa dregið fjölskyldunafnið niður í svaðið með kynlífsmyndböndum og ölvunarakstri.

HILTON-SYSTURNAR FÁ LÍTIÐ Erfingjar Hiltons munu skipta á milli sín rúmum fjórum milljörðum af arfi afans en hann mun mestallur renna til góðgerðamála.

Ekki meiri X-Factor

Íslandsvinurinn og tónlistarmaðurinn Damon Albarn kveðst vera fyrir löngu búinn að fá nóg af hæfileikaþáttum sem ganga út á að búa til stjörnur og kallar á að framleiðslu þeirra verði hætt undir eins. Albarn var í viðtali við Radio 4 útvarpsstöðina í Bretlandi þegar hann lét ummælin falla og hafa þau valdið nokkru fjaðrafoki þar ytra.

„Við þurfum að endurskoða nokkra þætti og venjur í okkar menningarsamfélagi. Fyrir það fyrsta þurfum við að losna við þætti á borð við X-Factor og það tafarlaust," sagði Albarn. Hinn 39 ára gamli söngvari segir slíka þætti senda út röng skilaboð til almennings.

„Svona þættir ýta undir þá hugsun að hægt sé að öðlast frægð og frama án þess að vinna fyrir því. Það er náttúrulega bull og vitleysa. Það á að vera mjög erfitt og krefjandi að vera vinsæll tónlistarmaður," segir Albarn.

DAMON ALBARN Hefur óbeit á raunveruleikaþáttum á borð við X-Factor og Idol.

Flest mistök í Spiderman

Fleiri mistök voru gerð í hasarmyndinni Spiderman 3 heldur en í nokkurri annarri mynd á árinu, samkvæmt lesendum bresku heimasíðunnar moviemistakes.com. Alls sáust 157 mistök í myndinni. Í henni sást meðal annars í Terminal-turninn í Ohio þrátt fyrir að myndin eigi að gerast í New York.

„Peningurinn sem er lagður í svona myndir er alltaf að verða meiri og maður myndi því halda að hægt væri að koma í veg fyrir svona mistök, en sú er alls ekki raunin," sagði talsmaður heimasíðunnar. „Meira að segja tölvuteiknaðar myndir eru ekki ónæmar fyrir þessu, sem mér finnst ótrúlegt." Á meðal fleiri mynda sem voru fullar af mistökum voru High School Musical 2, 1408 og Hot Fuzz.

SPIDERMAN Hasarmyndin Spiderman 3 er full af mistökum samkvæmt heimasíðunni moviemistakes.com.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ný kvikmynd **Jessicu Simpson**, Blonde Ambition, kollféll á fyrsta sýningardegi og halaði aðeins inn um 24.000 krónum. Alls sáu 48 bíógestir myndina sem þótti það slök að upphaflega átti að gefa hana strax út á DVD. Ákveðið var að sýna hana eingöngu í bíóhúsum í heimabæ Jessicu í Texas, í von um að þar leyndust helst aðdáendur hennar. Greinilega ekki!

Courtney Love var rænd í vikunni, þar sem hún dvaldi á Four Seasons hótelinu í New York. Teknir voru bleikir demantseyrnalokkar að andvirði rúmlega tveggja milljóna króna sem Courtney ætlaði sem jólagjöf handa dóttur sinni, Francis Bean, og hafði ekki enn látið tryggja. Lögreglan yfirheyrir nú allt starfsfólk hótelsins sem kom nálægt herberginu.

Victoria Beckham varð einnig fórnarlamb þjófa nýlega, en brotist var inn í búningsherbergi hennar á Kryddpíutónleikum í Þýskalandi. Rándýrum fatnaði og fylgihlutum var stolið, þar á meðal sviðsbúningum og sérhönnuðum náttslopp frá Roberto Cavalli. Kryddpían er æf yfir ráninu en fátt er henni mikilvægara en tískan. Búningsherbergi hinna stúlknanna voru látin ósnert.

Söngkonan **Fergie** úr hljómsveitinni Black Eyed Peas og leikarinn **Josh Duhamel** úr sjónvarpsþáttunum Las Vegas trúlofuðu sig um jólin. Parið hefur verið saman í þrjú ár og festi nýlega kaup á einbýlishúsi. Söngstjarnan hefur því mörgu að fagna þessa daga en lagið Big Girls Don't Cry af fyrstu sólóplötu hennar, The Dutchess, er tilnefnd til Grammy-verðlauna.

VORNÁMSKEIÐIN HEFJAST Í FEBRÚAR

Nám í tónvinnslu og lagasmíðum

- í samstarfi við Digidesign framleiðanda Pro-Tools

PRO TOOLS

Tónvinnsluskólinn „Sponsored Digidesign School"
Nýlega gerðu Tónvinnsluskólinn og Digidesign með sér samstarfssamning um þjálfun nemenda í Pro-Tools og kallast nú Tónvinnsluskólinn „Digidesign Sponsored School".
Þetta veitir okkur rétt til að kenna til alþjóðlega viðurkennds prófs Pro-Tools 101 og Pro-Tools 110. 101 gráðan gerir mönnum kleift að nota Pro-Tools til eigin hagsmuna við lagasmíðar og upptökur meðan að 110 gráðan gerir mönnum kleift að nota Pro-Tools í hljóðversumhverfi atvinnumannsins.

Veitir rétt til framhaldsnáms
Eftir að hafa tekið þessi próf geta nemendur farið beint í 201 og 210 gráðurnar erlendis sem gerir menn að viðurkenndum „Pro-Tools Operator" sem gefur möguleika á störfum hér og erlendis í hljóðverum og kvikmyndaverum.

Hvernig klárar maður lag frá A til Ö
Að öðru leiti er námskeiðið óbreytt, farið er í ferlið frá því að hugmynd að lagi kviknar þar til lag er tilbúið til útgáfu, hvernig gengið er frá hljómablöðum (lead sheets) og samskiptum í hljóðveri.
Kennt er á midi, hljóðforritið **Melodine**, farið í almennar upptökur, míkrófóntækni og staðsetningar, eftirvinnslu, hljóðblöndun og lokahljóðjöfnun. Námið tekur 4 mánuði eða 160 klst.

Námskeiðin hefjast í febrúar.

Skráningar í síma 534 9090 eða á heimasíðunni www.tonvinnsluskoli.is

digidesign PRO TOOLS

TÓNVINNSLUSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA
Sponsored Digidesign School

> Ragna upp um tvö sæti

Badmintonkonan Ragna Ingólfsdóttir hækkaði um tvö sæti á nýjasta heimslistanum sem gefinn var út í gær. Hún er þar með í 53. sæti og í því 19. á Evrópulistanum. Ragna komst í úrslit á opnu móti í Grikklandi á dögunum en sá fíni árangur hækkar hana samt aðeins um tvö sæti. Hún þurfti að gefa úrslitaleikinn vegna álagsmeiðsla í hæl. Næsta mót hjá henni er í Kúala Lúmpúr 15. janúar og þaðan fer hún til Stokkhólms á mót sem hefst 24. janúar.

sport
sport@frettabladid.is

DÓRA MARÍA LÁRUSDÓTTIR: VAR VALIN Í ÚRVALSLIÐ NORÐAUSTURDEILDAR Í BANDARÍSKA HÁSKÓLABOLTANUM

Hlakka til að geta loksins klárað tímabil hér heima

Dóra María Lárusdóttir, leikmaður Íslandsmeistara Vals og íslenska landsliðsins, hefur vakið mikla athygli undanfarið fyrir góða spilamennsku með liði Rhode Island-háskólans í bandarísku háskóladeildinni í fótbolta.

Dóra María var fyrir skemmstu valin í Úrvalslið Norðausturdeildarinnar en samtök knattspyrnuþjálfara í Bandaríkjunum stóðu fyrir valinu. Enn fremur var Dóra María í þriðja sæti með 28 framlagsstig í Norðausturdeildinni á svokölluðum ALL-A-10 lista sem reiknar út framlag leikmanna, en hún skoraði tíu mörk og lagði upp önnur átta í deildinni.

„Liðinu gekk kannski ekki alveg nógu vel en ég er persónulega sátt við spilamennsku mína á þessu tímabili. Bandaríska háskóladeildin er dálítið ólík öðrum deildum að því leyti að leikmenn liðanna í deildinni eru vitanlega allt háskólastelpur, yfirleitt á aldrinum 18-23 ára, þannig að það vantar kannski ákveðna reynslu hjá þessum stelpum, en þær eru margar hverjar í mjög góðu líkamlegu ásigkomulagi, fljótar og tæknilega góðar. Það er reyndar misjafnt í hvaða deild þú ert, þar sem deildirnar eru vissulega fjölmargar og missterkar," sagði Dóra María sem hyggst koma heim næsta sumar að námi loknu.

„Ég er að læra fjármálafræði og stefni á að útskrifast næsta sumar og þá kem ég heim og sé til hvað ég geri á vinnumarkaðnum en ég er samningsbundin Val út næsta tímabil og bíð spennt eftir komandi verkefnum á þeim bænum. Ég hef ekki náð að klára tímabil með Val í þrjú ár vegna háskólanámsins í Bandaríkjunum og bíð því spennt eftir því að geta loksins verið með frá upphafi til enda tímabilsins næsta sumar.

Ég ætla bara að einbeita mér að því að spila vel með Valsliðinu og sjá svo til hvað verður á boðstólunum. Það væri auðvitað draumur að geta komist út í atvinnumennsku en ég er ekki farin að hugsa svo langt ennþá."

JÓHANN ÞÓRHALLSSON Býst við því að vera áfram hjá KR.

Jóhann Þórhallsson:

Ég er í planinu hjá Loga

FÓTBOLTI Jóhann Þórhallsson segir að hann sé ánægður hjá KR og hann vilji helst vera áfram í Vesturbænum. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að KR hafi boðið öðrum félögum að kaupa Jóhann en leikmaðurinn sagði þó sjálfur í gær að ekkert fararsnið væri á sér.

„Ég er búinn að tala við þjálfarann, Loga Ólafsson, og hann sagði mér að ég væri í sínum plönum. Ég hef heyrt af áhuga annarra liða en eins og staðan er í dag verð ég áfram hjá KR," sagði Jóhann, sem segist óhræddur við samkeppnina. Hún var mikil síðasta sumar þegar Jóhann byrjaði sex leiki, þar af síðustu fjóra leiki deildarinnar, og skoraði eitt mark. Hún jókst svo enn þegar KR keypti unglingalandsliðsmanninn Guðjón Baldvinsson í sumar.

Ingvar Guðjónsson, framkvæmdastjóri Grindavíkur sem Jóhann yfirgaf fyrir KR, segir að félagið hefði áhuga á því að fá Jóhann ef hann væri á lausu. - hþh

Sverre er á heimleið

Handknattleikskappinn Sverre Andreas Jakobsson er að öllu óbreyttu á leið aftur heim til Íslands. Hann stefnir á að spila handbolta áfram á Íslandi. Hann er mjög sáttur við Þýskalandsdvölina og segist ekki sjá eftir neinu.

HANDBOLTI Landsliðsmaðurinn Sverre Andreas Jakobsson á ekki von á öðru en að hann snúi heim á leið næsta sumar þegar samningur hans við þýska úrvalsdeildarfélagið Gummersbach rennur út. Sverre á ekki von á því að verða boðinn nýr samningur hjá félaginu og sjálfur segir hann að aldrei hafi annað staðið til en að vera aðeins tvö ár í Þýskalandi.

„Ég var búinn að gefa í skyn að ég væri að fara og ég hef svo rætt við Alfreð. Félagið er með ákveðnar breytingar í huga sem gera það að verkum að ekki er endilega pláss fyrir hreinan varnarmann. Það liggur samt ekki alveg ljóst fyrir hvort félagið bjóði mér nýjan samning en mér finnst það ólíklegt. Ég er samt ekkert að gráta ef svo verður. Mig langaði alltaf að prófa þetta en það stóð aldrei til að festast eitthvað í þessu. Ég stökk á spennandi tilboð sem mig langaði að prófa," sagði Sverre sem er þegar farinn að skoða fasteignir á Íslandi.

Sáttur við mína frammistöðu

Hann segist ekki vera spenntur fyrir því að færa sig um set í Þýskalandi en sér þó ekki eftir því að hafa stokkið á tækifærið þegar það gafst.

„Þetta er búið að vera skemmtilegra en ég átti von á og ég er mjög sáttur við mína frammistöðu. Mér finnst ég hafa tekið miklum framförum á milli ára. Ég er mjög sáttur," sagði Sverre en fjölskylduaðstæður gera það að verkum að næsta sumar hentar mjög vel til þess að flytja aftur heim.

Sverre segist samt ekki vera búinn að fá leið á handbolta og hann stefnir að því að spila áfram eftir að hann kemur heim.

Kemur til greina að fara í Fram eins og hvað annað

„Ég hef aðeins heyrt frá nokkrum aðilum um hvað ég sé að spá en ég hef ekki sagt neitt annað en að líklegt sé að ég komi heim. Ég mun svo skoða þau mál nánar þegar þar að kemur," sagði Sverre en hann útilokar ekki neitt í þeim málum. Það voru mikil læti í kringum brottför hans frá Fram til Gummersbach á sínum tíma en hann útilokar samt ekki að spila aftur með Fram.

„Fram kemur til greina eins og hvað annað. Það fer eftir þjálfara og leikmönnum hvar ég vil spila. Ég mun samt bara gera eins árs samning í senn og sjá til hvað ég endist lengi í þessu enda er ég ekkert að yngjast," sagði Sverre sem verður væntanlega í eldlínunni með landsliðinu á EM í Noregi í janúar.

henry@frettabladid.is

SVERRE JAKOBSSON Ævintýradvöl hans í Þýskalandi lýkur væntanlega næsta sumar og þá stefnir hugurinn heim.

GÓÐUR Jonathan Griffin lék vel með Grindavík gegn Njarðvík í úrslitakeppninni í vor. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

Iceland Express-deild karla:

Framlengt einu sinni enn?

KÖRFUBOLTI Það verður stórleikur í Grindavík í kvöld þegar nágrannarnir úr Njarðvík koma í heimsókn.

Það má búast við æsispennandi leik ekki síst þegar haft er í huga að tveir síðustu deildarleikir liðanna í Röstinni í Grindavík hafa farið í framlengingu sem og annar af tveimur síðustu leikjum liðanna í Ljónagryfjunni í Njarðvík.

Samtals hefur því aðeins munað 11 stigum á liðunum í síðustu fjórum deildarleikjum liðanna, Grindavík vann báða leiki liðanna 2005-06 en Njarðvík vann báða leikina í fyrravetur.

Njarðvík vann undanúrslitaeinvígi liðanna í úrslitakeppninni síðasta vor en það fór alla leið í oddaleik.

Leikur kvöldsins hefst klukkan 19.15 og þá mætast einnig Hamar og ÍR í Hveragerði og Tindastóll tekur á móti Stjörnunni á Króknum. - óój

N1 DEILDARBIKARINN
Í HANDBOLTA
N1
UNDANÚRSLIT KARLA
FÖSTUDAGUR 28. DESEMBER
LAUGARDALSHÖLL
KL 18:30 HAUKAR - VALUR
KL 20:30 STJARNAN - FRAM
ÚRSLITALEIKIRNIR VERÐA SPILAÐIR
LAUGARDAGINN 29. DESEMBER
EITT VERÐ, 1000 KRÓNUR. MIÐINN GILDIR
Á ALLA LEIKI Í N1 DEILDARBIKAR
KARLA OG KVENNA

Gunnar Magnússon, aðstoðarþjálfari HK, spáir um N1-deildarbikarleikina í kvöld:

Haukar og Stjarnan í úrslitin

HANDBOLTI Í kvöld verður leikið í undanúrslitum N1-deildarbikars karla í handbolta þar sem Haukar mæta Val og Stjarnan tekur á móti Fram. Fréttablaðið fékk Gunnar Magnússon, aðstoðarþjálfara HK, til þess að varpa fram sínum spádómum um leiki kvöldsins.

Haukarnir eru á toppi deildarinnar og mæta því Val sem er í fjórða sæti en þetta verður í fjórða skiptið sem liðin leiða saman hesta sína í vetur. Haukar unnu viðureign liðanna í fyrstu umferð N1-deildarinnar og liðin skildu jöfn um miðjan nóvember, en Valur sló svo Hauka út úr átta liða úrslitum Eimskipsbikarsins í byrjun desember. Gunnar spáir jöfnum leik.

„Sagan segir að þetta verði hörkuleikur eins og jafnan þegar þessi lið mætast. Ég held meira að segja að leikurinn fari í framlengingu og verði nógum dramatík og læti í lokin. Ég hallast þó að sigri Hauka að þessu sinni," sagði Gunnar.

Stjarnan og Fram eru í öðru og þriðja sæti deildarinnar og hafa unnið sinn leikinn hvort af viðureignum liðanna í deildinni, Fram vann í Mýrinni og Stjarnan vann í Framhúsinu. Líkt og Haukar og Valur, þá mættust Fram og Stjarnan einnig í átta liða úrslitum Eimskipsbikarsins þar sem Fram hafði betur eftir æsispennandi tvíframlengdan leik. Gunnar spáir því að Fram fari með sigur í leiknum.

„Ég hef heyrt að það sé eitthvað um forföll hjá liðunum og ég held að Fram sé með sterkari liðsheild til þess að höndla það. Þar að auki segir reglan að fyrst að Stjarnan rassskelldi Fram fyrir skemmstu í deildinni, þá fari Fram með sigur af hólmi í næsta leik liðanna," sagði Gunnar að lokum. - óþ

BARÁTTA Sigurbergur Sveinsson verður líklega í eldlínunni hjá Haukum gegn Val í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

ÚRSLITIN Í GÆR

N1 deildarbikar kvenna

Fram-Grótta 29-28 (13-15)

Mörk Fram: Stella Sigurðardóttir 8/1 (12/1), Þórey Rósa Stefánsdóttir 6 (8), Ásta Birna Gunnarsdóttir 5/1 (6/1), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 5 (8), Anett Köbli 3/1 (5), Sara Sigurðardóttir 2 (7), Eva Hrund Harðardóttir 0 (4).
Varin skot: Karen Einarsdóttir 17 (45) 38%
Hraðaupphlaup: 2 (Þórey Rósa 2)
Fiskuð víti: 5 (Sigurbjörg 2, Þórey, Köbli, Eva Hrund). **Utan vallar:** 0 mínútur
Mörk Gróttu: Pavla Plaminkova 11/3 (18/2), Auksé Vysniauskaité 5 (11), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4/2 (6), Eva Björk Hlöðversdóttir 2 (3), Ragna Karen Sigurðardóttir 2 (4), Tatjana Zukovska 2 (5), Karólína Bæhrenz Gunnarsdóttir 1 (1), Arndís María Erlingsdóttir 1 (2).
Varin skot: Íris Björk Símonardóttir 11 (31) 35%, Guðrún Ósk Maríasdóttir 6/1 (15) 40%
Hraðaupphlaup: 3 (Pavla 2, Tatjana)
Fiskuð víti: 7 (Auksé 4, Pavla, Anna, Ragna)
Utan vallar: 2 mínútur

Valur-Stjarnan 30-25 (14-13)

Mörk Vals: Ágústa Edda Björnsdóttir 6, Dagný Skúladóttir 5, Íris Ásta Pétursdóttir 4, Katrín Andrésdóttir 3, Kristín Guðmundsdóttir 3/1, Rebekka Skúladóttir 3, Hildigunnur Einarsdóttir 2, Hafrún Kristjánsdóttir 2/1, Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 2.
Varin skot: Berglind Íris Hansdóttir 20/1.
Mörk Stjörnunnar: Alina Petrache 6, Sólveig Lára Kjærnested 5, Harpa Sif Eyjólfsdóttir 4, Arna Gunnarsdóttir 4/3, Þórhildur Gunnarsdóttir 3, Ásta Agnarsdóttir 2, Elísabet Gunnarsdóttir1.
Varin skot: Florentina Stanciu 11, Helga Vala Jónsdóttir 3.

Enska úrvalsdeildin

Man. City-Blackburn 2-2
1-0 Darius Vassell (27.), 1-1 Roque Santa Cruz (29.), 2-1 Sjálfsmark (30.), 2-2 Santa Cruz (84.).

Ítalski körfuboltinn

Scavolini Pesaro-Lottomatica Roma 88-85
Jón Arnór Stefánsson skoraði 13 stig á 26 mín útum í leiknum þar sjö þeirra í 4. leikhlutanum. Lottomatica vann mínúturnar 26 sem hann var inn á með 9 stigum en tapaði með 12 stigum þegar hann var á bekknum.

Enska úrvalsdeildin í gær:

Santa Cruz jafnaði tvívegis

FÓTBOLTI Blackburn varð fyrsta liðið til þess að ná í stig á heimavelli Manchester City í ensku úrvalsdeildinni í vetur en liðin gerðu 2-2 jafntefli í gær.

Darius Vassell kom City á 27 mínútu með skalla eftir fyrirgjöf Martin Petrov en Paragvæinn Roque Santa Cruz jafnaði tveimur mínútum síðar. Martin Petrov lék aftur stórt hlutverk þegar City komst í 2-1 með sjálfsmarki Ryan Nelsen.

Það stefndi því í heimasigur, þann tíunda í röð, en Roque Santa Cruz skallaði boltann í mark City sex mínútum fyrir leikslok og tryggði Blackburn stig. **- óój**

13 STIG Jón Arnór Stefánsson var einn af bestu mönnum Lottomatica í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lottomatica tapaði í gær:

Jón með fimm síðustu stigin

KÖRFUBOLTI Jón Arnór Stefánsson og félagar í Lottomatica Roma töpuðu þriðja útileiknum í röð í gær þegar liðið lá 88-85 fyrir Scavolini Spar Pesaro.

Jón Arnór byrjaði á bekknum en átti ágæta innkomu, spilaði í 26 mínútur, skoraði 13 stig, fiskaði 6 villur, stal 4 boltum, gaf 2 stoðsendingar og tók 2 fráköst.

Jón Arnór skoraði fimm síðustu stig Lottomatica í leiknum en hann setti niður 6 af 9 skotum sínum utan af velli.

Jón Arnór átti mikinn þátt í endurkomu Lottomatica í fjórða leikhlutanum en liðið vann með níu stigum þær 26 mínútur sem Jón spilaði í leiknum. **- óój**

Valur lagði Stjörnuna í N1-deildarbikarnum í gær:

Berglind skellti í lás

HANDBOLTI Það verða Fram og Valur sem mætast í úrslitum N1-deildarbikars kvenna. Valur lagði Íslandsmeistara Stjörnunnar í Laugardalshöllinni, 30-25.

Valsstúlkur voru betri aðilinn lengstum og áttu sigurinn skilinn en talsvert vantaði af sterkum leikmönnum í bæði lið í gær. Svo mátti Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, gera sér það að góðu að fylgjast með úr stúkunni enda í löngu banni.

Stjarnan tók frumkvæðið snemma í fyrri hálfleik en Valsstúlkur hleyptu Íslandsmeisturunum aldrei langt fram úr sér, náðu þeim fljótlega og leiddu með einu marki í leikhléi, 14-13.

Valsstúlkur mættu mjög grimmar til leiks í síðari hálfleik og náðu fljótt sex marka forystu, 19-13. Stjörnustúlkur neituðu að gefast upp, unnu sig inn í leikinn og með mikilli baráttu og þrautseigju tókst þeim að minnka muninn í tvö mörk, 26-24, þegar sex mínútur voru eftir af leiknum.

Þá skellti Berglind Íris Hansdóttir í lás í Valsmarkinu en hún átti mjög góðan leik í gær. Hlíðarendastúlkur með Ágústu Eddu Björnsdóttur í broddi fylkingar gengu á lagið og kláruðu leikinn örugglega með fimm marka mun, 30-25. **- hbg**

EKKI LENGRA Stjörnustúlkan Elísabet Gunnarsdóttir fær hér harðar mótttökur frá Valskonunum Kristínu Guðmundsdóttur og Drífu Skúladóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Sætt sigurmark hjá Stellu

Stella Sigurðardóttir tryggði Fram dramatískan sigur á Gróttu með marki úr aukakasti eftir að leiktíminn var úti í N1-deildabikar kvenna í gær. Þjálfari Gróttu íhugar afsögn þar sem hann telur sig ekki finna neistann í liðinu.

HANDBOLTI „Ég hafði allan tíman trú á því að ég myndi skora, maður verður að hafa það. Þetta var nú ekkert rosalega opið en ég hafði heppnina með mér," sagði Stella Sigurðardóttir í sigurvímu um sigurmark sitt gegn Gróttu beint úr aukakasti í fyrri undanúrslitaleik N1-deildabikar kvenna í gær. Fram vann leikinn 29-28.

Leikurinn var hraður og skemmtilegur frá fyrstu mínútu. Liðin skiptust á að hafa yfirhöndina og markmenn beggja liða voru í feikna formi. Gróttustúlkur sigu þó fram úr en þar munaði mest um framlag Pövlu Plaminkovu sem raðaði óáreitt inn mörkunum.

Grótta var tveimur mörkum yfir í hálfleik, 15-13, en náði aldrei að hrista baráttuglaðar Safamýrarstúlkur af sér. Fram jafnaði í 18-18 eftir að hafa verið lengi undir og þær komust svo yfir í 23-21. Þá skoraði Grótta fjögur mörk í röð áður en Framstúlkur jöfnuðu enn og aftur.

Glæsilegt sigurmark

Spennan á lokamínútunum var mikil, jafnt var á öllum tölum og Grótta jafnaði metin úr vítakasti þegar 20 sekúndur lifðu leiks. Framstúlkur fóru í sókn og fengu aukakast við skyttustöðuna vinstra megin. Úr aukakastinu skoraði Stella glæsilegt mark við mikla kátínu Framara en Gróttustúlkur sátu eftir með sárt ennið.

„Varnarleikurinn var ekki alveg nógu góður en þetta var frábær leikur og karakterinn hjá okkur stóð upp úr. Þetta var gríðarlega erfitt en rosalega sætt. Við þurfum að spila aðeins betur á laugardaginn en við stefnum klárlega á að vinna þetta mót," sagði Stella sem átti mjög góðan leik í liði Fram en sigurmarkið var eitt af átta mörkum hennar í leiknum.

Eins og sjá má í frétt hér til hliðar þá var Alfreð Örn Finnsson, þjálfari Gróttu, ósáttur í leikslok og íhugar alvarlega að segja af sér sem þjálfari liðsins. Alfreð er á sínu öðru ári með liðið en Grótta er sem stendur í fjórða sæti N1 deildarinnar með 15 stig, sex stigum á eftir toppliði Fram. **- hþh**

SVEKKTUR Alfreð Örn Finnsson, þjálfari Gróttu, var ekki ánægður í leikslok á undanúrslitaleik Gróttu og Fram í Höllinni í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Alfreð Örn Finnsson:

Hættir hann með Gróttu?

HANDBOLTI Alfreð Örn Finnsson, þjálfari Gróttu, var ómyrkur í máli eftir tap Gróttu á móti Fram í undanúrslitum deildarbikarsins.

Honum var greinilega mikið niðri fyrir þegar blaðamaður ræddi við hann og vonleysisglampinn leyndi sér ekki. „Þetta endurspeglar bara hvernig þetta er búið að vera í vetur. Það vantar baráttu og trú og það er einhver værð yfir liðinu sem ég næ ekki að yfirstíga," sagði Alfreð sem íhugar alvarlega að segja af sér.

„Það er búið að taka of langan tíma að finna hvað er að og ég held að það sé best að einhver annar reyni að leysa það. Ég hugsa að það fari þannig. Það vantar liðsanda og neista. Ég er mjög ósáttur með að ná ekki að laða hann fram og ef við getum ekki klárað svona leik er þetta bara rosalega erfitt," sagði Alfreð og neitaði að hann tæki svo sterkt til orða vegna svekkelsisins yfir tapinu. **- hþh**

SVEKKTUR Alfreð Örn Finnsson, þjálfari Gróttu, var ekki ánægður í leikslok á undanúrslitaleik Gróttu og Fram í Höllinni í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tveggja fóta tæklingar hafa verið áberandi í enska boltanum síðustu daga og dómarar ósparir á rauð spjöld:

Brynjar átti ekki skilið að fá rautt spjald

FÓTBOLTI Brynjar Björn Gunnarsson, leikmaður Reading, bættist á annan í jólum í hóp þeirra leikmanna sem hafa fengið rauð spjöld í ensku úrvalsdeildinni fyrir meintar tveggja fóta tæklingar. Steve Coppell, stjóri Reading, var ósáttur við dóminn en talsmaður samtaka atvinnudómara á Englandi, sagði að ekki væri nein sérstök herferð í gangi.

Tveggja fóta tæklingar hafa verið mikið í umræðunni upp á síðkastið í enska boltanum og mennirnir í svörtu hafa verið óhræddir við að halda rauðu spjöldunum hátt á lofti um leið og leikmenn sýna takkana og gildir þá einu hvort nokkur snerting eigi sér stað við mótherja. Meðal þeirra leikmanna sem hafa fengið rautt spjald á undanförnum vikum fyrir tveggja fóta tæklingar eru Ricardo Carvalho, Peter Crouch, Stephen Ireland, Didier Zokora og Brynjar Björn Gunnarsson.

Steve Coppell, knattspyrnustjóri Reading, var ekki par sáttur við rauða spjaldið sem Brynjar Björn fékk að líta fyrir tveggja fóta tæklingu á Hayden Mullins, leikmanni West Ham, í leik liðanna á annan í jólum.

„Ég er á þeirri skoðun að það þurfi að eyða tveggja fóta tæklingum úr enska boltanum, það geta allir verið sammála um það. En í tilviki Brynjars þá var hann eingöngu að reyna að vinna boltann og það var enginn ásetningur í návíginu frá honum. Tveggja fóta tækling er ekki það sama og tveggja fóta tækling og mér fannst Brynjar líða fyrir þessa stefnubreytingu sem virðist nú vera að eiga sér stað hjá dómurum. Fyrir mánuði hefði hann bara fengið að líta gult spjald fyrir vikið og mér finnst að samtök dómara eigi að láta knattspyrnustjóra deildarinnar vita ef um einhverjar stefnubreytingar er að ræða," sagði Coppell.

Talsmaður samtaka atvinnudómara á Englandi sagði í yfirlýsingu að það væri ekkert nýtt að dómarar refsuðu fyrir tveggja fóta tæklingar.

„Dómararnir eru einfaldlega að fara eftir reglum um tveggja fóta tæklingar sem eru ekkert nýjar af nálinni. Þegar leikmenn renna sér af stað í tveggja fót tæklingu hafa þeir ekki stjórn á sjálfum sér þannig að ef þeir lenda á mótherja sínum, boltanum og svo mótherja, eða þá að dómarinn meti það svo að um ásetning sé að ræða, þá fá þeir umsvifalaust að líta rautt spjald. Það er engin sérstök herferð gegn tveggja fóta tæklingum í gangi núna eins og menn hafa verið að segja undanfarið," sagði talsmaðurinn. **- óþ**

RAUTT Brynjar Björn fékk að líta beint rautt fyrir tveggja fóta tæklingu og bættist í hóp manna sem hafa hlotið sömu meðferð frá dómurum undanfarið.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

> **Anne Hathaway**

„Hún er einfaldlega guðdómleg og sem manneskja hefur hún nærri fengið öllu því áorkað sem mig langar til þess að gera," sagði leikkonan unga Anne Hathaway þegar hún lýsti eitt sinn aðdáun sinni á leikkonunni Meryl Streep. Hathaway sést í einu af sínum þekktustu hlutverkum í annarri myndinni um Dagbækur prinsessunnar sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ **FREYR GÍGJA GUNNARSSON ÞYRFTI AÐ FARA Í KIRKJU**

Jólasyndirnar sjö

Jólin eru hátíð ljóss og friðar. Eða það stendur í alþjóðlegri uppskrift að jólahaldinu. Íslensku jólin voru nánast fullkomin, hvítur snjórinn lýsti upp jólanóttina og jólapakkarnir reyndust bæði fleiri og dýrari en oft áður.

En jólin eru líka hátíð syndanna, hátíð lífsstíls sem varla er til eftirbreytni alla aðra daga ársins enda værum við þá örugglega í sömu sporum og þeir hundrað Danir sem fluttir voru á spítala sökum ofáts á aðfangadag. Þrátt fyrir að hinn vestræni heimur sé að fagna fæðingu frelsarans sem síðar dó fyrir syndir mannanna virðist boðskapur hans vera víðsfjarri heimilum hins vestræna heims, sem gleymir sér í ágirnd, ofáti, munúðlífi, hroka, öfund og reiði.

Sjónvarpið kemur sterkt til leiks í sjöundu syndinni, leti. Ófáir hafa nefnilega nýtt sér gott tækifæri til að hneppa frá efstu tölunni á jólabuxunum, hlamma sér niður fyrir framan flatskjáinn og hreyfa hvorki legg né lið eftir að hafa étið ótæpilega af reyktu svíni, dauðum fugli eða jafnvel hreindýrinu sem dró sleða jólasveinsins síðustu kvöldstundina fyrir jól.

Ofátið, ágirndin og letin sameinuðust öll í syndabælinu holdi klæddu, Lazyboy-stólnum. Og kvöldið var fullkomnað þegar horft var á myndbandsupptöku frá beinni útsendingu sjónvarpsstöðvar úr jólamessu Grafarvogskirkju. En þar var hægt að dást að frægja fólkinu sem var stöðugt í mynd og öfundast út í það vegna þess að það var í aðalhlutverki í jólamessunni.



SJÓNVARP Tækniundrið reyndist auðvelt hjálpartæki til að ná fram síðustu dauðasyndinni, leti.

EKKI MISSA AF

18.00 Rumor Has It
STÖÐ 2 BÍÓ

21.15 Live from Abbey Road
SIRKUS

22.35 Lord of War
SJÓNVARPIÐ

22.50 Masters of Horror Lokaþáttur
SKJÁREINN

23.55 The Butterfly Effect
STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

15.30 Kastljós
16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Ungar ofurhetjur
17.55 Snillingarnir
18.20 Þessir grallaraspóar
18.25 Jólamessan Leikin íslensk sjónvarpsmynd sem gerist í samtíma okkar. Textað á síðu 888 í Textavarpi. e.
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Íþróttamaður ársins 2007 Bein útsending frá kjöri íþróttamanns ársins.
20.10 Verstu jól ævinnar (2:3) (The Worst Christmas of My Life) Bresk gamanþáttaröð um hrakfallabálkinn Howard sem ólánið eltir alla jólahátíðina. Lokaþátturinn verður sýndur á laugardagskvöld.
20.45 Dagbækur prinsessunnar 2 (The Princess Diaries 2: Royal Engagement) Mia prinsessa af Genóvíu er orðin 21 árs. Til stendur að hún taki við krúnunni af ömmu sinni en fyrst verður hún að gifta sig.
▶22.35 Vopnasalinn (Lord Of War) Bandarísk bíómynd frá 2005 um efnaðan vopnasala á flótta undan Alþjóðalögreglunni. Leikstjóri er Andrew Niccol og meðal leikenda eru Nicolas Cage, Jared Leto, Ethan Hawke, Ian Holm og Donald Sutherland. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
00.35 Í skugga dauðans (Monster's Ball) Bandarísk spennumynd frá 2001. Leikstjóri er Marc Forster og meðal leikenda eru Billy Bob Thornton, Halle Berry og Heath Ledger. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. e.
02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Date Movie
08.00 Bring It On Again
10.00 Johnson Family Vacation
12.00 Rumor Has It
14.00 Bring It On Again
16.00 Johnson Family Vacation
▶18.00 Rumor Has It Stjörnum prýdd rómantísk gamanmynd með þeim Jennifer Aniston, Kevin Costner, Shirley MacLaine og Mark Ruffalo í aðalhlutverkum.
20.00 Date Movie
22.00 Girl Fever
00.00 Bookies
02.00 The Terminator
04.00 Girl Fever

STÖÐ 2

07.00 Stubbarnir
07.25 Tommi og Jenni
07.50 Kalli kanína og félagar
08.00 Kalli kanína og félagar
08.10 Kalli kanína og félagar
08.15 Oprah
09.00 Í fínu formi
09.15 The Bold and the Beautiful
09.40 Wings of Love
10.25 Homefront (1:18) (e)
11.15 Veggfóður (20:20)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Wings of Love
13.55 Wings of Love
14.40 Bestu Strákarnir (8:50) (e)
15.15 Lífsaugað III (e)
15.55 W.I.T.C.H.
16.18 Batman
16.43 Hvolpurinn Scooby-Doo
17.03 Cubix
17.28 The Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.50 Ísland í dag
19.35 The Simpsons (9:22)
20.00 Friends
20.25 Hot Shots! (Flugásar)
21.50 Die Hard With a Vengeance (Á tæpasta vaði III) Háspennumynd með Bruce Willis, Jeremy Irons og Samuel L. Jackson í helstu hlutverkum. Lögreglumaðurinn John McClane hefur lent í ýmsum svaðilförum en nú er sótt að honum úr óvæntri átt.
▶23.55 The Butterfly Effect Dulmagnaður vísindatryllir með Asthon Kutcher í sínu fyrsta „alvarlega" hlutverki. Hann leikur ungan ofurnæman mann sem allt frá æskuárum hefur haft þá hæfileika að geta lokað fyrir óþægilegar minningar. Nú þegar hann er orðinn fullorðinn hefur hann fundið leið til að rifja upp þessar glötuðu minningar og beitir yfirskilvitlegum kröftum, óreiðukenningunni og fiðrildaáhrifunum til að breyta lífi sínu.
01.45 Warriors of Heaven and Earth
03.45 Balls of Steel (4:6)
04.20 Hot Shots!
06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tíví

SÝN besta sætið

16.45 Gillette World Sport 2007
17.15 NFL - Upphitun
17.45 Ali's Dozen Í þessum þætti númer tvö um Muhammad Ali verður farið yfir sögulegustu og mikilvægustu augnablikin á hnefaleikaferli hans.
18.35 Íslenska landsliðið Þáttur þar sem rætt er um stöðu íslenska landsliðsins í knattspyrnu.
19.35 Íþróttamaður ársins 2007 Bein útsending frá krýningu íþróttamanns ársins árið 2007.
20.15 World's Strongest Man 1989
21.15 Bardaginn mikli (Muhammad Ali - Joe Frazier)
22.10 Heimsmótaröðin í póker
23.00 Heimsmótaröðin í Póker 200
23.50 Íþróttamaður ársins 2007
00.30 NBA körfuboltinn Bein útsending frá leik San Antonio Spurs og Toronto Raptors í NBA körfuboltanum.

SÝN 2

07.00 Man. City - Blackburn
14.55 Man. City - Blackburn
16.35 Sunderland - Man. Utd.
18.15 Derby - Liverpool
19.55 Premier League World (Heimur úrvalsdeildarinnar)
20.25 Ensku mörkin Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
21.20 Enska úrvalsdeildin - Upphitun Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.
21.50 PL Classic Matches Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
22.20 PL Classic Matches
22.50 1001 Goals Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
23.50 Enska úrvalsdeildin - Upphitun

SKJÁREINN

08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.00 Vörutorg
17.00 7th Heaven (e)
17.45 Dr. Phil
18.30 The Drew Carey Show (e)
19.00 The Truth About Size Zero (e) Einstakur þáttur með bresku sjónvarpskonunni Louise Redknapp þar sem hún kannar hvað konur þurfa að leggja á sig til að megra sig og líta út eins og þvengmjóar fyrirsætur. Louise lagði líkama sinn í þetta verkefni í einn mánuð og leitaði til einka-þjálfara stjarnanna í Hollywood og var undir stöðugu eftirliti hjá næringarfræðingi sem fylgdist með öllum hættunum og aukaverkunum sem fylgja slíkum megrunarkúrum.
20.00 Charmed (20:22) Ímyndaður vinur Wyatts litla er í raun og veru djöfull með það að markmiði að gera hann vondan.
21.00 Survivor - lokaþáttur
22.00 Law & Order. Criminal Intent - lokaþáttur Það er komið að lokaþættinum og Logan og Barek rannsaka morð á ríkum hjónum sem voru barin til bana á heimili sínu. Sonur þeirra, sem er dópisti, liggur undir grun en það eru fleiri sem koma til greina.
▶22.50 Masters of Horror - lokaþáttur Það er komið að síðustu hrollvekjunni og nú er það leikstjórinn Norio Tsuruta sem gerði m.a. myndirnar Ringu 0: Bâsudei og Premonition sem spreytir sig. Jack er bandarískur lögfræðingur sem starfar í Tokyo. Hann fellur fyrir eiginkonu mikilvægasta skjólstæðings síns. Þegar skjólstæðingurinn býður honum í siglingu er voðinn vís.
23.40 Backpackers - lokaþáttur
00.05 C.S.I. Miami (e)
01.05 Skrekkur (e)
03.05 C.S.I. Miami (e)
03.50 C.S.I. Miami (e)
04.35 Vörutorg
05.35 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.50
Hot Shots!

Sígild og kexrugluð grínmynd um orrustuflugmanninn Sean Harley sem er varasamur náungi og hefur af litlu að státa, nema ef vera skyldi útlitinu. Faðir hans var mesti hrakfallabálkur flughersins og Sean verður að bæta um betur. Aðalhlutverk: Charlie Sheen, Cary Elwes, Lloyd Bridges, Valeria Golino. Leikstjóri er Jim Abrahams.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Íþróttamaður ársins 2007
Sjónvarpið og Sýn kl. 19.35

Í kvöld verður krýndur íþróttamaður ársins 2007 við hátíðlega athöfn á Grand hóteli Reykjavík. Eftirtaldir íþróttamenn geta hlotið hnossið: Birgir Leifur Hafþórsson, Eiður Smári Guðjohnsen, Guðjón Valur Sigurðsson, Jón Arnór Stefánsson, Margrét Lára Viðarsdóttir, Ólafur Stefánsson, Ragna Ingólfsdóttir, Ragnheiður Ragnarsdóttir, Snorri Steinn Guðjónsson og Örn Arnarson.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
08.00 Morgunfréttir
09.05 Óskastundin
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Sagnaslóð
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Með gleðiraust og helgum hljóm
15.03 Útvarpssagan: Færeyingar
15.30 Dr. RÚV
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Pollapönk
20.30 Tímakornið
21.10 Á söguslóðum Aðventu
22.10 Veðurfregnir
22.15 Litla flugan
23.00 Kvöldgestir
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

16.00 Hollyoaks
16.30 Hollyoaks
17.00 Skífulistinn
17.50 Totally Frank Spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn.
18.15 Live From Abbey Road (8:12) (e)
19.00 Hollyoaks
19.30 Hollyoaks
20.00 Skífulistinn
20.50 Totally Frank
▶21.15 Live From Abbey Road (8:12) (e) Heimsfrægir tónlistarmenn flytja þrjú lög á milli þess sem þeir spjalla um tónlist sína og lífið. Fjölbreytnin er mikil og meðal gesta eru: Josh Groban, Massive Attack, Iron Maiden, Muse, Red Hot Chili Peppers, Jamiroquai, Damien Rice, Richard Ashcroft, Gipsy Kings, Norah Jones og Paul Simon.
22.00 Numbers (11:24)
22.45 Silent Witness (8:10)
23.40 28 Days Later Hrollvekjandi kvikmynd um atburði sem ógna tilvist jarðarbúa. Fyrir 28 dögum varð óhapp á rannsóknarstofu í Lundúnum. Í kjölfarið sýktust íbúar borgarinnar af stórhættulegum vírusi. Hinir smituðu eru gripnir drápsæði og eira engu. Vírusinn breiðist hratt út um heimsbyggðina og endalokin virðast nærri. Enn er þó fámennur hópur fólks í Lundúnum sem hefur sloppið við vírusinn. Fram undan er því barátta upp á líf og dauða. 2002. Stranglega bönnuð börnum.
01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

iNN

20.00 Reynslunni ríkari Ásdís Olsen fær Erlu Ólafsdóttur í heimsókn. Erla er sérfræðingur í höfuðbeina og spjaldhryggjarmeðferð.
21.00 Reynslunni ríkari Davíð Stefánsson ljóðskáld er gestur Ásdísar Olsen og veitir henni innsýn í heim ljóðlistar og ljóðrænnar heimspeki.

DR 1

11.35 Doctor Who **12.20** Sarte roser **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** OBS **14.05** DR1 Dokumentaren: Matador - for fuld musik... **15.05** Sketch show **15.15** Dudley Dydsmønster 16.30 Fredagsbio Julespecial **17.00** Radiserne **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** aHA **20.00** TV Avisen **20.30** Bridget Jones' dagbog **22.05** Præsidentens mand **23.45** Deliver Us From Eva **1.25** Brændpunkt

NRK 1

13.00 Tour de Ski **14.10** Fia og klovnene **15.50** Newton **16.20** Oslo Horse Show: Fest med hest **16.50** Oddasat - Nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Postmann Pats magiske jul **17.25** Ugla **17.30** Energikampen 2007 **18.00** Dagsrevyen **18.30** Julenøtter **18.45** Norge rundt **19.15** Beat for beat **20.15** Jul på Saltön **21.15** Løsning julenøtter **21.20** Miss Marple: Sittaford-mysteriet **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Miss Marple: Sittaford-mysteriet **23.15** En konsert med Dionne Warwick **0.10** Usett **0.35** Jukeboks: Country **3.00** Jukeboks: Dansefot

SVT 1

11.35 Hard Talk **12.05** Jan och kronhjorten **12.20** Videokväll hos Luuk **13.05** Gigi **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Turist i Tanzania **16.30** Anslagstavlan **16.35** Hos musse **17.00** BoliBompa **17.25** Krumelurdjur **17.30** Evas superkoll **17.40** Fåret Shaun **17.45** Dr Dogg **17.50** Meka med Knäck **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Pyramiden **21.30** Du har mail **23.25** Rapport **23.35** Rio Bravo

LÖGIN VIÐ VINNUNA

„Við höfum auðvitað söngstundir á leikskólanum og þá er alltaf byrjað á laginu Í leikskóla er gaman. Þessa dagana er lagið Hesta Jói með Klaufunum vinsælast.“

Kristín Dís Kristjánsdóttir, starfsmaður á leikskóla.

Plötusnúður handtekinn í pissupásu

„Þetta var eiginlega bara fyndið,“ segir plötusnúðurinn Árni Sveinsson, sem var handtekinn fyrir þvaglát á almannafæri seint á Þorláksmessukvöld. Árni var þá við störf á skemmtistaðnum Prikinu, en brá sér út til að létta á sér þar sem röðin á klósettin var lengri en svo að hann hefði tíma til að bíða í henni.

„Ég var að létta á mér þegar þessi lögreglubíll kemur með þvílíku offorsi,“ útskýrir Árni, sem segist fyrst hafa haldið að um grín væri að ræða. Í bílnum voru að sögn Árna þrír lögreglumenn, „tveir nýir strákar og einn gamall jaxl. Sá var rosa harður og mér sýndist að þessum tveimur ungu væri hálfbrugðið,“ segir Árni.

Árni segist aðspurður hafa sagt lögreglumönnunum að hann ætti erfitt með að koma með þeim, og reyndi að skýra mál sitt. „Þeir gáfu mér ekki færi á því, heldur skelltu mér bara í járn og tilkynntu að ég væri hér með handtekinn,“ segir Árni. „Þetta var mjög súrrealískt. Þeir sögðu meira að segja við mig að ég mætti alveg fara út að pissa, en þetta væri of augljós staður. Hefði staðarvalið verið betra hefði ég sem sagt ekki verið handtekinn,“ bætir hann við. Við tók ferð upp á lögreglustöð og skýrslutaka, og segist Árni hafa verið sektaður um tíu þúsund krónur.

Þó að Árna finnist hrakfarirnar helst efni í góða jólasögu finnst honum þó einnig eitthvað bogið við aðfarirnar. „Á meðan þeir vörðu starfskröftum þriggja lögreglumanna í að slást við mig hefði alveg eins getað verið hópnauðgun niðri á Hallærisplani,“ segir Árni. „Ég hef alveg samúð með því að þeir séu undirmannaðir og fái ekki frið til að vinna fyrir einhverjum ölvuðum hálfvitum niðri í bæ. Aftur á móti eru þeir engir snillingar í mannlegum samskiptum. Þeir eru frekar snillingar í því að vera eins og flílar í kristalsbúð,“ segir hann og hlær. - sun

PLÖTUSNÚÐUR Í KLÍPU Árni Sveinsson var við störf á Prikinu á Þorláksmessukvöld þegar hann brá sér út fyrir til að létta á sér, og var handtekinn í kjölfarið.



LÁRÉTT
2. eyja í Asíu **6.** samtök **8.** mál **9.** forsögn **11.** tveir eins **12.** kál **14.** kölski **16.** hróp **17.** traust **18.** strit **20.** 49 **21.** óskipulag.

LÓÐRÉTT
1. fíkniefni **3.** bardagi **4.** þjappari **5.** einkar **7.** fíflalæti **10.** spíra **13.** sigað **15.** ekkert **16.** hljóðfæri **19.** átt.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. Java, **6.** aa, **8.** tal, **9.** spá, **11.** ll, **12.** salat, **14.** satan, **16.** óp, **17.** traf, **18.** bis, **20.** il, **21.** ólag.
LÓÐRÉTT: 1. hass, **3.** at, **4.** valtari, **5.** all, **7.** apaspil, **10.** ála, **13.** att, **15.** núll, **16.** óbó, **19.** sa.

VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Jón Ásgeir Jóhannesson.
2. Police.
3. Scott Skiles.

SIGURJÓN KJARTANSSON: HANDRITSKÓNGUR ÍSLANDS

Metár í gerð sjónvarpsefnis

Níu handrit að leiknum sjónvarpsþáttum fengu styrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands nú í desember en það er helmingsfjölgun frá undanförnum árum. Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar, segir þetta glöggt merki um að mikill uppgangur sé í framleiðslu leikins efnis fyrir sjónvarp.

Að sögn Laufeyjar hefur sjónvarpssjóðurinn hækkað töluvert sem gerir Kvikmyndamiðstöðinni kleift að taka þátt í gerð leikinna þáttaraða í enn meira mæli. „Og hann mun halda áfram að hækka töluvert til ársins 2010 þannig að þetta er bara rétt að byrja,“ segir Laufey. Bæði RÚV og Stöð 2 hafa látið í veðri vaka að þær ætli að hella sér af verulegum krafti út í leikið íslenskt efni og þá er augljóst að samningurinn umdeildi sem RÚV gerði við Björgólf Guðmundsson hefur hleypt nýju blóði í sjónvarpsþáttaframleiðslu.

Meðal þeirra þáttaraða sem hlutu styrk er Rannsóknardeildin en það eru þeir Sigurjón Kjartansson og Ævar Örn Jósepsson auk Margrétar Örnólfsdóttur sem skrifa handritið að henni. Þáttaröðin er byggð á bókum Ævars Arnar og verður tekin til sýninga á RÚV á næsta ári. Auk þess má sjá nöfn þeirra Ragnars Bragasonar, Nínu Daggar Filippusdóttur og Unnar Aspar Stefánsdóttur, sem fá styrk fyrir þáttaröðina Fangar, og þær Kristín Helga Gunnarsdóttir og María Pálsdóttir fá einnig handritsstyrk fyrir Fíasól sem byggð er á vinsælum barnabókum. Þá fá Hugleikur Dagsson og Arnar Jónasson styrk fyrir Grafin öxi og Ragnar Hansson fyrir Gríma GK.

Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum verða tvær nýjar sjónvarpsþáttaraðir frumsýndar á næstunni. Annars vegar Pressa á Stöð 2 sem hefur göngu sína 30. desember og hins vegar Mannaveiðar á RÚV. Stöð 2 hefur þegar tilkynnt um tvær nýjar þáttaraðir; Dagvaktina, sjálfstætt framhald hinnar geysivinsælu Næturvaktar, og Sylgju, en handritið að þeirri þáttaröð er unnið af þeim Silju Hauksdóttur, Ilmi Kristjánsdóttur og Sigurjóni Kjartanssyni. Auk þess er Stöð 2 með í bígerð nýjan sakamálaþátt sem títtnefndur Sigurjón skrifar einnig handritið að ásamt Margréti Örnólfsdóttur, Maríu Reyndal og Kristni Þórðarsyni.

freyrgigja@frettabladid.is

SIGURJÓN KJARTANSSON

MIKILL UPPGANGUR Í GERÐ SJÓNVARPSEFNIS

Sigurjón Kjartansson kemur að skrifum þriggja sakamálaþáttaraða sem eiga að fara í framleiðslu á næstunni auk gamanþáttaraðar. Kristín Helga Gunnarsdóttir vinnur að gerð handrits eftir barnabókum sínum um Fíasól og Margrét Örnólfsdóttir er í handritsteymi Rannsóknardeildarinnar sem byggð er á bókum Ævars Arnar Jósepssonar.

MARGRÉT ÖRNÓLFSDÓTTIR TÓNLISTARMAÐUR

KRISTÍN HELGA GUNNARSDÓTTIR

FRÉTTIR AF FÓLKI

Jólasýning Þjóðleikhússins, frumsýnd annan í jólum, er einn af hápunktum leikársins. Að þessu sinni var á fjölum stóra sviðsins athyglisverð leikgerð **Baltasars Kormáks** á verki Tsjekhovs – Ívanoff. Ráðherrarnir **Geir H. Haarde** og **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir** voru meðal gesta auk **Kára Stefánssonar**. Spunnust spaklegar umræður um verkið í hléi, bæði í Gyllta salnum sem og á barnum í Þjóðleikhúskjallaranum. En heldur sló á ánægju þeirra kvenna sem vildu bregða sér á salernið í kjallara hússins þegar kom í ljós að þar var enginn klósettpappír. Þurftu þær því að brölta prúðbúnar á háum hælum og galakjólum á salernið uppi, misstu af mikilvægum mínútum í hinum ágæta selskap og hugsuðu **Tinnu Gunnlaugsdóttur** þjóðleikhússtjóra þegjandi þörfina.

Fyrir skömmu birtist í Kastljósi viðtal við Skagakonuna **Valdísi Einarsdóttur**, margfaldan sigurvegara í piparkökuhúsakeppni Kötlu. Þar sýndi Valdís nýjasta meistaraverk sitt og framlag sitt til keppninnar í ár, nákvæma eftirlíkingu af Fríkirkjuvegi 11 - húsinu sem fjárfestingarfélag **Björgólfs Thors Björgólfssonar**, Novator, keypti fyrir 600 milljónir króna snemma á þessu ári. **Kristín Ólafsdóttir**, kona Björgólfs, mun hafa verið ein þeirra mörgu sem hreifst af piparkökuhúsinu í þættinum. Sagan segir að hún hafi jafnvel haft áhuga á að festa kaup á því þótt ekki hafi verið gengið frá þeim kaupum ennþá. Úrslitin í keppninni voru kunngjörð skömmu fyrir jól og þótti hús Valdísar hafa borið þar af öðrum.

- jbg/sók

Tarantino mættur til landsins

Bandarískur Óskarsverðlaunahafinn Quentin Tarantino kom til landsins snemma í gærmorgun með morgunflugi Icelandair frá New York. Með í för er félagi hans, hryllingsmyndaleikstjórinn Eli Roth. Þeir hyggjast verja síðustu dögum ársins 2007 hér á landi. Þetta er í annað sinn sem Tarantino er um áramót á Íslandi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var athafnamaðurinn Eyþór Guðjónsson mættur út á Keflavíkurflugvöll árla dags og sótti þá félaga og ferjaði þá yfir á Nordica hótel en Eyþór var meðal framleiðenda kvikmyndarinnar Hostel II og lék eitt aðalhlutverkanna í fyrri myndinni. Tarantino og Roth lögðu sig eftir langa flugferð á hótelherbergjum sínum en voru síðan mættir galvaskir í World Class strax eftir hádegi. Og fór kliður um salinn þegar stórstjarnan gekk inn en leikstjórinn þótti vel í holdum eftir allt jólaátið.

MÆTTUR ENN OG AFTUR Quentin Tarantino ætlar að verja síðustu dögum ársins á Íslandi. Með í för er leikstjórinn Eli Roth en Eyþór Guðjónsson er leiðsögumaður þeirra hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hefur þessi heimsókn verið í burðarliðnum í dágóðan tíma. Tarantino varði áramótunum hér fyrir tveimur árum. Þá aflaði hann sér reyndar nokkurrar óvildar þegar hann mætti skömmu síðar í spjallþátt Conans O'Brian og fór mikinn um íslenskt næturlíf og ekki síst íslenskt kvenfólk, sem leikstjórinn sagði að drykki meira en hörðustu drykkjuhrútar. Félagarnir ætla að vera hér fram á nýársdag en þá fljúga þeir aftur heim til New York.

- fgg

S·K·Í·F·A·N

ALLIR GEISLADISKAR, DVD OG TÖLVULEIKIR

MEÐ 20% AFSLÆTTI

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

Sími: 552-1900 Vesturgata 6-8

Veitingahúsið Kínamúrinn

Veisluþjónusta - Hlaðborð - Pinnaveisla - Sushi - Tilboð
Stór glæsilegur útsölumarkaður af Jólagjafavörum
11:30-18:30 þri.-sun.
Allar nánari upplýsingar á **Greatwall.is**

BAKÞANKAR
Bergsteins Sigurðssonar

Limbó

DAGARNIR milli jóla og nýárs eru indælir en um margt furðulegir. Á kaffihúsum er ekki þverfótað fyrir fólki sem ákvað að taka sér frí frá vinnu til að gera það sem það hafði ekki tíma til að gera allt árið, en veit síðan ekki alveg hvað var þegar á hólminn er komið. Það virðist svo smávægilegt að það stappar nærri óvirðingu að taka bílskúrinn í gegn þegar jafn dramatískir atburðir og áramót standa fyrir dyrum. Í mörgum tilfellum er þrautalendingin sú að eyða eftirmiðdegi á Kaffitári á virkum degi; fá nasasjón af hversdagslífi tónlistarmanna, rithöfunda, leikstjóra og annarra úr hinum bæheimsku stéttum, sem hafa af því er virðist ekkert betra við virka daga að gera.

MILLI jóla og nýárs fyllast búðirnar af fólki í óhefðbundnum erindagjörðum, í stað þess að kaupa er það komið til að skila vörum sem það hefur ýmist lesið áður, passar ekki í eða kann ekki við lyktina af. Þetta er líka tíminn sem maður leyfir sér að drekka dýrt koníak, vonandi í boði betur staddra ættingja í einhverju fjölskylduboðinu, nema auðvitað að svo illa sé fyrir manni komið að vera betur staddi ættinginn sem býður heim.

ÞETTA er eini tími ársins þar sem hægt að sjá tvær íslenskar myndir í sjónvarpinu á sama kvöldi. Í auglýsingatímanum á milli þeirra ræður ríkjum fólk sem er fingri eða hornhimnu fátækara en aðrir; andar liðinna áramóta sem vara okkur hin við að halda of lengi á logandi ýlu eða fara í störukeppni við tívolíbombu. Ótvíræður vitnisburður um hvað getur orðið um löngutöng þegar henni er veifað framan í skynsemina.

DAGARNIR milli jóla og nýárs einkennast af togstreitu eftirsjár og tilhlökkunar; þeir minna dálítið á dyragáttir bókabúðanna á sumrin, sem breytast í vinsælan áningarstað ferðamanna með fyrirferðarmikla bakpoka sem geta ekki gert upp við hvort þeir eiga að vera inni eða úti. Í gang fer ferli sem hefst á endurliti sem leiðir til uppgjörs og þróast í fyrirheit um nýtt og betra ár laust við mistökin frá árinu á undan. Þetta er púðrið í nýársheitinu sem er tendrað á gamlárskvöld en logar í besta falli fram á vordaga áður en það springur. En það er allt í lagi, það kemur alltaf annað ár.

GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 28. desember, 362. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	11.22	13.29	15.36
Akureyri	11.37	13.14	14.51

Heimild: Almanak Háskólans

Borðstofusett:
Eikarborð 200cm og 6 Dyon-stólar
Útsöluverð: 134.400 kr.

Glerskápur:
Útsöluverð: 119.000 kr.

Sófi: 4ra sæta – Útsöluverð 111.300 kr.
3ja sæta – Útsöluverð 89.600 kr.

Stóll: Útsöluverð 54.600 kr.

Duncan-stóll:
Útsöluverð 33.600 kr.

Skemill:
Útsöluverð 10.500 kr.

Sófi: 4ra sæta – Útsöluverð 59.200 kr.
3ja sæta – Útsöluverð 49.600 kr.

Stóll: Útsöluverð 34.000 kr.

Duncan-stóll:
Útsöluverð 33.600 kr.

Borðstofusett:
Borð 200cm og 6 Dyon-stólar
Útsöluverð 79.800 kr.

Glerskápur:
Útsöluverð 65.400 kr.

ÚTSALAN ER HAFIN!
Allt að 60% afsláttur

Opið föstudag og laugardag kl. 10-18, sunnudag kl. 13-18 og mánudag kl. 10-13

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

Nánari upplýsingar um útsöluvörur og útsöluverð eru á www.tekk.is

FABRIKAN